birta

**LOGI ÓLAFSSON**

*Flautað til leiks*

• matur • tíska • tíðarandi

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




**HARPA HARÐARDÓTTIR SÖNGKONA**

*Bakar brauðið heima*

• Matur • Tilboð • Langur laugardagur

**allt Í MIÐJU BLAÐSINS**




**ÁRNI JOHNSEN**

*Tekur þátt í nýjum raunveruleikaþætti*

Kemur sér í gott form á skjánum

**FÓLK 54**



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. september 2006 — 234. tölublað — 6. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

## FÖSTUDAGUR

### Það besta á ferlinum



Beyoncé er full sjálfs-trausts yfir nýju plöt-unni sem kemur út á mánudag.

**FÓLK 40**

### Magni er helmingi betri en ég

Björgvin Jóhann Hreiðarsson hætti í hljómsveitinni Á móti sól til að eyða meiri tíma með fjölskyldunni.

**FÓLK 54**

### Bjólfskviða komin heim



Heilu rúturnar af stelpum komu til að sjá myndina í Bandaríkjunum, segir Sturla Gunnarsson leikstjóri.

**FÓLK 44**

### Stórstjörnur á Laugardalsvellinum



Íslenska U-21 landsliðið í knattspyrnu mætir Ítölum í kvöld en þjálfarar liðsins eru kapparnir Pierluigi Casiraghi og Gianfranco Zola.

**ÍÞRÓTTIR 50**

## VEÐRIÐ Í DAG




**MILT Í BORGINNI** - í dag verður fremur stíf norðaustanátt norðvestan og vestan til, annars hægari. Skúrir norðan og austan til en skýjað með köflum syðra. Hiti 8-16 stig, hlýjast til landsins sunnan og suðvestan til.

**VEÐUR 4**

**> SIRKUS**

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**




# Hálfs milljarðs halli hjá Landspítalanum

**Sex mánaða uppgjör Landspítalans sýnir mikinn halla umfram áætlun. Óhagfelld gengisþróun og þensla í efnahagslífinu eru aðalástæðurnar. Stjórnendur spítalans hafa farið fram á aukin fjárframlög frá heilbrigðisyfirvöldum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Vel á fimmta hundrað milljóna króna halli er á rekstri Landspítalans eftir fyrstu sex mánuði ársins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Mat stjórnenda spítalans að loknu fimm mánaða uppgjöri var að halli spítalans myndi hækka verulega á næstu mánuðum nema gripið yrði til sérstakra sparnaðaraðgerða. Gengisþróun og mannekla eru helstu orsakir rekstrarhallans, sem var um áttatíu milljónir fyrir sama tímabil árið 2005.

Launagjöld LSH, sem eru stærsti kostnaðarliðurinn, hafa hækkað um 3,9 prósent umfram rekstraráætlun, eða um fjögur hundruð milljónir. Aðrir þættir sem hafa mikil áhrif á rekstrarútkomuna eru að vörukaup og annar rekstrarkostnaður eru 3,8 prósentum yfir áætlun og S-merkt lyf eru 9,1 prósenti yfir áætlun. Landspítalinn kaupir rekstrarvöru fyrir rúma níu milljarða á ári og þar eru 55 prósent samkvæmt gengisháðum samningum, eða rúmir fimm milljarðar króna. Kostnaður við S-merkt lyf er 75 milljónum hærri og annar rekstrarkostnaður 147 milljónum umfram rekstraráætlun. Frekari skýringa er að leita í auknum komum á dagdeildir, eða um þrjú þúsund, og legudögum fjölgaði um 3.600. Komum á slysa- og bráðamóttökur spítalans fjölgaði einnig um fjögur prósent á fyrstu sex mánuðum ársins.

Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir nær óbreyttum rekstrarkostnaði LSH sjöunda árið í röð en sífellt aukin starfsemi og þensla í efnahagslífinu eru talin gera slíkt mjög óraunhæft. Talið er sýnt að fjárþörf spítalans sé mikil ef ekki eigi að koma til niðurskurðar á þjónustu.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra staðfesti við Fréttablaðið 11. júlí síðastliðinn að LSH hefði óskað eftir auknu fjármagni. Þá hafði Siv þetta um málið að segja: „Við höfum verið að fara yfir þær óskir og þá forgangsröðun sem þar kemur fram. Það er ekki hægt að opinbera fjárlagatillögurnar fyrr en fjárlagafrumvarpið verður lagt til í byrjun þings í haust.“ **- shá**



**GENGIÐ TIL GÓÐS** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri virtist ekki vera með það á hreinu í hvorn fótinn hann ætti að stíga í Kringlunni í gær. Hann var meðal fjölda þjóðþekktra manna og kvenna sem fóru úr skóm og mörkuðu spor sín í landsöfnun Rauða krossins vegna verkefna í sunnanverðri Afríku. Söfnunin fer fram laugardaginn 9. september. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þórólfur Árnason fer í mál vegna vanefnda á kauprétti á hlutabréfum:

# Í mál við Icelandic Group

**DÓMSMÁL** Þórólfur Árnason, fyrrverandi borgarstjóri og núverandi forstjóri Skýrr, hefur höfðað mál á hendur Icelandic Group vegna vanefnda á kauprétti á hlutabréfum, á þeim tíma sem hann var forstjóri félagsins. Þórólfur gegndi stöðu forstjóra frá 31. maí í fyrra til 13. október sama árs.

Kristinn Bjarnason, sem flytur málið fyrir hönd Þórólfs, segir hann hafa boðist til þess að leysa málið fyrir gerðardómi. „Í samningi var gert ráð fyrir því að hægt væri að fara með málið fyrir gerðardóm. Þórólfur var tilbúinn til þess að fara þá leið en forsvarsmenn Icelandic Group vildu fara með málið fyrir dómstóla,“ sagði Kristinn.



**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON** Þórólfur var forstjóri Icelandic Group í rúma fjóra mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Icelandic Group hefur farið fram á það að málinu verði vísað frá en málflutningur vegna frávísunarkröfunnar fer fram 20. september í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Arnar Þór Jónsson, lögmaður Icelandic Group, segir það mat félagsins að dómskrafan sé ekki dómhæf. „Gerð er krafa um frávísun málsins og fram að þeim tíma sem málið verður flutt verður það undirbúið af hálfu félagsins. Við teljum kröfuna ekki dómhæfa og munum færa rök fyrir því fyrir dómi,“ sagði Arnar Þór. **- mh**



**ICELANDAIR** Sextán fastráðnum flugmönnum verður sagt upp til viðbótar við 44 sem hafði verið sagt upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Uppsagnir hjá Icelandair:

# 61 flugmanni alls sagt upp

**FLUG Sextán fastráðnum flugmönnum Icelandair verður sagt upp um mánaðamótin til viðbótar þeim fjörutíu og fjórum flugmönnum sem var sagt upp um síðustu mánaðamót. Þar af voru nítján fastráðnir en tuttugu og fimm ráðnir tímabundið. Þá hefur 61 af rúmlega 300 flugmönnum félagsins verið sagt upp í sumar. Formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, Halldór Þ. Sigurðsson, segir ástæðuna sem gefin er vera verkefnaskort. Hann segir hljóðið í flugmönnum afar þungt. Þeir fastráðnu flugmenn sem nú fá uppsagnarbréf sín eru þeir sem hafa stystan starfsaldur hjá fyrirtækinu. - shá**

Misheppnað rán:

# Þjófar í árekstri

**DANMÖRK** Peningarán tveggja manna nærri Árósum í Danmörku fór heldur betur út um þúfur í gær, kemur fram á fréttavef Politiken.

Mennirnir byrjuðu á því að ræna fé úr brynvörðum bíl um hádegisbilið, fluttu féð yfir í bíl sinn og óku á brott. Í nærliggjandi undirgöngum skiptu þeir um farartæki og héldu flóttanum áfram á mótorhjóli, en þá fór ekki betur en svo að heilmikið af fénu losnaði úr pakkningunum þegar litahylki sprakk og fuku litaðir peningaseðlar um allan veg.

Þeir þutu áfram á mótorhjólinu en beint í veg fyrir járnbrautarlest. Þjófarnir voru fluttir á slysavarðsstofu, en ekki fengust upplýsingar um hversu alvarleg meiðsli þeirra voru. **- smk**

Fagleg og lögleg þjónusta í boði



Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

**SPURNING DAGSINS**



*Þorvaldur, er Trabant ekki nógu hentugur fjölskyldubíll?*

„Hann er full eldfimur fyrir minn smekk.“

Þorvaldur Gröndal, trommuleikari Trabant, sagði skilið við hljómsveitina á dögunum. Helsta ástæða þess að hann yfirgefur skútuna ku vera sú að hann varð pabbi í janúar síðastliðnum. Hann segir skilnaðinn vera í mesta bróðerni.

Steingrímur J. Sigfússon var óánægður með að fá ekki að fara í Kastljósið og sendi sjónvarpsstjóra bréf:

# Kastljósið leyfði Valgerði að tala einni

**UMFJÖLLUN** Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra og fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, staðfestir að hún hafi óskað eftir því að mæta ein í Kastljósþátt Ríkissjónvarpsins síðastliðið miðvikudagskvöld. „Mér fannst þetta eðlileg ósk að minni hálfu. Það var sótt hart að mér í þættinum og ég gerði grein fyrir mínum sjónarmiðum. Ég veit að Steingrímur er tapsár maður og nú vill hann leiða athyglina frá málefninu sjálfu,“ sagði Valgerður.

Ritstjóri Kastljóss, Þórhallur Gunnarsson, staðfesti í fréttatilkynningu að hann hefði orðið við beiðni Valgerðar en hún óskaði eftir því að mæta ein í Kastljósþáttinn. Þar ræddi Kristján Kristjánsson þáttastjórnandi við Valgerði um meðferð athugasemda Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings vegna Kárahnjúkavirkjunar. Í fréttatilkynningu segir Þórhallur þáttastjórnendur hafa reynt árangurslaust fram eftir degi að fá Valgerði til þess að fallast á það að mæta Steingrími í þættinum, en án árangurs.

Í opnu bréfi til Páls Magnússonar útvarpsstjóra spyr Steingrímur J. Sigfússon hvort hann telji réttlætanlegt að „sumir stjórnmálamenn geti með þessum hætti skilyrt og stýrt þátttöku sinni í umræðum um þjóðmál á ykkar vettvangi.“

Páll Magnússon útvarpsstjóri segir í fréttatilkynningu að stóryrt bréf Steingríms, þar sem meðal annars er talað um að „Ríkisútvarpið skuli þjóna valdinu með þessum hætti“, finnist honum „sannast sagna vera broslega verðbólgin notkun á orðum.“ - mh



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



**BÖRNIN INN** Börn yngri en tólf ára eiga að vera komin inn klukkan átta.

Foreldrar fylgist með börnum:

## Útivistartíminn styttist í dag

**LÖGREGLA** Lögreglan í Reykjavík vill minna foreldra á að útivistartími barna og unglinga tekur breytingum í dag, eins og venjan er hinn 1. september. Frá þeim tíma mega tólf ára börn og yngri ekki vera lengur úti en til klukkan átta á kvöldin, í staðinn fyrir klukkan tíu yfir sumartímann. Útivistartími þrettán til sextán ára unglinga skerðist sömuleiðis um tvær klukkustundir, eða frá tólf á miðnætti til tíu á kvöldin.

Bregða má út af reglunum fyrir unglingana þegar þeir eru á leið heim frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu. - sh

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Ekið á börn

Ekið var á tíu ára dreng og átta ára telpu í umferðinni í Reykjavík í gær. Bæði kenndu þau sér eymsla en reyndust ekki slösuð við rannsókn á Landspítalanum. Þau voru bæði hjólandi.

### Ók inn í Sinfóníuna

Töluverðar skemmdir urðu á skrifstofum Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Hagatorg rétt fyrir klukkan fimm í gær þegar körfubíll rakst inn í vesturhorn hússins og reif það niður. Starfsfólki varð ekki meint af atvikinu en var þó mjög brugðið.

# Þrír stórsmyglarar voru leystir úr haldi

**Þrír menn sem reyndu að smygla til landsins rúmlega 25 kílóum af fíkniefnum hafa verið leystir úr gæsluvarðhaldi að úrskurði Hæstaréttar. Af úrskurðinum má ráða auknar kröfur um rannsóknarhraða mála, segir saksóknari.**

**DÓMSMÁL** Þrír stórsmyglarar sem reyndu að smygla inn í landið rúmlega 25 kílóum af fíkniefnum í apríl eru lausir úr haldi. Hæstiréttur hefur hnekkt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að gæsluvarðhald yfir mönnunum yrði framlengt til 6. október. Fjórði sakborningurinn í málinu, sem er hollenskur, kærði ekki úrskurð Héraðsdóms og situr því áfram inni.

Mennirnir fjórir voru upphaflega úrskurðaðir í gæsluvarðhald eftir að lögreglan handtók þrjá þeirra þar sem þeir voru að losa það sem þeir töldu vera fíkniefni úr bifreið, sem flutt hafði verið til landsins frá Hollandi í byrjun apríl. Um var að ræða rúm fimmtán kíló af amfetamíni og rúmlega tíu kíló af hassi. Lögregla hafði haft eftirlit með bifreiðinni, komið hljóðupptöku og gerviefnum fyrir í henni og hlerað síma hinna grunuðu. Í greinargerð lögreglu kemur fram að hljóðritað samtal við bifreiðina á vettvangi bendi eindregið til þess að mennirnir hafi verið að „móta efnin með því að fjarlægja þau úr bifreiðinni“.

Í nýjum úrskurði sínum vísar Hæstiréttur til fyrri úrskurðar þegar gæsluvarðhald yfir fjórmenningunum var framlengt til 25. ágúst. „Var sérstaklega tekið fram í þeim dómi Hæstaréttar að heimild til gæsluvarðhalds ... sé eðli máls samkvæmt háð því að ekki verði óhæfilegur dráttur á rannsókn máls og það síðan rekið með viðhlítandi hraða ... Eins og að framan greinir hefur varnaraðili þegar sætt gæsluvarðhaldi í um fjóra og hálfan mánuð og verði fallist á kröfu sóknaraðila mun varnaraðili að öllu óbreyttu sæta gæsluvarðhaldi í tæplega hálft ár. Þrátt fyrir að varnaraðili sé undir sterkum grun um aðild að umfangsmiklum innflutningi á fíkniefnum verður samkvæmt gögnum málsins ekki annað ráðið en taka hefði mátt ákvörðun um ákæru á þeim tíma sem ákveðinn var með síðastgreindum dómi Hæstaréttar 17. júlí 2006,“ segir Hæstiréttur.

„Út úr þessu má lesa að Hæstiréttur er farinn að gera meiri kröfur en áður var um rannsóknarhraða mála,“ segir Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari, en tíðkast hefur að sakborningar í stærri sakamálum sitji inni þar til dómur hefur gengið í málum þeirra. „Hæstiréttur virðist nú meta tímamörkin strangar, sem mér finnst nokkuð harðar kröfur því spurningin er hvort rannsóknarkerfið geti staðið undir slíkri tímapressu. Þessar rannsóknir taka alltaf sinn tíma. Annars er þetta í takt við almenn mannréttindasjónarmið.“ jss@frettabladid.is



**ÁFRAM INNI** Hollendingurinn Johan Handrick kærði gæsluvarðhaldsúrskurðinn ekki til Hæstaréttar. Hann situr því áfram í gæsluvarðhaldi.

Breytingar á SLMM í dag:

## Nýtt upphaf eftirlitssveitar

**SRÍ LANKA Íslendingar og Norðmenn taka í dag við öllu starfi SLMM, norrænu eftirlitssveitarinnar á Srí Lanka. Norðmaðurinn Lars Solvberg tekur við forystu sveitarinnar, en hinn sænski Ulf Henricsson lætur af störfum.**

**Þorfinnur Ómarsson, talsmaður SLMM, segir mikið undirbúningsstarf hafa staðið yfir síðustu daga og leyst hafi verið úr mörgum erfiðum málum, Henricsson hafi gengið frá þremur ströngum úrskurðum við litla hrifningu stríðandi fylkinga. „Má því segja að þetta marki nýtt upphaf hjá SLMM og að nýr yfir maður komi að hreinu borði,“ segir Þorfinnur.**

sjá síðu 12 - kóþ



ÞORFINNUR ÓMARSSON

Kanadísk rannsókn:

## Enginn „guðsblettur“ í heila

**KANADA** Nunnur hafa engan „guðsblett“ á heilanum, heldur eiga upplifanir þeirra, þegar þær fá köllun sína, sér stað á mörgum stöðum í heila þeirra, kemur fram í rannsókn kanadískra vísindamanna sem fjallað er um á fréttavef breska ríkisútvarpsins, BBC.

Margir kaþólikkar trúa að nunnur nái sambandi við guð á þrítugsaldri og hafa sumir heittrúaðir haldið því fram að ákveðinn hluti heilans sé hannaður til þessa tiltekna sambands.

Vísindamennirnir, sem fengu fimmtán nunnur til að segja frá upplifun sinni meðan þeir mældu heilastarfsemi þeirra, segjast hins vegar hafa vísindalega afsannað þá kenningu. - smk






Málverk eftir Edvard Munch sem stolið var:

# Ópið og Madonna fundin

**NOREGUR, AP** Málverkin Ópið og Madonna eftir norska snillinginn Edvard Munch eru komin í leitirnar. Norska lögreglan tilkynnti um fundinn í gær og sagði jafnframt að þau væru í sæmilegu ástandi.

„Málverkin komust í okkar hendur síðdegis í dag eftir árangursríka aðgerð lögreglu,“ sagði Iver Stensrud, sem fer fyrir rannókn lögreglu á málinu, á blaðamannafundi í gær.

Grímuklæddir byssumenn réðust inn í Munch-safnið í Osló um hábjartan dag fyrir tveimur árum og rændu málverkunum. Síðan hafði ekkert til þeirra spurst þar til í gær, þrátt fyrir að þrír menn hafi verið dæmdir í tengslum við ránið. Höfuðpaurarnir ganga þó enn lausir.

Oslóarborg hafði lofað sem svarar 22 milljónum króna í fundarlaun, en þau höfðu ekki verið greidd út í gær.

Sérfræðingar Munch-safnsins gengu í gær úr skugga um að málverkin væru ófölsuð og reyndist svo vera. Að sögn norska blaðsins Aftenposten er örlítil rifa á öðru þeirra og jaðar á hinu hefur skemmst lítillega. Lögregla telur meistaraverkin hafa verið í Noregi síðan þeim var rænt.



**MADONNA FUNDIN** Málverkin Madonna og Ópið eftir Edvard Munch fundust í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mennirnir sem dæmdir hafa verið í tengslum við málið aðstoðuðu ekki við endurheimtingu málverkanna, að sögn Stensrud. - smk




**Glitnir léttir námsmönnum lífið og býður þeim bestu kjörin.**

Til dæmis bjóðum við aðeins 14,9% vexti af yfirdráttarlánum v. LÍN.* Kynntu þér málið í útibúum Glitnis, þjónustuveri í síma 440 4000 og á glitnir.is.

| | GLITNIR | LAIS | KB BANKI | SPRON |
|---|---|---|---|---|
| YFIRDRÁTTARLÁN LÍN | 14,9 | 14,95 | 15,35 | 14,95 |
| YFIRDRÁTTARLÁN ALMENNT | 18,3 | 18,7 | 18,35 | 21,2 |
| INNLÁN | 7,8 | 7,8 | 7,5 | 6,95 |

GLITNIR

* MIÐAÐ VIÐ VAXTATÖFLU 21.08.06

## GENGIÐ 31.8.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,84 | 69,16 |
| Sterlingspund | 131,23 | 131,87 |
| Evra | 88,41 | 88,91 |
| Dönsk króna | 11,85 | 11,92 |
| Norsk króna | 10,937 | 11,001 |
| Sænsk króna | 9,54 | 9,596 |
| Japanskt jen | 0,5873 | 0,5907 |
| SDR | 102,37 | 102,99 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,0226

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík verður laugardaginn 11. nóvember:

# Netkosning rædd á aukafundi

**STJÓRNMÁL** Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík fyrir þingkosningarnar í vor verður 11. nóvember. Tillaga þess efnis var samþykkt á fundi fulltrúaráðs í fyrrakvöld.

Rétt til þátttöku hefur flokksfólk í Reykjavík en aðrir þurfa að lýsa yfir stuðningi við Samfylkinguna. Verða nöfn þeirra skráð á sérstaka stuðningsmannaskrá til afnota fyrir flokkinn og frambjóðendur.

Í tillögum stjórnar fulltrúaráðsins var kveðið á um að heimilt yrði að ákveða netkosningu, samhliða skriflegri eða rafrænni kosningu á kjörstað. Margrét S. Björnsdóttir mælti gegn hugmyndinni og flutti tillögu um frávísun. Eftir talsverðar umræður lagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður til að afgreiðslu yrði frestað og að haldinn yrði sérstakur fundur um málið. Á það féllust fundarmenn. Einnig var ákveðið að ræða síðar um hámarkskostnað frambjóðenda en tillögur stjórnar kváðu á um að hann yrði bundinn við eina milljón króna. Hins vegar var samþykkt að beina þeim tilmælum til kjósenda að þeir hefðu kynjajafnrétti til hliðsjónar er þeir fylltu út kjörseðilinn.

Frambjóðendur í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík þurfa að greiða 40.000 króna þátttökugjald. - bþs




**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Sérstakur fundur verður um kosti og galla netprófkjörs.

Undirbúningur fyrir álver:

# Stækkun hafnar á Húsavík

**ÁLVERSFRAMKVÆMDIR Hafnarstjórn Norðurþings hefur ákveðið að hefja viðræður við Siglingastofnun um frumhönnun hafnarmannvirkja sem mæta þörfum Alcoa vegna flutninga að fyrirhuguðu álveri við Bakka.**

**Hugmyndir Alcoa snúast um að sigla á sextíu þúsund tonna skipum til Húsavíkur, að sögn Gauks Hjartarsonar hafnarstjóra, og er áætlaður kostnaður við höfn sem getur tekið á móti slíkum skipum um 2,6 milljarðar króna. „Það er ekki farið að ræða um kostnaðinn við hönnunina en þessi framkvæmd er alfarið á vegum sveitarfélagsins. “** - sdg

Erilsamt hjá lögreglunni:

# Brotist inn og skyrtum stolið

**LÖGREGLUFRÉTTIR** Brotist var inn í efnalaug í höfuðborginni í gærdag og þaðan stolið tveimur skyrtum að sögn lögreglu. Alls voru sjö innbrot tilkynnt til lögreglunnar í Reykjavík síðastliðinn sólarhring.

Tilkynnt voru fjögur innbrot í bifreiðar þar sem verðmætum var stolið og þá var brotist inn í íbúðarhúsnæði í Grafarvogi um hádegisbilið í fyrradag.

Brotist var inn í vinnuskúr við Vesturlandsveg og þar unnar skemmdir. Ekki er vitað hvort einhverju hafi verið stolið.

Lögregla segir að töluvert beri á gaskútaþjófnuðum um þessar mundir. Fjölda gaskúta hefur verið stolið úr fellihýsum, hjólhýsum og gasgrillum að undanförnu og lögregla ráðþrota. - æþe

Steingrímur á flokksráðsfundi:

# Ræðir mögulegt stjórnarsamstarf

**STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, ræðir samstarfsmöguleika flokksins og áherslurnar í kosningabaráttunni á fundi flokksráðs VG í dag.**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

**Fundurinn er sagður marka upphaf baráttu VG fyrir þingkosningarnar á næsta ári en einnig verður farið yfir úrslit sveitarstjórnarkosninganna í vor.**

**Á morgun hefst svo ráðstefna sveitarstjórnarfulltrúa flokksins.** Í flokksráði sitja allir helstu trúnaðarmenn flokksins, stjórnarmenn og kjörnir fulltrúar. - bþs

# Schwarzenegger vill minnka mengun

**Ríkisstjórinn í Kaliforníu gengur þvert á stefnu Bandaríkjaforseta í umhverfismálum. Arnold Schwarzenegger hefur samið við Demókrata um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.**

**SACRAMENTO, AP** Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri í Kaliforníu, hefur náð samkomulagi við Demókrata á Kaliforníuþingi um strangar takmarkanir á útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Samkomulagið þykir marka ákveðin tímamót, meðal annars vegna þess að það gengur þvert á stefnu Bandaríkjastjórnar og Bush forseta í umhverfismálum.

Sjálfur segir Schwarzenegger samkomulagið vera öðrum ríkjum Bandaríkjanna til eftirbreytni „meðan baráttan gegn loftslagsbreytingum heldur áfram“.

Flokksbræður Schwarzeneggers í Repúblikanaflokknum eru hins vegar engan veginn ánægðir með þetta framtak ríkisstjórans. Þeir segja að nýju reglurnar muni litlu breyta, en hafa þau áhrif að Kalifornía verði erfitt rekstrarumhverfi fyrir fyrirtæki. „Þetta frumvarp leiðir til efnahagshruns í Kaliforníu,“ sagði öldungadeildarþingmaðurinn Dennis Hollingworth.

Umhverfisverndarsinnar fögnuðu samkomulaginu og sögðu það skref í rétta átt, en sumir framámenn í viðskiptalífinu í Kaliforníu gagnrýndu það. Þeir segja að samkomulagið auki kostnað fyrirtækja sinna og þeir sjái sig því tilneydda að draga úr umsvifum sínum í Kaliforníu.

Samkvæmt frumvarpinu þurfa iðnfyrirtæki í Kaliforníu að draga úr útblæstri sínum um 25 prósent fyrir árið 2020. Til þess að liðka fyrir því að þessi markmið náist fá fyrirtækin leyfi til þess að kaupa og selja mengunarkvóta.



**RÍKISSTJÓRINN GEFUR EIGINHANDARÁRITANIR** Í nóvember ganga Bandaríkjamenn til kosninga og þá verður meðal annars kosið um framtíð Schwarzeneggers í ríkisstjóraembættinu. Samkvæmt skoðanakönnunum hefur hann þrettán prósenta forskot á mótframbjóðanda sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útblástur gróðurhúsalofttegunda er hvergi meiri en í Bandaríkjunum, en Kalifornía er fjölmennasta ríki Bandaríkjanna og útblástur gróðurhúsalofttegunda þar er svo mikill að Kalifornía ein teldist vera í tólfta sæti yfir þau ríki heims sem stórtækust eru í menguninni.

Töluverðu munar því um framlag Kaliforníu í þessum málum. Hlýnun jarðar, þótt ekki væri nema um fáeinar gráður, myndi auk þess hafa margvísleg neikvæð áhrif í Kaliforníu þar sem veðurfar er fyrir býsna hlýtt.

Samningaviðræður um frumvarpið hafa staðið vikum saman. Á miðvikudaginn var frumvarpið samþykkt í Öldungadeild Kaliforníuþings með 23 atkvæðum gegn 14. Hljóti það einnig samþykki í neðri deild þingsins, sem líklegt þykir að verði fljótlega fær ríkisstjórinn það til undirritunar.

„Helsta markmið mitt var að fá lög sem umhverfisverndarhópar geta kynnt öðrum ríkjum og sagt: Þetta gerði Kalifornía, þið eigið að gera það líka,“ sagði demókratinn Fabian Nunez, sem er forseti neðri deildar þingsins. „Og okkur tókst það.“ gudsteinn@frettabladid.is



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Segir sig úr borgarstjórn nái hún kjöri til Alþingis.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir:

# Fer í prófkjörsslaginn

**STJÓRNMÁL** „Samfylkingin þarf að leggja meiri áherslu á að tala um það sem skiptir fólk máli,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarfulltrúi, sem sækist eftir fjórða sætinu í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík 11. nóvember vegna þingkosninganna í vor.

Steinunn Valdís segir tíma kominn á ríkisstjórn með manngildi, velferð og jöfnuð að markmiði. „Ég vil koma þessari ríkisstjórn frá. Eftir hana liggja verk sem ég er ósátt við.“ Steinunn Valdís hefur setið í borgarstjórn Reykjavíkur síðan 1994 og gegndi embætti borgarstjóra í tæp tvö ár. Verði hún kjörin til Alþingis segist hún munu víkja úr borgarstjórn. - bþs

## NOREGUR

### 15 ára handtekin

Fimmtán ára gömul unglingsstúlka var handtekin í Telemark í Noregi í gær, grunuð um að hafa beitt móður sína svo ofsafengnu ofbeldi að konan lést. Lík móðurinnar, sem var frá Sómalíu, fannst á heimili þeirra í gærmorgun. Í samráði við lögfræðing sinn neitaði stúlkan að leyfa lögreglu að yfirheyra sig í gær.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**NORÐANÁTTIR ENN OG AFTUR**

Norðanáttirnar eru nokkuð þaulsetnar þessa dagana. Í dag og um helgina blæs hann að norðan og veðrið verður einna best á landinu sunnanverðu. Þar verður yfirleitt nokkuð bjart og ágætlega milt að deginum. Norðan til verður áfram væta af og til og fremur svalt. Vindurinn í dag og um helgina verður einna mestur á landinu norðvestan og vestanverðu en eitthvað gæti dropað í höfuðborginni.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**

Hæg norðaustanátt. Háfskýjað. Hiti 11-15

um hádegi »




» á morgun




5-13 m/s, stífastur á Vestfjörðum og á anneskjum SA-til.

» sunnudagur




Hæg breytileg átt.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 21°C rigning | London | 20°C skúrir | Alicante | 30° C heiðskírt |
| Billund | 18°C skúrir | París | 25°C hálfskýjað | Mallorca | 29°C hálfskýjað |
| Osló | 22°C skúrir | Frankfurt | 20°C hálfskýjað | Algarve | 31°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 23°C hálfskýjað | Krít | 30°C heiðskírt |
| Gautaborg | 18°C skúrir | Berlín | 21°C skúrir | Las Palmas | 28°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Heilsudagar í Hagkaupum










**Ný kynslóð salatbara**
- 40 spennandi tegundir

**Ísinn frá dönsku vigtarráðgjöfunum**

**Réttmeti** í örbylgjuofninn
- úrvals matur, enginn sykur og lágmarks salt
















**Lýsi,** Heilsutvenna, Sportþrenna, Lýsi og liðamín, Lýsi og kalk

**Jói Fel humus** 2 teg.
- gott á brauðið eða kexið

**Kellogg´s Special K**
- með hverjum keyptum pakka fylgir vandaður álbrúsi










**Pharmagreen te vörurnar**
- vörur fyrir þá sem vilja huga að heilsunni

**Myoplex lite** máltíðarstangir
- fullar af alhliða næringarefnum

**Holta kjúklingaálegg**
- próteinríkt og aðeins með 0,7 g fitu

Gildir til 3. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



*Finnst þér að Árni Johnsen eigi að bjóða sig fram til þings á ný?*

| | |
|---|---|
| Já | 16% |
| Nei | 84% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Ætlarðu að sjá eitthvað á komandi kvikmyndahátíðum?*

Segðu þína skoðun á visir.is visir

Íranar auðga úran fram á síðasta dag:

# Láta sér fátt finnast um hótanir

**ÍRAN, AP** Írönsk stjórnvöld hafa haldið áfram að auðga úran þrátt fyrir að í gær hafi runnið út fresturinn, sem Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna gaf stjórnvöldum til þess að hætta við kjarnorkuáform sín.

Eftirlitsmenn frá Alþjóðlegu kjarnorkumálastofnuninni hafa verið í Íran að fylgjast með kjarnorkuvinnslu. Þeir skiluðu í gær skýrslu til Öryggisráðsins, þar sem staðfest er að Íranar hafa ekki hætt að auðga úran, en það er ferli sem gerir að verkum að hægt er að nota það í kjarnorkuvopn. Í skýrslunni segir jafnframt að eftirlitsmönnum stofnunarinnar hafi á þremur árum ekki tekist að fá staðfestingar á því að Íranar ætli sér eingöngu að nota kjarnorku í friðsamlegum tilgangi.

John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði í gær að nú verði Öryggisráðið að fara að ákveða til hvaða refsiaðgerða eigi að grípa, þar sem fresturinn sem Írönum var gefinn til þess að hætta auðgun úrans er nú liðinn.



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Íransforseti virðist ekki ætla að fara að kröfum Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann sagðist ekki líta svo á að einróma samþykki þurfi í Öryggisráðinu áður en gripið verði til aðgerða gegn Íran. Javier Solana, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, ætlar á næstu dögum að hitta Ali Larijani, aðalsamningamann Íransstjórnar í kjarnorkumálum. - gb

Banaslysið á Garðskagavegi:

# Fjársöfnun gengur vel

**BÍLSLYS Söfnun fyrir ekkju Jóhanns Fannars Ingibjörnssonar, sem lést í bílslysi á Garðskagavegi 16. ágúst, gengur vel að sögn Olgu Guðgeirsdóttur, í Vogum frumkvöðuls söfnunarinnar. Ekkja Jóhanns Fannars á þrjú börn. Olga missti sjálf eiginmann sinn fyrir þremur árum með sviplegum hætti. Þá var fé safnað fyrir hana. „Hana munar um allt," segir Olga. „Hún er í barnseignarfríi og veit ekki hvað við tekur að því loknu." Þeir sem vilja leggja ekkju Jóhanns Fannars lið er bent á reikninginn 1109-05-411333 á kennitölunni 201079-3149.** - æþe

BÍLL DAGSINS
NISSAN PATHFINDER LE IT M/DVD
Nýskr. 05.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 26 þús. - Allt að 100% lán.





Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



**FISKVINNSLUFÓLK** Að mati Sigursteins Mássonar verður fiskvinnslufólk, sjómenn, verkamenn og byggingamenn einkum fyrir barðinu á ákvörðun lífeyrissjóðanna um að skerða lífeyrisgreiðslur.

# Símalínur logandi vegna skerðingar

**Símalínur hafa logað hjá Öryrkjabandalaginu vegna ákvörðunar lífeyrissjóða um að skerða lífeyrisgreiðslur. Lífeyrissjóðirnir „reiða hátt til höggs," segir formaður Öryrkjabandalagsins. Ósk ÖBÍ um stuðning ASÍ er hjá lífeyrisnefnd.**

**ÖRORKA** Allar símalínur hafa logað hjá Öryrkjabandalagi Íslands vegna ákvörðunar fjórtán lífeyrissjóða um að skerða eða fella niður lífeyrisgreiðslur til á þriðja þúsund öryrkja. Öryrkjarnir hringja til að spyrjast fyrir og veita ÖBÍ umboð til að fara með sín mál.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur tekið fyrir bréf frá Öryrkjabandalaginu og vísað því til lífeyrisnefndar ASÍ. Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að málið verði kannað nánar.

Sigursteinn Másson, formaður Öryrkjabandalagsins, segir að ÖBÍ líti á launþegahreyfinguna sem mikilsverðan bandamann í bættum kjörum þeirra sem höllustum fæti standa í íslensku samfélagi og treysti því að ASÍ veiti öryrkjum stuðning.

Fjórtán lífeyrissjóðir sendu nýlega á þriðja þúsund öryrkjum bréf um skerðingu eða niðurfellingu lífeyrisgreiðslna. Algengt er að kjaraskerðingin nemi fjórðungi



**ÁRNI GUÐMUNDSSON**



**SIGURSTEINN MÁSSON**

heildartekna og allt upp í þriðjung heildartekna. Þetta getur numið tíu til þrjátíu þúsund krónum á mánuði.

Reglur lífeyrissjóðanna segja að greiðslur til öryrkja skuli aldrei verða hærri en þær tekjur sem öryrkinn hafði áður en hann varð öryrki, annars beri að lækka eða fella niður greiðslurnar. Sjóðirnir bera því árlega saman tekjur öryrkja fyrir örorkuna við greiðslur og bætur sem þeir fá í dag.

„Við höfum gert þetta í mörg ár en reglur og framkvæmd er markvissari og stífari en áður. Fjölmargir hafa haft samband og gert athugasemdir og mörg mál eru í skoðun. Þau verða hugsanlega leiðrétt," segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs.

„Við drögum þessa útreikninga mjög í efa, bæði forsendur þeirra og aðferð. Þar fyrir utan er fresturinn til 1. nóvember óviðunandi. Við krefjumst þess að þetta verði dregið til baka eða aðgerðum frestað meðan farið verður yfir þetta með sómasamlegum hætti," segir hann.

Sigursteinn segir að lífeyrissjóðirnir séu að „reiða hátt til höggs gagnvart sjóðfélögum sem lægstar tekjurnar hafa. Þeir sem einkum lenda í þessu eru fiskvinnslufólk, sjómenn, verkamenn og byggingamenn."

„Ég geng út frá því sem vísu að það verði hætt við þetta. Ég trúi því ekki að þetta gangi eftir," segir hann. ghs@frettabladid.is





Kauptu Corn Flakes og fáðu afslátt á Hafið bláa!

Með kaupum á tveimur Kellogg's Corn Flakes pökkum færðu 20% afslátt af miðaverði á barnaleiksýninguna Hafið bláa. Hafið bláa fékk áhorfendaverðlaun Grímunnar árið 2006 og var tilnefnt sem barnasýning ársins og fyrir búninga. Geymdu kassakvittunina og framvísaðu henni í miðasölu Austurbæjar þegar þú kaupir miða.

Kellogg's

allt hús
Alla mánudaga

Hæstiréttur hnekkir úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur:

# Kókaínburðardýr látið laust

**DÓMSMÁL** Stúlka sem reyndi að smygla inn tveimur kílóum af kókaíni í ágúst, hefur verið látin laus. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði úrskurðað hana í áframhaldandi gæsluvarðhald. Hún kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem hnekkti honum.

Upphaf málsins er að par var handtekið 9. ágúst á Keflavíkurflugvelli, en það var að koma frá Spáni, með viðkomu á Bretlandi, þar sem það hafði fengið efnin. Í farangri stúlkunnar fundust tæplega tvö kíló af kókaíni. Karlmaðurinn fór í gegnum hlið tollgæslunnar en var handtekinn skömmu síðar í flugstöðinni. Skömmu síðar var þrennt til viðbótar handtekið, ein kona og tveir karlar. Síðarnefnda konan er grunuð um að hafa átt hlutdeild í skipulagningu fíkniefnasmyglsins.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er stúlkan sem sleppt var fædd 1988, en hin fjögur eru öll rúmlega tvítug. Þau sitja öll í gæsluvarðhaldi. Einn úr hópnum hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnamisferlis. - jss



**KÓKAÍN** Margar tilraunir hafa verið gerðar til að smygla kókaíni til landsins að undanförnu.

EXISTA

# Útboð og skráning í Kauphöll

## Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að skrá hlutafé Exista hf. og er skráning fyrirhuguð þann 15. september 2006.

Exista hf. er á meðal öflugustu fyrirtækja landsins og nema heildareignir þess yfir 300 milljörðum króna. Félagið starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum trygginga og eignaleigu, m.a. undir merkjum VÍS og Lýsingar. Exista er jafnframt kjölfestufjárfestir í nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins, þar á meðal Kaupþingi banka, Bakkavör Group og Símanum. Markmið Exista er að nýta fjárhagslegan styrk sinn til frekari uppbyggingar hér á landi og erlendis.

Í aðdraganda skráningarinnar hyggst Kaupþing banki hf. selja hluti í Exista sem eru í eigu bankans. Útboðið er í þremur áföngum og verða allir hlutir í útboðinu seldir á sama verði sem ákvarðast með áskriftarverðlagningu (e. bookbuilding) í fyrsta áfanga þess sem beint er að fagfjárfestum. Samtals er um að ræða hluti sem svara til um 2,6% af heildarhlutafé Exista. Seljandi áskilur sér þó rétt til að allt að tvöfalda fyrsta áfanga útboðsins.

| | I. Útboð til fagfjárfesta | II. Starfsmannaútboð | III. Almennt útboð | Heildarútboð |
|---|---|---|---|---|
| **Áskriftartímabil** | 7. september | 11.–13. september | 11.–13. september | |
| Verðlagning | áskriftarverðlagning* | fast gengi* | fast gengi* | |
| **Gengi** | 19,5-21,5 kr./hlut* | 19,5-21,5 kr./hlut* | 19,5-21,5 kr./hlut* | |
| *endanlegt útboðsgengi tilkynnt í lok dags 7. september | | | | |
| **Stærð útboðs:** | | | | |
| Heildarfjöldi hluta | 150 milljón hlutir | 65 milljón hlutir | 65 milljón hlutir | 280 milljón hlutir |
| Heildarandvirði | 2,9-3,2 milljarðar kr. | 1,3-1,4 milljarðar kr. | 1,3-1,4 milljarðar kr. | 5,5-6,0 milljarðar kr. |
| Hlutfall heildarhlutafjár | 1,38% | 0,60% | 0,60% | 2,58% |
| | | | | |
| Lágmarksáskrift | 30 milljónir kr. | 0,5 milljónir kr. | 0,1 milljón kr. | |
| Hámarksáskrift | | | 39-43 milljónir kr. | |

Heildarfjöldi útgefinna hluta Exista hf. er 10.838.746.119. Hlutir félagsins eru allir í einum flokki og jafn réttháir. Kauphöllin hefur veitt tímabundna undanþágu frá skilyrði um lágmarksfjölda hluthafa en í kjölfar útboðs er gert ráð fyrir að því skilyrði verði fullnægt.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hefur umsjón með skráningunni og útboðinu. Nánari upplýsingar um skráninguna og skilmála útboðsins er að finna í útboðs- og skráningarlýsingu sem gefin er út af Exista 1. september 2006 og nálgast má hjá félaginu næstu 12 mánuði. Lýsingin er gefin út rafrænt á heimasíðu félagsins, www.exista.com. Lýsinguna má einnig nálgast á heimasíðu umsjónaraðila og seljanda, www.kbbanki.is og www.kaupthing.net. Lýsingin er jafnframt birt í fréttakerfi Kauphallar, news.icex.is. Frá og með 4. september má nálgast innbundin eintök hjá Exista að Ármúla 3 í Reykjavík og hjá Kaupþingi banka, Borgartúni 19 í Reykjavík.

Reykjavík, 1. september 2006

KB BANKI

www.kbbanki.is • Sími 444 7000





Forsætisráðherra Líbanons um herferð Ísraela:

# Fimmtán ár voru þurrkuð út

**STOKKHÓLMUR, AP** Fulltrúar sextíu landa mættust í Stokkhólmi í gær til ráðstefnu sem Jan Eliasson, utanríkisráðherra Svíþjóðar, bauð til. Ræddar voru nánustu framtíðarhorfur Líbanons, þörfin á neyðaraðstoð og allsherjar flutningabann Ísraelsmanna, sem einangrar landið og torveldar alla aðstoð. Einnig var klasasprengjunotkun Ísraelsmanna gagnrýnd.

Fouad Saniora, forsætisráðherra Líbanons, sagði afleiðingar stríðsins þær „að fimmtán ára þróun hefði verið þurrkuð út á nokkrum dögum“ og að kostnaður við endurreisn landsins hlypi á milljörðum dollara.

Aðstoðaraðalritari Sameinuðu þjóðanna, Mark Malloch Brown, hvatti Ísraelsmenn til að aflétta ferða- og flutningabanninu samstundis. Hann líkti flutningabanni á neyðaraðstoð við „öndunarvél þar sem stigið er á loftleiðsluna“.

Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar, sagði að heimurinn ætti að sameinast um þau skilaboð til Líbana að þeir stæðu ekki einir. „Stríð er kannski bisniss sumra, en friður verður ætíð sameiginleg skylda okkar allra,“ sagði Persson.

**- kóþ**



**SINIORA OG PERSSON, FORSÆTISRÁÐHERRAR LÍBANONS OG SVÍÞJÓÐAR** Fulltrúar sextíu landa mættust í Stokkhólmi í gær til að ræða 34,5 milljarða króna neyðaraðstoð til Líbanons. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**FRÁ SLYSSTAÐ** Mikill viðbúnaður slökkviliðs var á slysstað vegna eldhættu. Flugvélin er talin gjörónýt eftir slysið. MYND/OXFORDSHIRE NEWS

# Vorum vissir um að við myndum deyja

**Tveir íslenskir flugnemar voru hætt komnir þegar eins hreyfils flugvél hrapaði til jarðar með þá innanborðs í Oxford-skíri í Englandi í fyrradag. Þeir segja mikla skelfingu hafa gripið um sig. Mótor vélarinnar gaf sig stuttu eftir flugtak.**

**FLUGSLYS** Þeir Arnar Már Magnússon og Sigurberg Magnús Sigurðsson, 21 árs, sluppu með skrámur eftir að lítil eins hreyfils flugvél hrapaði með þá og flugkennara þeirra innanborðs í Oxford-skíri í Englandi í fyrradag. Þetta var þeirra fyrsti verklegi flugtími. Það þykir kraftaverki líkast að þeir skyldu ekki slasast, því vélin er talin gjörónýt.

Svo virðist sem flugmótor vélarinnar, sem var af gerðinni Piper Warrior, hafi gefið sig stuttu eftir flugtak.

Þegar það gerðist var flugvélin í um tuttugu metra hæð. „Flugkennarinn okkar brást hárrétt við og það er honum að þakka að við erum enn á lífi í dag,“ segir Arnar Már, annar tvímenninganna. Hann segir þá félaga hafa fyllst skelfingu og þeir hafi óttast um líf sitt.

Flugkennarinn lenti vélinni um leið og vélarbilunin gerði vart við sig og reyndi að stöðva flugvélina. Þrátt fyrir að hafa náð að draga verulega úr hraða hennar fór hún brautina á enda og í gegnum limgerði og grindverk við brautarendann, með þeim afleiðingum að hún sporðreistist og staðnæmdist á hvolfi á vegi sem liggur hjá flugbrautinni.

„Þegar við náðum áttum vorum við á hvolfi og fundum mikla bensínlykt, enda frussaðist bensín út úr vélinni og á veginn,“ segir Arnar Már. „Flugkennarinn náði að losa okkur og við flýttum okkur út úr vélinni eins og við gátum, enda mikil eldhætta á ferð.“

Arnar Már segir þá félaga í uppnámi eftir atburðinn. Þeir séu þó staðráðnir í að láta atvikið ekki hafa áhrif á sig en þeir stunda nám við Oxford Aviation Training flugskólann sem hafði umsjón með umræddri vél. „Við fengum áfallahjálp strax eftir atvikið frá mönnum frá skólanum sem eru þjálfaðir í að tala við menn sem hafa lent í svona lífsreynslu,“ segir Arnar Már. „Við eigum að fara í flug strax á morgun með sama flugkennaranum til að ná skrekknum úr okkur.“

**aegir@frettabladid.is**

## BROTLENTU Í FYRSTA VERKLEGA FLUGTÍMANUM



**SLUPPU MEÐ SKREKKINN** Hér má sjá þá félaga, Arnar Má til vinstri og Sigurberg Magnús til hægri sitt hvorum megin við flugkennara sinn, skömmu eftir slysið. Þeir segja rétt viðbrögð kennarans hafi bjargað lífi þeirra. MYNDIR/OXFORDSHIRE NEWS



**SLÖKKVILIÐ AÐ STÖRFUM** Þrjátíu slökkviliðsmenn tóku þátt í aðgerðum eftir slysið.



Börn
Herrar
Dömur
Heimilið
Snyrtivörur
Debenhams 5 ára
Ný verslun
á sama stað
Ný merki, nýtt skipulag!
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33979 09/2006



**PLATSPRENGJA** Taílenskur lögreglumaður heldur á poka sem fannst nærri heimili Thaksin Shinawatra forsætisráðherra í Bangkok í gær og reyndist innihalda platsprengju með harðorðri orðsendingu til Thaksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn á 70 milljóna þjófnaði fyrrum starfsmanns Tryggingastofnunar:

# Hátt í þrjátíu manns viðriðnir málið

**LÖGREGLUMÁL** Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans er þessa dagana að fara nákvæmlega ofan í það hver hlutur grunaðra sé í fjársvikamálinu hjá Tryggingastofnun og taka afstöðu til þess í hvaða tilvikum sönnun um sekt liggur fyrir þannig að hægt sé að ákæra.

Sakborningar eru á þriðja tug en starfsmaður Tryggingastofnunar telst vera höfuðpaurinn í málinu. Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, segir nokkuð ljóst hverjir hafi haft stærstu hlutverkin en þáttur ýmissa sé kannski óljósari. Ekki sé búið að ákveða hverjir og hversu margir verði ákærðir.

„Það er verið að fara nákvæmlega ofan í það með hvaða hætti þetta var framkvæmt og hver var hlutur hvers og eins til að geta tekið afstöðu til þess í hvaða tilvikum sönnun er talin liggja fyrir. Rannsóknin beinist að því að upplýsa hvort grundvöllur sé fyrir ákæru eða ekki,“ segir hann.



**JÓN H. B. SNORRASON** Segir ljóst hverjir hafi haft stærstu hluttverkin.

Fjárhæðin sem svikin var út nemur sjötíu og fimm milljónum króna og áttu millifærslurnar sér stað í átta hundruð tilvikum.

Verið er að safna öllum bankagögnum og gera aðgengileg þannig að hægt sé að hefja frekari meðferð. - ghs

Skuldugir Norðmenn:

# Lélegt fjármálavit hjá ungum

**NOREGUR Norðmenn sem fæddust á áttunda áratugnum hafa lélegt fjármálavit, kemur fram á fréttavef Aftenposten.**

**Fjármálafyrirtækið Credit-Inform lét rannsaka skuldir fólks eftir fæðingarárum, sem og hversu vel fólk stendur í skilum. Sjö prósent Norðmanna sem fæddust árið 1970 borga ekki fyrir sig, um helmingi fleiri en þeir sem fæddust árið 1950. „Þeir sem eru komnir yfir sextugt ólust upp við þrengri fjárhag en yngri kynslóðin. Þeir hafa meiri ábyrgðartilfinningu en þeir ungu,“ segir Hanne Broen, markaðsstjóri CreditInform.** - smk

Lögmaður drap nágranna:

# Hefndi fyrir misnotkun

**BANDARÍKIN, AP** Ungur bandarískur lögfræðingur klifraði inn um glugga nágranna síns í Connecticut á mánudag og banaði honum með hníf.

Þetta gerðist eftir að eiginkona lögfræðingsins tilkynnti honum að nágranninn hefði kynferðislega misnotað tveggja ára gamla dóttur þeirra. Barnið mun hafa sagt móður sinni frá meintri misnotkun nágrannans.

Lögfræðingurinn var handtekinn og ákærður fyrir morð og innbrot, en honum var sleppt lausum gegn tryggingu á miðvikudag.

Lögregla hefur haft afskipti af mönnunum fyrr, þegar lögfræðingurinn kvartaði yfir ósæmilegri hegðun nágrannans. - smk

Álver Alcan í Straumsvík:

# Gangsetningu kera í Straumsvík lokið

**IÐNAÐUR** Síðustu kerin í kerskála þrjú í álveri Alcan í Straumsvík voru gangsett í gær, en öll kerin í skálanum voru tekin úr rekstri í sumar eftir alvarlega rafmagnsbilun.

Verkinu er því lokið rúmlega tveimur mánuðum á undan áætlun en gangsetning keranna hófst um miðjan júlí síðastliðinn.

Endanlegt mat á tjóni vegna rekstrarstöðvunarinnar liggur ekki fyrir en ljóst er þó að framleiðslutapið verður mun minna en óttast var í fyrstu og er nú áætlað um fjórtán þúsund tonn, sem er aðeins níu prósent af framleiðslugetu álversins. - shá



**ÚR KERSKÁLA** Ljóst er að tjón er mun minna en óttast var í fyrstu eftir rafmagnsbilun í álverinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FRÁ FUNDI VERKFRÆÐINGAFÉLAGSINS** Fjöldi verkfræðinga hlýddi á Guðmund Pétursson, verkefnisstjóra hjá Landsvirkjun, fara yfir ýmis verkfræðileg atriði varðandi Kárahnjúkavirkjun. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Segja öryggið í fyrirrúmi

## Verkefnisstjóri Landsvirkjunar fór í gær yfir starfsferla vegna Kárahnjúkavirkjunar. Athugsemdir Gríms Björnssonar byggja á misskilningi, sagði Pálmi Pálmason. Athugasemdirnar enn umdeilar.

**VIRKJANIR** Guðmundur Pétursson, verkefnisstjóri hjá Landsvirkjun, fór vandlega yfir alla stærstu verkþætti framkvæmdanna við Kárahnjúka á hádegisfundi Verkfræðingafélagsins í gær, og sagði virkjanirnar á svæðinu sterkar og öruggar. Þá fór hann yfir verkáætlanir og hvernig verkferlum vegna framkvæmdanna miðar.

Verkfræðingar spurðu Guðmund, og sérfræðinga Landsvirkjunar sem voru í salnum, út í athugasemdir Gríms Björnssonar jarðeðlisfræðings auk annarra þátta sem tengjast framkvæmdunum við Kárahnjúka. Sagði Pálmi Ragnar Pálmason, einn sérfræðinga Landsvirkjunar, athugasemdir Gríms vera lítilvægar. „Ég get svo sem sagt frá því, í þessum hópi, að athugasemdirnar eru satt að segja lítilvægar. Að mati okkar gætir misskilnings hjá Grími. Hann ruglar saman hættu á því að stíflunum sé hætt, vegna hættu á hreyfingum í iðrum jarðar, en þær skipta engu máli varðandi öryggi stíflnanna,“ sagði Pálmi Ragnar á fundinum í gær.

Iðnaðarnefnd Alþingis fundaði um athugasemdir Gríms Björnssonar á löngum fundi í fyrra dag. Meirihluti iðnaðarnefndar sendi frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem segir meðal annars að „meirihluti iðnaðarnefndar fái ekki séð að það hefði breytt nokkru um ákvörðun fyrirhugaðra framkvæmda þótt þingmönnum hefðu verið birtar athugasemdir og spurningar Gríms Björnssonar.“

Minnihlutinn í iðnaðarnefnd sendi einnig frá sér fréttatilkynningu þar sem segir meðal annars að „engin viðunandi skýring hafi verið gefin á þeirri ákvörðun iðnaðarráðuneytisins að greina Alþingi ekki frá athugasemdum Gríms Björnssonar.“

Að auki gerir minnihlutinn í nefndinni, sem skipaður er Katrínu Júlíusdóttur, Helga Hjörvar, Jóhanni Ársælssyni og Sigurjóni Þórðarsyni, þá kröfu að iðnaðarráðuneytið „taki saman greinagerð um meðhöndlun málsins þar sem fram koma upplýsingar um allar bréfa- og tölvuskeytasendingar vegna þessa máls og önnur þau samskipti er að málinu snúa.“ Steingrímur J. Sigfússon var áheyrnarfulltrúi í iðnaðarnefnd og samþykkti bókun minnihluta nefndarinnar.

magnush@frettabladid.is




Iðnaðar- & bílskúrshurðir

FYRIR FEGURRA UMHVERFI



Þegar fjárfesta á í húseigninni er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða þjónustu.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 520 eða á www.mest.is.

mest – allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík · Bæjarflöt 4, Reykjavík · Hringhellu 2, Hafnarfirði · Hrísmýri 8, Selfossi · Leiruvogi 8, Reyðarfirði


Esja
Úlfarsfell
Kálfstindar
TIL HAMINGJU
MAGNI ÁSGEIRSSON
ÁFRAM MAGNI !
Íslenska þjóðin hefur ekki farið varhluta af frábærri frammistöðu Magna Ásgeirssonar í sjónvarpsþættinum ROCKSTAR SUPERNOVA.
Í tilefni þessa frábæra árangurs hefur SPRON veitt Magna og fjölskyldu hans styrk að upphæð kr. 500.000. SPRON heitir jafnframt á Magna sömu upphæð í næstu viku ef hann kemst áfram í úrslitaþáttinn og kr. 500.000 til viðbótar ef hann stendur uppi sem sigurvegari . Ef Magni fer alla leið mun heildarframlag SPRON til hans því nema 1,5 milljónum króna.
Með þessu vill SPRON leggja sitt af mörkum til að Magni geti einbeitt sér að keppninni og vonum við að styrkurinn verði hvatning til enn frekari dáða á næstu dögum og vikum og veiti honum og fjölskyldu hans aukinn kraft til að takast á við framhaldið.
Eyrún Huld Haraldsdóttir, unnusta Magna, og sonur þeirra Marinó Bjarni veittu styrknum móttöku við hátíðlega viðhöfn hjá SPRON í gær.
SPRON - Sími 550 1200 - Þjónustuver 550 1400 - www.spron.is
spron



**INDVERSK TÍSKA** Sýningarstúlkur sýna indverska fatatísku á tískuviku í Nýju-Delí í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Húsgrunnar geta staðið opnir í áratugi í borginni ef frágangur er tryggilegur:

# Byggingarleyfi sjaldan fellt úr gildi

**FRAMKVÆMDIR** Grunnar geta staðið opnir í áratugi, aðeins þarf að ganga frá þannig að ekki stafi hætta af. „Gapandi grunnur er ekki ríkinu til sóma nema síður sé,“ segir Magnús Sædal, byggingafulltrúi í Reykjavík.

Byggingayfirvöld hafa heimild til þess að fella byggingarleyfi úr gildi en það er sjaldan gert. Magnús segir að ekki stafi hætta af grunninum við Læknagarð en kannast hins vegar ekki við grunninn á baklóð K-álmu LSH.



**VIÐ LÆKNAGARÐ** „Við reyndum mikið að fá þá til að ganga frá járnunum,“ rifjar Herdís Storgaard, forstöðumaður Sjóvá forvarnahúss, upp um grunninn við Læknagarð. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Herdís Storgaard, forstöðumaður Sjóvá forvarnahúss, segir að frágangur á grunnum séu enn mikið vandamál í borginni. Stærsta hætta fyrir börn sé tvenns konar, vatnshætta og steypustyrktarteinar. Steypustyrktarjárnin við Læknagarð hafi verið klædd um 1996.

„Við reyndum mikið að fá þá til að ganga frá járnunum og grafa yfir þannig að það skapaðist ekki hætta. Ég man að það var á sínum tíma mikil barátta að fá spítalann til að setja varnir á járnin,“ segir hún.

„Það hafa orðið mjög alvarleg slys þar sem börn hafa festst eins og kjöt á grillteinum. Í einhverjum tilfellum hafa þau orðið að losa sig sjálf þar sem hjálp hefur ekki fengist.“

Betur verður gengið frá teinunum við Læknagarð á næstunni. - ghs

Karlmaður fær skilorð:

# Braut tennur lögregluþjóns

**DÓMSMÁL Hálffimmtugur karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn valdstjórninni. Hann er dæmdur fyrir að hafa í september í fyrra sparkað í andlit lögreglumanns þegar lögreglumaðurinn var að reyna að koma honum inn í lögreglubíl eftir óspektir á skemmtistaðnum Players í Kópavogi. Tvær tennur brotnuðu í lögreglumanninum.**

**Manninum var gert að greiða lögreglumanninum rúmar sex þúsund krónur í skaðabætur. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjaness í gær.** - sh








**EINBEITTUR STJÓRNARHERMAÐUR** Þessi dáti berst í grennd Trincomalee. Stjórnarherinn vill flæma Tígrana frá svæðinu til að ná aftur valdi á sjóflutningum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarherinn sækir inn á svæði Tígra í Srí Lanka:

# Stórsókn hersins

**KÓLOMBÓ, AP** Stjórnarher Srí Lanka sækir nú í átt að Sampur-skaga við Trincomalee, norðlæga hafnarborg á austurströnd landsins. Sampurskagi er á miðju yfirráðasvæði Tamílatígranna í austri og hernaðarlega mikilvægur því í Trincomalee er góð höfn, sem Tígrarnir nota til að koma vistum á yfirráðasvæði sín og til að klekkja á sjóher stjórnarinnar, en herstöð sjóhersins er skammt undan borginni. Tamílatígrar hafa síðustu daga haldið úti árásum á herstöðina, en mikilvægt er fyrir stjórnarherinn að stöðin falli ekki í hendur Tígrunum því hún er eina leiðin fyrir stjórnarherinn til að senda nauðsynlegar vistir til sinna hermanna á Jaffna-skaga í norðri.

Sóknin, sem staðið hefur yfir frá sunnudegi, ræður því miklu um áframhaldandi þróun mála á svæðinu og segir ríkisstjórnin að stjórn svæðisins ráði jafnvel úrslitum um fullveldi landsins. Hún sé svo mikið grundvallaratriði að hún sé undanþegin vopnahléssamningnum frá 2002. Þorfinnur Ómarsson, talsmaður norrænu eftirlitssveitarinnar, efast um að þetta eigi við rök að styðjast. Sampur-skaginn hafi verið undir stjórn Tígranna í fjögur og hálft ár, eða allt frá vopnahléi. Herinn geti því ekki sagt núna fyrst að hann skipti grundvallarmáli fyrir fullveldi landsins. Væri svo hefði herinn aldrei gengið að vopnahléinu. Árásin er því að mati SLMM brot á vopnahléssamningnum. - kóþ

Sameinuðu þjóðirnar:

## Íhuga að fresta neyðaraðstoð

Í kjölfar niðurstöðu norrænu eftirlitssveitarinnar um að sautján hjálparstarfsmenn hafi verið teknir af lífi af stjórnarher Srí Lanka, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær, hefur Jan Egelund, skipuleggjandi neyðaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna, hótað því að draga mannúðaraðstoð SÞ tímabundið til baka.

Ulf Henricsson, fráfarandi yfirmaður SLMM, tók í sama streng og sagði ómögulegt að starfa áfram á átakasvæðinu nema „fólk verði dregið til ábyrgðar á aftöku sautján samstarfsmanna okkar“.




# Afnemum VSK

## af öllum ritföngum og skólatöskum um helgina




Gildir til 4. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# ALLSHERJAR UPPLIFUN




**Hægt verður meðal annars að:**

-reyna köfun með fullum búnaði
-fara á skauta hvort sem þú þarft
 kennslu eða ekki
-prófa mismunandi nuddaðferðir
-kynna sér og prófa höfuðbeina-
 og spjaldhryggsmeðferð
-bragða á og fá uppskriftir að
 hollri næringu

**Fluttir verða fróðlegir fyrirlestrar meðal annars um:**

-þjálfun kviðvöðva
-lífsorku með nýtingu náttúruaflanna
-áhrif glúkósamíns á liði
-hvernig 24 tímar nægja í allt
-áhrif aspartams
-félagslega virkni á efri árum
-börn og óbeinar reykingar

**Á sýningarsviði getur þú meðal annars séð:**

-karatesýningar
-danssýningar
-leikfimi barna, fullorðinna
 og eldriborgara
-bardagatækni
-líkamsmálun
-rope yoga
-shiatsu

GOTT FÓLK McCANN




Sýningin 3L Expo í Egilshöll 7.-11. september er engin venjuleg sýning. Þar stendur þér til boða að hlýða á fróðlegar kynningar um málefni tengd heilsu og vellíðan, sjá skemmtileg sýningaratriði á meðan þú handleikur og skoðar það sem sýnendur hafa fram á að bjóða og prófar alls kyns spennandi hluti sem ekki bjóðast á hverjum degi. Öll fjölskyldan ætti að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

**Upplifðu allt sem 3L Expo hefur upp á að bjóða 7.-11. september í Egilshöll.**

3L EXPO

www.3lexpo.is I 594 9670

„ORÐRÉTT“

**Ósköp hefðbundið**

*„ Þetta er ósköp hefðbundið enda afgreitt eins og hjá hverjum öðrum Íslendingi.“*

**Árni Johnsen hefur hlotið uppreist æru að ákvörðun dómsmálaráðherra. Fréttablaðið, 31. ágúst.**

**Sjálfbær nýting**

*„Þetta [hvalveiðar] er bara hluti af okkar sjálfbæru og ábyrgu nýtingu á auðlindum hafsins og sú nútímalega náttúruverndarstefna sem menn vilja tileinka sér gengur út á sjálfbæra nýtingu en ekki friðun.“*

**Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segist ekki verða var við andmæli vegna hvalveiða. Fréttablaðið, 31. ágúst.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR LEIKKONA

## *Slappar af fyrir komandi annir*

„Það er allt gott að frétta og haustið leggst vel í mig,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona.

„Þessa dagana tek ég þátt í sýningunni Footloose sem sýnd er í Borgarleikhúsinu og það er ofsalega gaman. Unni Ösp, leikstjóra sýningarinnar, hefur tekist mjög vel til í að raða í hlutverkin og ég reikna með að sýningar verði til áramóta.“

Guðlaug leikur mömmuna í verkinu en hefur engar áhyggjur af því að hlutverkavalið skrifist á aldur hennar heldur frekar á hversu góð leikkona hún sé.

„Annars er ég bara búin að njóta þess að vera í fríi í sumar. Þegar maður vinnur mikið allan veturinn finnst mér gott að gera engin plön og getað skipulagt hvern dag eftir mínum hentugleika. Ég hef bara verið að dútla heima, halda matarboð og annað smálegt en fór síðan með syni mínum á Snæfellsnesið þar sem við mæðginin gistum tvær nætur á Hótel Búðum.“

Verkefni næstu missera eru að mestu óráðin hjá Guðlaugu en hún er ekki fastráðin hjá neinu leikhúsi. „Ég hef þó engar áhyggjur af verkefnaleysi og ef í harðbakkann slær get ég alltaf fengið vinnu við eitthvað annað en leiklistina. Ég reikna þó með því að ég verði á fullu í mínu fagi.“

Margir sjónvarpsáhorfendur skemmtu sér konunglega yfir þáttunum um Stelpurnar síðasta vetur en Guðlaug fór einmitt með hlutverk í þeim. Hún segir ekkert ákveðið um framtíð þáttanna en útilokar ekki að þær vinkonur birtist aftur á skjánum.

„Þó það sé gaman að takast á við ný og spennandi verkefni uni ég mér líka vel heima og var einmitt að ljúka við að prjóna úlnliðshlífar. Þá þarf ég að fara að klára að hekla bekkinn á gardínurnar hjá mér, segir Guðlaug og viðurkennir að þessi verkefni séu kannski tákn þess að hún sé komin af unglingsaldri.

Guðlaug skorar að lokum á alla að vera menningarlega í vetur og mæta í leikhús.



**SJÓNARHÓLL**

**KJARNORKUÁÆTLUN ÍRANA**



GUÐNÝ HRUND KARLSDÓTTIR FYRRVER-

## *Orkar tvímælis*

Í dag rann út frestur Írana til að taka tilboði nokkurra vesturveldanna og láta af kjarnorkuáætlun sinni. Þeir sitja fast við sinn keip og segja önnur ríki ekki eiga að ráða því hvernig Íranar nýti auðlindir sínar en þeir segjast ekki munu nýta úran til að framleiða kjarnorkuvopn. En geta vesturveldin, sem sjálf hafa yfir kjarnorkuvopnum að búa, sagt Írönum fyrir verkum hvað þetta varðar?

„Ég hef ekki kynnt mér þetta svo vel en ég skyldi ætla að þessi ríki sem eru að þrýsta á Írana hafi eitthvað fyrir sér í þessu máli,“ segir Guðný Hrund Karlsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri á Raufarhöfn.

„Einnig vona ég að menn hafi lært af þeim fjölmörgu mistökum sem átt hafa sér stað í Íraksstríðinu svo ekki komi til átaka á þessu viðkvæma svæði. En vissulega orkar það tvímælis að ríki sem búa yfir kjarnorkuvopnum setji öðrum stólinn fyrir dyrnar í þeim efnum en enn og aftur vona ég að þeir viti hvað þeir eru að gera.“

# Virðing er lykilatriði í skólastarfi

**Brúin á milli leikskóla og grunnskóla er viðfangsefni Sue Dockett, prófessors í menntunarfræðum við University of Western Sydney í Ástralíu, en hún er hingað komin vegna ráðstefnu um menntamál.**

Ráðstefnan er á vegum EECERA sem eru samtök um menntarannsóknir á sviði yngri barna og er haldin í Kennaraháskóla Íslands frá 30. ágúst til 2. september. „Þetta er stærsta ráðstefnan sem samtökin hafa haldið,“ segir Jóhanna Einarsdóttir, prófessor í menntunarfræðum yngri barna í Kennaraháskólanum og formaður undirbúningsnefndar ráðstefnunnar, en um 580 manns frá 43 löndum hafa skráð sig.

### Vandasöm skil

Sue Dockett er ein sérfræðinganna sem munu flytja erindi á ráðstefnunni. „Svipuð mál eru í deiglunni á Íslandi og í Ástralíu varðandi hvernig við getum gert börnunum auðveldara að fara úr óformlegum leikskólum í skóla sem eru mun formlegri og leggja meiri áherslu á að fylgja námskránni,“ segir Sue. „Það er ekkert eitt módel sem er best, því það sem virkar á einum stað virkar ekki annars staðar. En við metum þessi skil milli skólastiganna á því hversu vel börnunum finnst þau falla inn í skólann og hversu vel þau eru tengd við skólann og kennarana. Margar umfangsmiklar rannsóknir í Bandaríkjunum og Bretlandi benda til þess að börn sem finna sterk tengsl við skólann og finnst þau tilheyra honum þegar þau byrja gengur betur í námi og eru lengur í skólanum en börnum sem finnst skólinn ekki mjög góður staður til að vera á,“ segir Dockett.



**FYRSTI SKÓLADAGUR** Dockett segir að ákveðin spenna ríki oft í leikskólunum þegar leikskólakennarar leggi áherslu á leik á meðan foreldrarnir vilja að börnin fái forskot áður en þau byrji í skólanum og læri eitthvað að lesa og skrifa.

Jóhanna tekur undir þetta, en hún hefur starfað með Dockett að rannsóknum á færslunni milli skólastiga. „Það er mjög mikilvægt að þegar börnin fara í skólann viti þau hverju þau eiga von á. Bæði í Ástralíu og á Íslandi reyna kennarar að kynna grunnskólann fyrir leikskólabörnunum. Hér á landi fara leikskólakennararnir með börnin í heimsókn í grunnskólann árið áður en þau byrja en í Ástralíu taka foreldrar meiri þátt í þessu,“ segir Jóhanna.

### Samstarf leikskóla og grunnskóla

Tengsl leikskóla og grunnskóla hafa verið í deiglunni undanfarið vegna ákvörðunar borgaryfirvalda um að kljúfa menntaráð í leikskóla- og grunnskólaráð. Sue bendir á að eigi skólastigin tvö að vera aðskilin í stjórnkerfinu verði samt sem áður að tryggja að einhver tengsl og samvinna séu á milli þeirra. „Í New South Wales-fylki, þar sem ég hef unnið í Ástralíu, sjá mismunandi deildir innan fylkisstjórnarinnar um leikskólamál og grunnskólamál. Það eru ekki mikil tengsl á milli þeirra, og það eru lítil sem engin tengsl milli kennaranna úr stéttunum tveimur. Leikskólakennararnir vita ekki mikið um það sem gerist í grunnskólanum og öfugt. Það þýðir að stundum er skortur á gagnkvæmri virðingu milli skólastiganna og það hefur slæm áhrif á þetta bil milli skólanna,“ segir Sue.



SUE DOCKETT

### Leikurinn mikilvægur

Dockett segir að ákveðin spenna ríki oft í leikskólunum þegar leikskólakennarar leggja áherslu á leik á meðan foreldrarnir vilja að börnin fái forskot áður en þau byrji í skólanum og læri eitthvað að lesa og skrifa. „Ef börnin vilja læra er það gott, en það er ekki sniðugt að neyða krakka til að lesa og skrifa í leikskólum,“ segir Sue. „Mikilvægast er að börnum líði vel og séu full sjálfstraustş þegar þau byrja í skólanum. Ef þeim líður vel þegar þau byrja í skólanum munu þau læra mikið, en ef þeim finnst þau vera beitt of miklum þrýstingi verður námið ekki jafn árangursríkt,“ segir Sue.

Jóhanna segir að þrýstingurinn sé einnig mikill á Íslandi og að foreldrar átti sig oft ekki á mikilvægi leiks. „Börnin læra margt í gegnum leik. Þau læra á samskipti sín á milli, æfa tungumálið og aðra hluti sem eru svo mikilvægir á þessum aldri. Við höldum því fram að leikur sé mikilvægari en að kenna börnum að lesa og skrifa í leikskólanum,“ segir Jóhanna.

„Í sumum löndum er þessi þrýstingur að færast neðar í skólastigunum, til dæmis í Bretlandi. Það er eitthvað sem við höfum áhyggjur af,“ segir hún.

### Aginn

Alltaf er verið að kvarta undan agaleysi í skólastarfinu en Sue er með gott svar við því. „Það besta til að koma í veg fyrir agavandamál er að láta börnin hafa eitthvað að gera sem hefur þýðingu. Stundum er það svo einfalt, sem og að kennarinn stoppi og skýri út fyrir börnunum hvað þau séu að gera og hvers vegna það sé mikilvægt. Kennararnir gætu útskýrt „við þurfum að læra þetta fyrir þetta,“ eða „þetta er gott að læra af því að...“. Börn eru líklegri til að hlusta ef þau fá útskýringu,“ segir Sue.

Hún segir að virðing sé lykilatriði í skólastarfi. „Við skoðum hvernig börnin virða skólann og hvernig skólarnir virða börnin. Ef það eru ekki góð tengsl milli skólans og kennaranna og barnsins þá sjáum við veggjakrot um alla veggi og brotna glugga, því engin virðing ríkir,“ segir Sue að lokum.

**rosag@frettabladid.is**

# Vel á sig komnar í kúa-fitness

Búnaðarsamband Suðurlands og Félag kúabænda á Suðurlandi stóðu fyrir kúasýningunni KÝR um síðustu helgi í Ölfushöllinni að Ingólfshvoli. Það var í fjórða sinn sem sú sýning er haldin.

Þar bar að líta 46 gripir, þar á meðal nautin tvö Danna frá Nýjabæ undir Eyjafjöllum og Stássa frá Nautastöðinni á Syðri Bægisá. Haldið var sérstakt kúafitness svo menn gætu séð hvort gripirnir væru ekki í góðu formi en því næst var kosinn besti gripur sýningarinnar en það var kálfurinn Ör sem fékk þau verðlaun. Eygló Arna Guðnadóttir sem sýndi verðlaunagripinn fékk verðlaun í flokki sýnenda 11 ára og yngri.

Aðstandendur sýningarinnar voru hæstánægðir með hana en um 600 gestir mættu en einnig voru þeir ánægðir með þátttöku barna og unglinga sem var mjög góð og einnig var greinilegt að sýnendur höfðu lagt mikið á sig og gripi sína við undurbúning.

**- jse**



**DANNI FRÁ NÝJABÆ** Nautið Danni fékk mikla athygli á sýningunni enda var hann annað af tveimur nautum sem þar bar að líta. Eins og sjá má er hann mikill vexti. MYND/GUÐMUNDUR JÓHANNESSON



**EYGLÓ MEÐ VERÐLAUNAKÁLFINN ÖR** Besti gripurinn á sýningunni var valinn kálfurinn Ör sem hér er milli sýnandans Eyglóar Örnu Guðnadóttur og Þórólfs Sveinssonar, formanns Landssambands kúabænda. MYND/GUÐMUNDUR JÓHANNESSON

Heildarlausn fyrir snyrtinguna
Lotus Professional
Á tilboði í september


3.982 kr.
Blár enMotion snertifrír skammtari

1.865 kr.
Blár sápuskammtari Foam

1.865 kr.
Blátt WC Compact statíf fyrir tvær rúllur
Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
TUNGLIÐ RV6215A

www.toyota.is

# AUÐVITAÐ HEFUR ÞIG ALLTAF LANGAÐ Í JEPPA

## NÚNA ER TÆKIFÆRIÐ: JEPPADAGAR 1. – 16. SEPT.

Núna standa yfir Jeppadagar hjá Toyota – Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir jeppar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum aðeins jeppa sem hafa staðist strangt gæðamat – Gæðajeppa og Úrvalsjeppa – bíla sem uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.




**Nissan Terrano II Luxury** Sjsk, Dísel
Á götuna: 07.03 Ekinn: 45.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. PO349




**MMC Pajero GDI GLS** sjsk, bensín
Á götuna: 10.00 Ekinn: 142.000 km
Verð: 2.050.000 kr. Skr.nr. RJ737




**Land Cruiser 100** Sjsk, bensín
Á götuna: 11.02 Ekinn: 60.000 km
Verð: 5.150.000 kr. Skr.nr. MO509




**MMC Pajero Langur Int.Turbo** Sjsk, Dísel
Á götuna: 04.00 Ekinn: 130.000 km
Verð: 1.990.000 kr. Skr.nr. JL332




**MMC Pajero DI-D** Sjsk, Dísel
Á götuna: 02.05 Ekinn: 27.000 km
Verð: 4.900.000 kr. Skr.nr.UI196




**Hyundai Santa FE** Sjsk, bensín
Á götuna: 10.01 Ekinn: 93.000 km
Verð: 1.620.000 kr. Skr.nr. PB578




**Land Cruiser 90 LX** 5 gíra, Dísel
Á götuna: 10.98 Ekinn: 256.000 km
Verð: 1.490.000 kr. Skr.nr. PK787




**Ford F-250 P/U** Sjsk, Dísel
Á götuna: 08.03 Ekinn: 52.000 km
Verð: 3.150.000 kr. Skr.nr. NX789

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33917 09/2006

## Komdu og skoðaðu þessa og fjölmarga aðra jeppa á tilboðsverði.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstöðum
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

## Svona erum við

> Fjöldi íslenskra útvarpsstöðva




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** TAMÍLTÍGRARNIR

# *Starfrækja fjölmiðla, skóla og banka*

Reglulega berast fréttir af átökum svokallaðra Tamíltígra á Srí Lanka við þarlend yfirvöld. Norrænar friðargæslusveitir hafa dvalist á eynni undanfarið, meðal annars nokkrir Íslendingar.

**Hverjir eru Tamíltígrarnir?**
Tamíltígrarnir eru herská pólitísk samtök sem hafa strítt við yfirvöld Srí Lanka frá því á áttunda áratugnum með það að markmiði að aðskilja Tamíl-svæðin í Norður- og Austur-Srí Lanka frá landinu og stofna nýtt ríki.

**Eru Tamíltígrarnir hryðjuverkasamtök?**
Eins og venjan er með samtök af þessum toga eru alls ekki allir sammála um hvernig skuli skilgreina Tamíltígrana. Stuðningsmenn þeirra segja þá frelsishetjur en fjöldi ríkja, þeirra á meðal Bandaríkin, ríki Evrópusambandsins, Kanada og Indland, hafa sett Tígrana á lista yfir hryðjuverkasamtök. Það er aðallega gert vegna þess að þeir nota barnunga hermenn, hafa staðið fyrir launmorðum á þekktum stjórnmálamönnum og beita sjálfsmorðsárásum.

Þeir sem andmæla því að þeir séu hryðjuverkasamtök benda á að Tamíltígrarnir, sem stjórna nyrsta hluta landsins, haldi úti skólum fyrir börn, heilbrigðisþjónustu, dómskerfi, lagaskóla, fjölmiðlakerfi, bönkum, tollgæslu og lögreglu, og séu því engin hryðjuverkasamtök, heldur sjálfstætt starfandi ríki með eigin stjórnsýslu.



## SPURT & SVARAÐ



**SVERRIR DANÍEL HALLDÓRSSON**
líffræðingur

### *Hvalveiðar*

Hvalveiðar í vísindaskyni hafa verið stundaðar frá árinu 2003 en veiðum þessa árs lauk í síðustu viku. Sverrir Daníel Halldórsson er líffræðingur á hvaladeild Hafrannsóknarstofnunarinnar.

**Hversu margar hrefnur megið þið veiða og hvað eruð þið að rannsaka?**
Þetta voru 60 dýr sem við máttum veiða í ár. Við erum fyrst og fremst að skoða fæðuvistfræðina; mikilvægi hrefnunnar í vistkerfinu. Við greinum til dæmis magasýni úr dýrunum.

**Hvað verður um kjötið?**
Félag hrefnuveiðimanna sér um að setja kjötið í sölu. Allur ágóði af þessum veiðum rennur í rannsóknarsjóð.

**Hvernig fara veiðarnar fram?**
Við vorum með fjóra báta fyrr í sumar, en tvo undir lokin. Félag hrefnuveiðimanna útvegar bátana og allir skipstjórarnir eru gamlir hrefnuveiðimenn. Við notum norskan sprengiskutul, sem springur þegar hann kemur í dýrið.

Upplýsingar,
viðburðir,
afþreying og fréttir
REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

allt
atvinna
Alla sunnudaga

# Ný stjórnarskrá Finna reynist vel

**Kimmo Sasi er formaður stjórnarskrárnefndar finnska þingsins og átti sæti í nefndinni sem samdi nýju stjórnarskrána sem tók gildi árið 2000. Auðunn Arnórsson hitti hann að máli í þinghúsinu í Helsinki.**

Tilefni heimsóknarinnar er að kynnast reynslu Finna af því að endurskoða stjórnarskrá norræns lýðveldis, í ljósi þess að nú er verið að vinna að endurskoðun stjórnarskrár íslenska lýðveldisins.

Það fer ekki á milli mála þegar á fund Sasi er komið að þar fer maður sem gustar af. Hann hefur setið á þingi fyrir íhaldsflokkinn Kokoomus (Sameiningarflokkinn) síðan árið 1983. Hann er lögfræðingur að mennt og hefur allt frá því fyrst var farið að vinna að endurskoðun finnsku stjórnarskrárinnar, fyrst mannréttindakaflans og svo allra annarra þátta hennar, tekið virkan þátt í því starfi. Sem formaður stjórnarskrárnefndarinnar hefur hann mikið um það að segja hvernig hin endurskoðaða stjórnarskrá Finna er túlkuð, enda hefur nefndin samsvarandi vald til að skera úr um stjórnarskrársamræmi laga og stjórnskipunardómstólar hafa í öðrum ríkjum.

**Lærdómur af valdatíð Kekkonens**
Sasi var fyrst beðinn að lýsa aðdraganda þess að stjórnarskráin var endurskoðuð árið 2000. Til að útskýra það byrjar hann á að rifja upp að Finnland fékk sjálfstæði árið 1917 og þingið samþykkti nýja stjórnarskrá árið 1919. „Með henni varð Finnland lýðveldi; í henni var kveðið á um hvernig æðstu valdastofnanir ríkisins störfuðu,“ segir hann. „Þessi stjórnarskrá hélst lítt breytt fram á tíunda áratuginn. Eftir 24 ára forsetatíð Urho Kekkonens (1956-1981) var mikill vilji fyrir hendi að draga úr völdum forsetans, það var einn aðalhvatinn að stjórnarskrárbreytingum,“ útskýrir Sasi.

„Hinn var sá að mannréttindaákvæði voru af mjög skornum skammti í gömlu stjórnarskránni.“

**Byrjað á mannréttindakafla**
Viljinn annars vegar til að draga úr völdum forsetans og hins vegar til að efla mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar voru semsé aðalhvatarnir að því að fljótlega eftir að Kekkonen var farinn frá völdum í byrjun níunda áratugarins var kölluð saman nefnd með fulltrúum úr öllum stjórnmálaflokkum sem sæti áttu á þingi. „Þessi nefnd hafði það hlutverk að semja nýjan mannréttindakafla stjórnarskrárinnar og ég átti sæti í henni,“ segir Sasi. Nefndinni til ráðgjafar var nefnd með stjórnlagafræðingum og öðrum sérfræðingum, auk embættismanna og fulltrúa hagsmunasamtaka aðila vinnumarkaðarins.

**Erfiðar málamiðlanir**
„Þetta nefndarstarf tók langan tíma og það þurfti miklar pólitískar málamiðlanir til að komast að niðurstöðu,“ segir Sasi. En niðurstaða náðist og nýr mannréttindakafli tók gildi árið 1995, sama ár og endurskoðaður mannréttindakafli íslensku stjórnarskrárinnar gekk í gildi.

Sasi segir aðalmálamiðlunina, sem greiddi fyrir samþykki uppfærða mannréttindakaflans, hafa verið þá að fallist var á að afnema vald það sem þriðjungur þingheims hafði til að fresta gildistöku tiltekinna laga fram yfir kosningar, en þetta vald hafði verið stjórnarandstöðuflokkum Kekkonentímans mikilvægt haldreipi. Þegar borgaraflokkarnir komust í stjórn seint á níunda áratugnum og þurftu að koma efnahagsumbótum í framkvæmd reyndist þetta ákvæði slíkum umbótaáformum mjög til trafala. Því varð niðurstaðan sú að afnema það um leið og nýi mannréttindakaflinn var samþykktur, en í honum eru meðal annars ákvæði um efnahagsleg og félagsleg réttindi sem vinstrimenn í nefndinni lögðu mikla áherslu á að yrðu þar.

„Það skapaðist samstaða milli flokka innan þings um að taka þetta vald af minnihlutanum. Þessu var breytt um leið og nýi mannréttindakaflinn var samþykktur,“ staðfestir Sasi.
„Í framhaldi af því var samstaða um að halda verkinu áfram og uppfæra aðra þætti stjórnarskrárinnar, sem verið höfðu í gildi frá árinu 1919. Stefnan var sett á að endurskoðuð stjórnarskrá tæki gildi árið 2000,“ segir hann. Því hafi ný nefnd verið mynduð til að vinna að þessu verkefni. „Nefndin fór í gegnum gömlu stjórnarskrána og endurskrifaði ákvæði hennar; færði þau til nútímalegra horfs,“ útskýrir Sasi. „Innihaldslega voru þó litlar breytingar gerðar aðrar en þær sem vörðuðu valdsvið forsetans.“

**Forsetinn sviptur valdheimildum**
Þær breytingar voru hins vegar umtalsverðar. „Forsetinn var sviptur nær öllu valdi í innanríkismálum,“ segir Sasi. Til dæmis um þetta nefnir hann að ef forsetinn hefur eitthvað á móti tilteknu stjórnarfrumvarpi getur hann vísað því til baka til ríkisstjórnarinnar, en vilji hún halda málinu til streitu og sendir það óbreytt til forsetans til undirskriftar, verður hann að gera það.

„Einu raunverulegu völdin sem forsetinn hefur í innanlandsmálum er skipunarvald í æðstu embætti ríkisins,“ segir Sasi. Frá því uppfærða stjórnarskráin tók gildi hefur sýnt sig að þetta embættisskipunarvald hefur forsetinn nýtt sér til áhrifa.

Það sem álitið var haldast sem valdsvið forsetans er fyrst og fremst á sviði utanríkismála.

**Ánægja í öllum flokkum**
„Ég tel að í öllum flokkum ríki nú almenn ánægja með nýju stjórnarskrána,“ segir Sasi. „Eins og ég sagði er valdsvið forsetans ekki alveg fullmótað enn, ég tel að það taki svolítinn tíma. Forsetinn mun draga úr hlutverki sínu í sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu ESB, ef ekki að eigin frumkvæði þá þvingaður til þess. Hann mun að mínu viti gegna æ minna hlutverki í leiðtogafundunum.“

Sasi rekur ástæðuna fyrir því að Finnar gátu svo lengi búið við stjórnarskrá, sem svo litlum breytingum tók, til þess að með 2/3 hluta þingmeirihluta var hægt að samþykkja sérlög sem viku frá bókstaf stjórnarskrárinnar. Þessi heimild var notuð mörg hundruð sinnum á gildistíma gömlu stjórnarskrárinnar; mörg slík lög voru þó aðeins í gildi í takmarkaðan tíma.

Þegar nýja stjórnarskráin tók gildi var kveðið á um að ekki væri hægt að hagga við kjarna stjórnarskrárvarinna réttinda borgaranna. „Nýja reglan var því sú að áfram er mögulegt að gera stjórnarskrárbreytingar með þessum hætti (2/3 meirihluta), en nær eingöngu í tengslum við alþjóðasamstarfsskuldbindingar okkar,“ útskýrir Sasi.



**ÞINGHÚSIÐ Í HELSINKI** Með byggingu hins tilkomumikla þinghúss á millistríðsárunum var fest í sessi tilkall þingsins til að vera kjölfesta finnskrar stjórnskipunar.
LJÓSMYND/AUÐUNN

### SÁTT UM VALD STJÓRNARSKRÁRNEFNDAR

Sasi segir góða samstöðu ríkja um það vald sem stjórnarskrárnefndin fer með. Hún hefur ein réttinn til að túlka stjórnarskrárgildi laga. Dómstólar hafa þennan rétt ekki nema að svo miklu leyti sem tengist tilteknu máli sem þeir þurfa að úrskurða í. Slík túlkun fær að sögn Sasi þó þá aðeins fordæmisgildi að hún gangi ekki gegn túlkun stjórnarskrárnefndarinnar. Hann segir aðeins eitt slíkt tilvik hafa komið upp í Hæstarétti síðan stjórnarskráin tók gildi fyrir sex árum.

Spurður hvort það sé ekki til þess fallið að grafa undan trúverðugleika nefndarinnar að hún er skipuð stjórnmálamönnum en ekki atvinnulögfræðingum og endurspeglar þannig flokkspólitískar átakalínur, svarar Sasi því til að þetta hafi hingað til ekki verið vandamál. „Við reynum jafnan að ná samstöðu þegar við tökum afstöðu til mála í nefndinni,“ segir hann. Og nefndarmenn reyni að láta lögfræðirök vega þyngra en pólitísk.



**KIMMO SASI** Formaður stjórnarskrárnefndar finnska þingsins.

**Nánar verður fjallað um reynslu Finna af endurskoðun stjórnarskrár sinnar í Fréttablaðinu á morgun.**



FRÉTTAVIÐTAL
**AUÐUNN ARNÓRSSON**
audunn@frettabladid.is

Frá og með 1. september

# Breyttur afgreiðslutími

11-18
MÁN-FIM

11-19
FÖS

11-18
LAU

Í dag verður afgreiðslutími Heiðrúnar og vínbúðanna í Spönginni, Garðabæ, Mosfellsbæ og á Eiðistorgi samræmdur afgreiðslutíma annarra vínbúða á höfuðborgarsvæðinu.

Vakin er athygli á afgreiðslutíma í Holtagörðum og á Dalvegi: mán-fös kl. 9-20 og lau kl. 11-18.

VÍNBÚÐ

*lifum, lærum & njótum*



# landslag
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** HANDVERK GALLERÍ

## *Draumurinn rætist á Laugarvatni*

Hjónin Jóel Friðrik Jónsson og Þuríður Steinþórsdóttir tóku sig til fyrir þremur árum ásamt dótturinni Gróu Sif og fluttu úr Garðabænum, þar sem þau áttu og ráku Forn-ný járngallerí, í sælureitinn sinn við Laugarvatn þar sem þau reka nú Handverk gallerí.

„Við áttum sumarbústað hér skammt frá og kunnum svo afskaplega vel við okkur hér að við ákváðum einn daginn að selja bústaðinn en byggja íbúðarhús hér í staðinn og við sjáum svo sannarlega ekki eftir því,“ segir Jóel Friðrik en hús þeirra er við hliðina á galleríinu sem er í þorpinu við Laugarvatn. „Hér er mikil umferð allan ársins hring þannig að þó við séum komin út á land fer meiri umferð um galleríið hér en í Garðabæ,“ bætir hann við.



Þuríður vann á sínum tíma á verkstæði ásamt bræðrum sínum. En sköpunargáfan tók oft af henni völdin og í stað þess að gera við vélar og hluti var hún farin að búa til hina ýmsa gripi úr járninu. „Svo fór þetta bara að rokseljast og þannig byrjaði nú þetta ævintýri,“ segir Jóel Friðrik. Hann er sjálfur hagleikssmiður og bólstrari. Hann reisti húsið sem galleríið er í og íbúðarhúsið ásamt góðu fólki, segir hann.

En ekki er nóg með að þau hjónin leggi sitt af mörkum í listalífinu við Laugarvatn því þau bjóða einnig upp á hollar vörur sem matgæðingar eru sólgnir í. „Við bjóðum upp á lífrænt ræktað grænmeti, silung úr Laugarvatni og Apavatni og harðfisk frá Þorlákshöfn,“ segir Jóel Friðrik og sest á bekkinn við grænmetiskörfuna.

### STAÐURINN
**TÖLUR OG STAÐREYNDIR**



*Laugarvatn*

Íbúafjöldi í desember 2005: 181
Íbúafjöldi í desember 2001: 149

Sveitarfélag: Bláskógabyggð
Íbúafjöldi: 921

Skólar: Leikskólinn Gullkistan, Grunnskóli Bláskógabyggðar (hefur einnig aðsetur á Reykholti), Menntaskólinn að Laugarvatni, Íþróttafræðasetrið að Laugarvatni.

Helstu fyrirtæki: Hótel Edda (elsta Edduhótel landsins), Veitingahúsið Lindin, Gróðrarstöðin Laugarströnd, Gistiheimilið Dalsel.




# Nafla- og táskoðun í Nös

**Laugarvatn er gárulaust og endurspeglar heiðbláan himinn. Ferðamenn og lærlingar eru á ferli í þorpinu þegar *Jón Sigurður Eyjólfsson* ekur um á þessum sögufræga stað þar sem naflaskoðun og táskoðun eru stundaðar af krafti.**

Samfélagið á Laugarvatni tekur miklum breytingum á þessum árstíma, eins og það gerir reyndar einnig á vorin. Ferðamenn hafa verið fyrirferðarmestir í sumar en nú eru nemendur mættir til leiks og starfa í þessu litla samfélagi sem státað getur af öllum skólastigum frá leikskóla til háskóla. Ferðamenn eru þó enn fjölmennir og sígaunarnir, eins og íbúar hjólhýsahverfisins kalla sig sjálfir, sem og sumarbústaðaeigendur í nágrenninu, setja sinn svip á samfélagið allan ársins hring. Um 160 nemendur stunda nám við íþróttasetrið en þar fer fram íþróttafræðikennsla við Kennaraháskóla Íslands og rúmlega 130 eru í menntaskólanum. Þar eru hefðir í hávegum hafðar og nýnemar læra fljótt að bera virðingu fyrir sögu skólans. Halldór Páll Halldórsson skólameistari var sjálfur nemandi við skólann og í huga hans er ekki svo langt síðan, enda gerist ýmislegt sem minnir hann á menntaskólaárin.

### Tattúmerktur skólanum

„Þegar ég kom hingað árið 2001 var það eins og að koma heim,“ segir Halldór Páll. „Enda eru margir af því frábæra starfsliði, sem gerir okkur kleift að halda uppi metnaðarfullu skólastarfi, gamlir nemendur héðan svo sú virðist vera raunin að það sé erfitt að hafa sig héðan. Enda er það fyrir löngu sannað að menn hætta aldrei að vera ML-ingar því samheldnin er svo mikil hérna. Svo eru tengsl nemenda við staðinn og skólann svo gífurlega sterk og mikil að þau bönd bresta aldrei.“

Ekki þarf að leita í sögubækur til að finna sannanir fyrir þessu. „Það var nú bara síðast í gær að einn nemandi kom til mín og vildi fá að tala við mig í einrúmi. Erindið var að sýna mér húðflúr sem hann hafði látið setja á handlegginn en það var merki skólans. Hann sagði að skólinn hefði svo mikla þýðingu fyrir sig að ekki hefði annað húðflúr komið til greina. Ég varð nú nokkuð klökkur þó ég sé nú ekki að mælast til þess að nemendur fari að merkja sig skólanum með þessum hætti,“ segir skólameistarinn, sem yngist um áratugi þegar skemmtileg uppátæki nemenda eru til umræðu.

### Húmorískar hefðir í hávegum

Þegar hann er orðinn svo ungur í anda á hann auðvelt með að muna uppátækin frá menntaskólaárunum þó ábyrgð skólameistarans sé honum einnig hugleikin. „Hér eru hefðir í hávegum hafðar en oft er það þannig að menn vilja toppa forvera sína og gera hlutina aðeins svæsnari en í fyrra svo stundum verða skólayfirvöld að grípa inn í og gera samning við nemendur um að breyta hefðinni aðeins eða að banna ákveðna hefð ef ekki verður hjá því komist. En þó við séum nokkuð fastheldin á hefðir pössum við okkur á því að vera ekki of niðurnjörvuð. Hér fær hver og einn að vera eins og hann er; við viljum alls ekki steypa alla í sama mótið og því síður afstrípa sérkennilegheit af fólki.“

Áður fyrr var venjan að „hjóa“ á heimavistinni en þá var farið inn á herbergi manna um miðja nótt eða snemma morguns og dýnunni snúið á hvolf svo fórnarlambið vaknaði undir henni. „Þetta er eiginlega alveg búið,“ segir Halldór Páll og harmar hann það ekki.

### Naflaskoðun, táskoðun og kennaragrín

Gestur sem leggur leið sína í menntaskólann verður helst að hafa meðferðis orðabók ML-inga því hefðum og sögufrægum stöðum



**HALLDÓR PÁLL HALLDÓRSSON SKÓLAMEISTARI** Í huga skólameistarans er ekki svo langt síðan hann sat sjálfur á skólabekk í Menntaskólanum að Laugarvatni og tók þá þátt í bralli sem hann verður nú að reyna að hafa hemil á. Hann fær einnig sinn skammt af kennaragríni en það þykir eftirsóknarvert að Laugarvatni. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

fylgja oft nöfn sem aðeins innvígðir skilja. Guðni Páll Pálsson stallari, það er að segja formaður nemendafélagsins, kynnti blaðamanni menninguna. „Vistirnar heita Nös, Kös og Fjarvist,“ segir hann. „Nös er svo nálægt gamla skólameistarabústaðnum að menn höfðu orð á því að vistarmenn væru í nösinni á honum,“ segir Guðni Páll. „Fyrstubekkingar búa á Kös en þeir eru svo fjölmennir að þar búa allir í einni kös. Svo eru það öfugmæli að kalla vistina sem er á hæðinni fyrir ofan skólastofurnar Fjarvist. Kannski voru vistmenn þar oft fjarverandi líka.“

Samskipti kynjanna á heimavistinni geta verið með skrautlegu móti



**GUÐNI PÁLL PÁLSSON STALLARI** Stallarinn hefur aldrei verið merktur á tánum en hann tekur drjúgan þátt í naflaskoðun og gerir prakkarastrik endrum og eins svo að hefðirnar haldist. Svo trommar hann í hljómsveitinni El Rodeo. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

á Laugarvatni. „Hér er karlrembufélagið Kamel og því til höfuðs var stofnað Kvemel af stelpunum,“ útskýrir Guðni Páll. „Núna er svo yfirvofandi táskoðun en hún fer þannig fram að kona tælir karl inn á herbergi og reynir svo að ná honum úr sokknum en þá merkir hún hann með lit á tám og það þykir hin mesta hneisa fyrir okkur strákana ef þeim tekst það. Á móti kemur að við erum með naflaskoðun en þá tökum við stúlkurnar og setjum vatn í nafla þeirra og mælum svo rúmmál vatnsins. Sú sem er með stærsta naflann fær svo nafnbótina Nafladrottningin.“

Einnig er hefð fyrir því að halda svokallað kennaragrín en þá koma allir saman og gera grín að kennurum og öðrum starfsmönnum. „Þeir eru margir hverjir skrautlegir og með sín sérkenni,“ segir Guðni Páll. „Eins og til dæmis Hilmar efnafræðikennari sem er svo ör að við tókum okkur til og töldum það hversu mörg skref hann tæki í einni kennslustund; þau voru eitthvað um þúsund,“ segir hann og brosir við.

Guðni Páll er ekki alsaklaus þegar kemur að því að viðhalda gömlum hefðum sem enn viðgangast í óþökk skólayfirvalda. „Við bundum einu sinni saman allar hurðir en það vill svo vel til að á vistunum er hurð á móti hurð svo aðstæður eru mjög góðar fyrir þennan hrekk. Menn urðu sumir hverjir að skríða út um glugga,“ segir Guðni Páll og prakkarasvipur kemur yfir stallarann. „Jú, og svo hef ég hjóað,“ segir hann, svo ekki virðist hjóið alveg fyrir bí þótt skólameistari vilji trúa því.

# hagstæðustu heildarinnkaupin

## skemmtilegri innkaup



ódýrt

frábært verð

**30%**
afsláttur við kassa
Verð nú 297 kr/kg
Verð áður 424 kr/kg
Goða saltkjöt



þú sparar 400 kr/kg

**25%**
afsláttur við kassa
Verð nú 1199 kr/kg
Verð áður 1599 kr/kg
Goða lambasteik



þú sparar 422 kr/kg

**25%**
afsláttur við kassa
Verð nú 1.267 kr/kg
Verð áður 1.689 kr/kg
BK grísakótilettur djúpkryddaðar



íslenskur feti á frábæru verði



þú sparar 249 kr/kg

**25%**
afsláttur við kassa
Verð nú 749 kr/kg
Verð áður 998 kr/kg
Nettó brauðskinka



þú sparar 620 kr/kg

**25%**
afsláttur við kassa
Verð nú 2.062 kr/kg
Verð áður 2.749 kr/kg
Nettó hangiálegg



þú sparar 100 kr/pk

**30%**
afsláttur við kassa
Verð nú 239 kr/pk
Verð áður 339 kr/pk
Kexsmiðju möndlukaka og jólakaka

Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta



þú sparar 120 kr/stk

**30%**
afsláttur við kassa
Verð nú 279 kr/stk
Verð áður 399 kr/stk
Freschetta Pizza Roma

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 1. september til 3. september eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.017 **+0,47%** **Fjöldi viðskipta:294** **Velta:** 2.212 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +2,44% | **Icelandic Group** | -1,27% |
| **Straumur-Burðarás** | +1,86% | **Glitnir** | -0,50% |
| **Marel** | +1,32% | **Dagsbrún** | -0,39% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 66,00 +1,07% ... Alfesca 4,67 +0,86% ... Atlantic Petroleum 589,00 +0,34% ... Atorka 6,25 +0,00% ... Avion 33,20 -0,30% ... Bakkavör 54,20 -0,37% ... Dagsbrún 5,15 -0,39% ... FL Group 18,50 +0,00% ... Glitnir 19,80 -0,50% ... KB banki 823,00 +0,73% ... Landsbankinn 24,80 +0,00% ... Marel 77,00 +1,32% ... Mosaic Fashions 17,60 +0,57% ... Straumur-Burðarás 16,40 +1,86% ... Össur 125,50 +1,21%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Hvorki orðvar né orðheppinn

Bretlandsarmur skartgripakeðjunnar Signet er ekki til sölu að sögn Terry Burman, forstjóra fyrirtækisins. Baugur hefur lýst áhuga á að taka yfir rekstur Signet á Bretlandseyjunum. Signet rekur 590 verslanir á eyjunum undir merkjum H Samuel og Ernest Jones. Breski auðjöfurinn Gerald Ratner hefur einnig áhuga á starfseminni og gerir breska dagblaðið The Guardian því skóna að Baugur og Ratner taki jafnvel höndum saman. Rekstur Bretlandsarms Signet hefur ekki gengið sem skyldi; sala H Samuel dróst saman um tæp tvö prósent á fyrri árshelmingi og Ernest Jones tapaði 442 milljónum króna. Gerald Ratner verður seint sakaður um að vera orðvar og lá ekki á skoðunum sínum í þetta skiptið. „Þetta er ömurlegt uppgjör, hreint hörmulegt. Ég mun ná samkomulagi um kaupin, hvort sem það verður fyrir jól eða síðar.“



### Síðbúið skúbb

Barátta Actavis og Barr um króatíska lyfjaframleiðandann Pliva hefur harðnað til muna eftir að Actavis hækkaði eldra tilboð sitt um tíu prósent. Nemur fjárhæð tilboðsins 175 milljörðum króna. Í tilkynningu til Kauphallar Íslands kom fram að félagið hefði tryggt sér fulla fjármögnun með fulltingi þriggja erlenda fjármálastofnana, Glitnis og Landsbankans. Tæpum tveimur klukkustundum eftir að fréttin birtist gat að líta frétt á vef Viðskiptablaðsins þar sem sagði að samkvæmt heimildum blaðsins kæmi Landsbankinn að fjármögnun á hugsanlegri yfirtöku ásamt þremur erlendum fjármálafyrirtækjum. Viðskiptablaðið hafði hins vegar ekki heimildir fyrir því að Glitnir væri meðal lánveitenda. Það leið ekki á löngu þar til fréttinni var breytt til samræmis við eldri tilkynningu Actavis til Kauphallar.

## MARKAÐSPUNKTAR

Tæknival tapaði 27 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Á sama tíma fyrir ári tapaði félagið rétt rúmri 41 milljón króna. Óhagstæð gengisþróun skýrir tapið að miklu leyti.

Olíufélagið ehf. og dótturfélög þess, Olíudreifing og Egó, töpuðu 62,4 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. Þetta er viðsnúningur hjá félaginu en það hagnaðist um 223,9 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Tapið má rekja til óhagstæðrar gengisþróunar og aukins fjármagnskostnaðar.

Neysla jókst um 0,8 prósent í júlí og hefur aukningin ekki verið jafn mikil á árinu. Greiningaraðilar segja vöxt neyslunnar bera merki um hægari lendingu á efnahagslífinu en óttast hafði verið.

# Vöruskiptahallinn aldrei verið meiri

**Nítján milljarða halli varð á vöruskiptum í júlí. Talið er að úr honum dragi hratt strax á næsta ári.**

Vöruskiptahalli var 19,1 milljarður króna í júlí og hefur ekki verið meiri frá því mælingar hófust, samkvæmt Hagstofu Íslands. Fluttar voru inn vörur fyrir 16,2 milljarða króna í mánuðinum og inn fyrir 35,2 milljarða. Tæplega tólf milljarða halli var á vöruskiptum í júlí 2005.

Fyrstu sjö mánuði ársins hafa verið fluttar út vörur fyrir 130,5 milljarða króna en inn fyrir 216,4 milljarða. Sjávarafurðir eru stærstur hluti útflutnings, alls 56,4 prósent. Mest er flutt inn af fjárfestingavöru en innflutningur bíla og flugvéla hefur dregist saman.

Vöruskipti eru því óhagstæð um 85,9 milljarða króna fyrstu sjö mánuði ársins. Vöruskiptahalli hefur tæplega tvöfaldast sé miðað við sama tímabil í fyrra.

Greining Glitnis segir í Þjóðhagsspá sinni að viðskiptahallinn hafi verið uggvænlega mikill undanfarið og bendir á að hann hafi verið 26 prósent landsframleiðslu á öðrum ársfjórðungi.



**BÍLABREIÐUR** Vöruskiptahalli á fyrstu sjö mánuðum árs var 85,9 milljarðar króna. Greining Glitnis spáir að verulega dragi úr hallanum á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sérfræðingar Glitnis telja að verulega dragi úr innflutningi á næsta ári þegar stóriðjuframkvæmdum lýkur og dregur úr einkaneyslu. Því er spáð að viðskiptahalli verði 6,8 prósent landsframleiðslu samanborið við 16,8 prósent í ár. **- jsk**

# Actavis hækkar yfirtökutilboð sitt í Pliva

**Actavis hækkaði tilboð sitt í króatíska lyfjafyrirtækið Pliva um tíu prósent í gær og hljóðar það nú upp á 795 kúnur á hlut. Lokað var fyrir viðskipti með bréf í Pliva í Króatíu í gærmorgun skömmu áður en fréttin fór í loftið. Barr Pharmaceuticals, sem líka vill kaupa Pliva, ætlar sér viku til að hugleiða næstu skref.**



**RÓBERT WESSMANN, FORSTJÓRI ACTAVIS** Róbert segir samlegðaráhrif Actavis og Pliva meiri en Barr og Pliva. Actavis er í oddastöðu með rúman fimmtung hlutafjár í fyrirtækinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrra tilboð Actavis hljóðaði upp á 2,5 milljarða Bandaríkjadala eða um 175 milljarða íslenskra króna og hefur fjármálaeftirlit Króatíu staðfest nýtt tilboð Actavis, sem er 7 prósentum hærra en tilboð bandaríska samheitalyfjafyrirtækisins Barr í Pliva.

Fjármögnun vegna tilboðsins er að fullu lokið en að baki henni standa alþjóðlegu viðskiptabankarnir JP Morgan, HSBC og UBS, auk íslensku bankanna Glitnis og Landsbanka Íslands. Þá hefur Actavis fengið samþykki hluthafa fyrir útgáfu nýs hlutafjár sem nemur allt að 300 milljón hlutum í Actavis í tengslum við kaupin.

Róbert Wessmann, forstjóri Actavis, segir fyrirtækið í góðri stöðu því samlegðaráhrif af samruna Actavis og Pliva séu allt að helmingi meiri en Barr geri ráð fyrir. Þó eigi eftir að sjá hvort Barr sé tilbúið að hækka tilboð sitt í króatíska lyfjafyrirtækið. „Það gæti gerst að Barr vilji borga meira fyrir félagið en eðlilegt er. Þá munum við skoða það,“ segir hann.

Að sögn Róberts verða yfirtökur á borð við þessa að standa undir kaupverðinu svo þau skili sér aftur í aukinni arðsemi fyrir hluthafa fyrirtækjanna. „Þetta snýst í raun ekki um það hver er með stærsta vasann heldur hvað sé raunhæft að bjóða í svona félag,“ segir hann. Hækki Barr tilboð sitt geti svo farið að Actavis selji bréf sín eða haldi þeim og „geri Barr lífið leitt,“ sé gripið til orða Róberts enda sé félagið í oddastöðu með rúman fimmtung hlutafjár. Barr á hins vegar enga hluti í króatíska lyfjafyrirtækinu.

Barr gaf út tilkynningu í gær þar sem fram kemur að félagið muni taka ákvörðun um næstu skref eigi síðar en á föstudag í næstu viku.

Gengi bréfa í Pliva hækkaði um 5 prósent á markaði í Króatíu í kjölfar hærra tilboðs frá Actavis og fór í 820 kúnur á hlut. Fréttastofa Reuters hefur eftir greiningaraðila við Hypo Alpe-Adria banka í Króatíu að tilboð Actavis komi ekki á óvart. Telji greiningardeild bankans miklar líkur á að Barr bregðist við innan skamms og geti svo farið að lokagengi bréfa í Pliva fari yfir 850 kúnur á hlut. **jonab@frettabladid.is**

# Tap Blaðsins var í takt við áætlanir

Sigurður G. Guðjónsson, stjórnarformaður Árs og dags, útgefanda Blaðsins, segir að tap félagsins á síðasta rekstrarári hafi verið í takt við þær áætlanir sem lagt var upp með. Það sé eðlilegt fyrir fjölmiðlafyrirtæki sem byrji frá grunni. Sigurður gefur ekki upp nákvæmar tölur.

Á aðalfundi félagsins á dögunum var endurnýjuð heimild stjórnar til að auka hlutafé um tvö hundruð milljónir króna. Að sögn Sigurðar hefur ekki verið rætt við neina aðila um að koma inn sem hluthafar en útgáfufélag Blaðsins er í eigu sjö hluthafa, stofnenda þess og Árvakurs.

Stefán P. Eggertsson og Einar Sigurðsson gengu inn í stjórn sem fulltrúar Árvakurs en Sigurður og Steinn Kári Ragnarsson sitja þar áfram.

Morgundreifing blaðsins hófst í dag og verður Sigurður var við góð viðbrögð auglýsenda vegna þeirra breytinga. **- eþa**



**SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON OG KARL GARÐARSSON, HLUTHAFAR Í BLAÐINU** Blaðið var rekið með tapi á fyrsta starfsári. Ekki stendur til að taka inn nýja eigendur.

# Síminn og OR ræðast áfram við

Á næstu vikum skýrist hvort verður af samstarfi um rekstur fjarskiptaneta Símans og Orkuveitu Reykjavíkur. Viðræður fyrirtækjanna halda áfram, en Orkuveitan kaupir ekki kerfi Símans.

Skömmu fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor stefndi í að Orkuveitan keypti net Símans. Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, segir þó ekki vonbrigði að ekki hafi orðið af sölunni. „Fyrst og fremst lögðum við af stað með þetta til að kortleggja málið og höfum eytt töluverðum tíma í að gá hvort við gætum tæknilega fundið einhverja samþættingu í þessu. Eins vildum við ekki strax taka ákvörðun um formið, það er að segja hvort þeir keyptu af okkur, við af þeim, eða við stofnuðum félag saman. Núna hefur nýr meirihluti ákveðið að hann vilji ekki fara út í fjárfestingu af þessari stærðargráðu og allt í lagi með það,“ segir Brynjólfur og fagnar um leið ákvörðun Orkuveitunnar, að aðskilja gagnaveituna frá öðrum rekstri. Brynjólfur á von á niðurstöðu viðræðnanna innan tíðar. „En það er enn of fljótt að segja til um hvort við höldum áfram eða látum gott heita.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir einnig að viðræðunum við Símann hafi svo sem ekki verið setur tímarammi. „En búið er að leggja í þetta mikla vinnu og ætti í sjálfu sér ekki að þurfa mikið í viðbót,“ segir hann og á honum er að heyra að skynsamlegt væri að beina samkeppninni yfir á svið efnis og þjónustu, fremur en gagnaflutninga. „Fyrir því eru svipuð rök og að leggja ekki margar hraðbrautir hlið við hlið.“ Hann segir bókhaldslegan aðskilnað gagnaveitunnar frá öðrum rekstri til kominn burtséð frá viðræðunum við Símann. „Enda er eðlilegt að jafnmikill samkeppnisrekstur sé aðskilinn frá öðrum,“ segir hann. **- óká**



**ORKUVEITAN OG BRYNJÓLFUR BJARNASON** Blásnar hafa verið af fyrirætlanir um kaup Orkuveitunnar á fjarskiptaneti Símans.




„Ég hef hafið störf á nýjum stað og vil bjóða viðskiptavini, jafnt nýja sem gamla, hjartanlega velkomna.“

**Snæbjörn H. Blöndal**
Heyrnarsérfræðingur

**HEYRNARSTÖÐIN**

Læknastöðin Uppsölum • Kringlunni 4-12 • Sími 568 6811
www.heyrnarstodin.is


# Tap FlyMe tvöfaldast milli ára

**Samþykkt að þrefalda hlutafé. Matthías Imsland nýr varaformaður stjórnar.**

Þótt velta FlyMe hafi aukist um 75 prósent á fyrri helmingi ársins, samanborið við árið 2005, jókst tap félagsins um helming á milli ára. Norræna lággjaldaflugfélagið tapaði 1,1 milljarði á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 560 milljóna króna tap í fyrra.

Kostnaður jókst hröðum skrefum einkum vegna stofnkostnaðar af Evrópuflugi en einnig komu olíuverðshækkanir sér illa við félagið rétt eins og önnur flugfélög.

Velta félagsins nam yfir 3,2 milljörðum króna og jókst farþegafjöldi um 66 prósent. Alls fóru yfir 440 þúsund farþegar með félaginu á fyrri hluta ársins.

Á hluthafafundi á dögunum var samþykkt að selja nýtt hlutafé fyrir rúma 1,8 milljarða króna sem núverandi hluthafar eiga forgang að. Stærstu hluthafarnir, sem ráða um 67 prósentum hlutafjár, hafa skuldbundið sig til að taka þátt í útboðinu, þar á meðal Fons, stærsti hluthafinn.

Ákveðið hefur verið að Matthías Imsland, hjá Fons, taki virkan þátt við stjórnun félagsins og verði varaformaður stjórnar en Björn Olegård verður áfram stjórnarformaður. **- eþa**

# Góður gangur hjá Jarðborunum

## Nýir eigendur greiddu út einn milljarð í arð.

Jarðboranir, sem voru yfirteknar af Atorku Group fyrr á árinu, skiluðu 402 milljóna króna hagnaði á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við þrjú hundruð milljónir króna í fyrra.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 746 milljónir króna sem er 35 prósenta aukning á milli ára. Velta Jarðborana jókst um 23 prósent á fyrri hluta ársins. Félagið greiddi einn milljarð í arð til Atorku sem skýrir lækkun eigin fjár úr þremur milljörðum króna um áramótin í 2,4 milljarða í lok júní.



**BORVINNA** Jarðboranir högnuðust um 402 milljónir. króna.

Forsvarsmenn Jarðborana segja að verkefnastaða félagsins sé góð, jafnt innanlands sem utanlands. Í júlí kom borinn Drillmec HH-200S til landsins sem kostaði átta hundruð milljónir króna. - eþa

# Risasamruni banka á Ítalíu

Stjórnir ítölsku bankanna Banca Intesa og Sanpaolo IMI samþykktu samruna þessa tveggja af stærstu bönkum landsins á laugardag. Með samrunanum verður til stærsti banki Ítalíu og 10. stærsti banki í Evrópu með markaðsvirði upp á um 66 milljarða evrur, jafnvirði tæplegra 6.600 milljarða íslenskra króna.




**BANCA INTESA** Með samruna ítölsku bankanna Banca Intesa og Sanpaolo IMI verður til tíundi stærsti banki Evrópu.

Tillagan verður borin undir hluthafa bankanna í desember og er horft til þess að sameiningu bankanna ljúki í upphafi næsta árs.

Fastlega er búist við að hinn sameinaði banki muni einoka bankamarkaðinn á Ítalíu með tuttugu prósenta markaðshlutdeild en útibú bankans verða helmingi fleiri en útbú helstu keppinauta á ítalska bankamarkaðnum.

Samruninn þykir nokkur sigur fyrir Mario Draghi, seðlabankastjóra Ítalíu, sem er fylgjandi samruna ítalskra fjármálastofnana, en búist er við að fleiri ítalskir bankar muni sameinast á næstunni.

Stjórnendur bankanna segja um talsverða hagræðingu að ræða og búast við að hagnaður bankanna muni aukast um allt að tíu prósent við samrunann. Greiningaraðilar á Ítalíu segja hins vegar að bankarnir verði að vinna að sameiningunni í samvinnu við verkalýðsfélög því líkur séu á að starfsfólki verði fækkað í kjölfarið. - jab

# Byr með Urði rekstrarvörur

Byr ehf., eignarhaldsfélag Tæknivals hf., hefur keypt fyrirtækið Urðir rekstrarvörur ehf. Gengið var frá kaupunum 18. ágúst.

Urðir rekstrarvörur er sérhæft fyrirtæki í sölu á rekstrar- og fylgivöru fyrir tölvur og prentara auk þess sem fyrirtækið hefur um árabil boðið öfluga viðgerðar- og tækniþjónustu á tölvubúnaði og jaðartækjum. Fyrirtækið verður rekið áfram sem sjálfstætt fyrirtæki, en í tilkynningu um kaupin kemur fram að efla eigi það enn frekar á sviði innflutnings og heildsölu.

Í kjölfar eigendaskiptanna var einnig gengið frá kaupum fyrirtækisins á öllum lager þrotabús Tölvudreifingar hf. og Expert hf. með það í huga að efla vöruframboð Urða rekstrarvara. - óká



**KRINGLAN** Fasteignafélagið Stoðir á fjölda húseigna hér og víðar um heim. Þar á meðal er Kringlan í Reykjavík.

# Hagnaður Stoða fimmfaldast

**Fasteignafélagið Stoðir hagnaðist um tæplega 4,2 milljarða króna á fyrri helmingi árs. Hagnaður félagsins hefur tæplega fimmfaldast frá sama tímabili í fyrra.**

**Heildareignir Stoða eru 104,7 milljarðar króna og hafa aukist um rúmlega 32 milljarða króna frá því í árslok 2005. Eigið fé félagsins nemur um 15,3 milljörðum króna.**

**Stoðir eiga fasteignir á Norðurlöndunum og er heildarfermetrafjöldi þeirra rúmlega fimm hundruð þúsund. Rúmlega fimm hundruð leigutakar skipta við félagið.** - jsk

# Samdráttur í dagvöruverslun

Dagvöruverslun dróst saman um 3,9 prósent í júlí samkvæmt Rannsóknarsetri verslunarinnar (RSV). Velta í dagvöruverslun var 0,6 prósentum minni í júlí en á sama tíma í fyrra. Mestur samdráttur varð í áfengiskaupum, eða 18,2 prósent milli ára.

Í tilkynningu frá RSV segir að samdráttur í dagvöruveltu veiti vísbendingu um að töluvert sé að draga úr veltu í hagkerfinu. Minni áfengiskaup skýrist þó að mestu af tímasetningu verslunarmannahelgarinnar sem hafi verið tiltölulega seint í ár miðað við í fyrra. - jsk



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sérfræðiálit í fjölmiðlum:

# Það er stórt orð háskóli

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Í ört vaxandi þekkingarsamfélagi leita fjölmiðlar í ríkum mæli til sérfræðinga til þess að segja álit á einstökum viðburðum. Þetta er gert í þeim tilgangi að gefa lesendum blaða eða áheyrendum ljósvakamiðla sem gleggsta mynd af því sem til umfjöllunar er hverju sinni.

Mikilvægt er að fjölmiðlar og notendur þeirra geti treyst því að slík álit séu gefin á grundvelli raunverulegrar sérþekkingar og af sjónarhóli alhliða yfirsýnar.

Fréttir voru sagðar af því um miðja þessa viku að fyrrverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefði hlotið uppreist æru. Um það efni gilda ákvæði almennra hegningarlaga og venjur um túlkun sem byggðar eru á viðurkenndum lögskýringargögnum.

Af þessu tilefni kynnti ljósvakamiðill til sögunnar sérfræðing Háskólans á Akureyri í stjórnskipun. Í viðtalinu gerði sérfræðingurinn þrjár efnislegar athugasemdir við afgreiðslu málsins:

Í fyrsta lagi taldi hann að ákvörðunin væri klaufaleg. Í öðru lagi áleit sérfræðingurinn vafamál að hún væri til bóta fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Í þriðja lagi lýsti sérfræðingurinn þeirri skoðun sinni að heppilegt hefði verið í ljósi fyrri atburða eða sniðugt fyrir handhafa forsetavalds að láta undirskrift málsskjala bíða heimkomu forseta Íslands.

Það þarf ekki sérfræðing í stjórnskipunarrétti til þess að átta sig á því að klaufaskapur við afgreiðslu þessa máls getur aðeins snúist um það hvort ráðherra fór að réttum lögum eða ekki. Sérfræðingurinn gat enga veilu fundið þar á. Athugasemdin féll þar með dauð og ómerk.

Önnur athugasemd sérfræðingsins laut að því að ákvörðun ráðherrans hefði ekki verið til bóta fyrir flokk hans. Sérhverjum leikmanni er þó ljóst að ráðherrann hefði beinlínis gerst brotlegur við lög ef hann hefði við afgreiðslu slíks erindis látið hagsmuni flokks síns ráða ákvörðun þar um eða tímasetningu hennar.

Varðandi þriðju athugasemd sérfræðingsins er flestum ljós sú stjórnskipunarregla að ráðherra ber ábyrgð á embættisathöfnum forseta Íslands. Handhafar forsetavalds áttu því ekki neitt sjálfstætt val um að ákveða tímasetningu undirskriftar. Pólitískur leikaraskapur af þeirra hálfu hefði beinlínis verið brot á stjórnarskrá og enn fremur strítt gegn rétti umsækjanda til eðlilegrar málsmeðferðar.

Þegar sérfræðingurinn vísar til fyrri atburða í áliti sínu er rétt að hafa í huga að einu atburðirnir sem ráðherra er heimilt að taka mið af við afgreiðslu slíks máls eru fordæmi um afgreiðslu sams konar erinda. Ef ráðherrann hefði notað aðra atburði sem fordæmi hefði hann brotið lög og brotið á rétti umsækjandans.

Eina gilda álitaefnið við meðferð þessa máls er spurning um það hvort ráðherra hefði átt að víkja sæti. Samkvæmt vanhæfisreglum stjórnsýsluréttarins sýnist þó ekki hafa verið lagaleg þörf á því. Þessa spurningu nefndi sérfræðingurinn þó ekki einu orði. Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að sérfræðingurinn lét ekki í ljós skoðun á því gilda pólitíska álitaefni hvort skynsamlegt hefði verið af þingmanninum fyrrverandi að sækja um uppreist æru.

Það er stórt orð háskóli. Til slíkra stofnana má gera lágmarkskröfur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFANG: **ritstjorn@frettabladid.is**




**Rope yoga**
Er fyrir alla, alveg sama á hvaða aldri og í hvaða líkamsástandi viðkomandi er. Rope yoga er líka frábært fyrir fólk sem er í mikilli þjálfun, það eykur liðleika í líkamanum og eflir einbeitingu með markvissri öndun og slökun.

**Dans yoga**
Engin spor, dönsum eins og okkur líður. Losum um lífskraftinn sem í okkur býr, finnum frelsið. Njótum.

**Byrjar 4. september**
*Byrjunar og framhaldstímar*
**Upplýsingar 6910381. Kennari Kristín Björg**

TECHNOSPORT

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þangað er fátt að sækja

„Þetta eru afar afskekkt svæði og fáfarin, nema helst af smalamönnum á haustin. Þangað er líka fremur fátt að sækja fyrir ferðamenn, nema þá til að skoða hreindýr og minjar um framrás Brúarjökuls. Hvort tveggja er þó aðgengilegt með auðveldari hætti annars staðar, hreindýr við Snæfell og á Vesturöræfum og jökulgarðar vestan við útfall Sauðár eða á Eyjabökkum.“ Svo skrifaði Hjörleifur Guttormsson um Kringilsárrana í Árbók Ferðafélags Íslands 1987.



### Breytt sýn

Nú, tæpum 20 árum síðar, má á andstæðingum Kárahnjúkavirkjunar skilja að Kringilsárrani falli í flokk helstu náttúruperla landsins. Þangað hafa fjölmargir lagt leið sína síðustu mánuði og ber fólki almennt saman um að fegurð svæðisins sé því sem næst ólýsanleg. Svona geta hlutirnir breyst, þó í raun hafi ekkert breyst.

### Björn sækir fram

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tilkynnti óvænt í gær að hann hygðist sækjast eftir öðru sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Sá sem nær því sæti leiðir lista flokksins í öðru Reykjavíkurkjördæminu í alþingiskosningunum næsta vor. Björn er fyrsti einstaklingurinn sem tilkynnir um framboð sitt í Reykjavík en margir munu fylgja í kjölfarið. Þessi sóknarleikur Björns kemur líklega mönnum eins og Guðlaugi Þór Þórðarsyni í opna skjöldu. Hann er sagður stefna að sama sæti og hafa meðal annars tryggt sér húsnæði undir baráttuna í Lágmúlanum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um prófkjör í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, en það verður gert innan tíðar. Reikna menn með að prófkjörið verði haldið seinni hluta nóvembermánaðar.



bjorgvin@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

# Sjálfstýring á miðunum?



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON
**Í DAG** | Fiskihagfræði

Nokkrir fremstu sérfræðingar heims í fiskihagfræði hittust á dögunum á málstefnu í Reykjavík til að ræða þróun einstaklingsbundinna réttinda til nýtingar fiskistofna. Í hópi þeirra er Ragnar Árnason prófessor, sem varpaði fram athyglisverðri hugmynd. Hvers vegna stjórnar íslenskur sjávarútvegur ekki sjálfur fiskveiðum á Íslandsmiðum? Með því á hann við, að samtök útgerðarmanna taki við úr höndum ríkisins rekstri rannsóknastofnana og ákvörðun leyfilegs hámarksafla í hverri fisktegund. Rökin eru einkum tvenn. Í fyrsta lagi er einkarekstur jafnan hagkvæmari en ríkisrekstur, eins og reynslan sýnir. Menn fara betur með eigið fé en annarra. Milton Friedman sagði eitt sinn við mig í gamni, en líka alvöru, að sér hefði virst, að þjónusta ríkisins væri jafnan tvöfalt dýrari en sú, sem einkaaðilar veittu.

Hin rökin eru, að útgerðarmenn hafi augljósan hag af því að taka hagkvæmustu ákvarðanir um leyfilegan hámarksafla í hverri fisktegund. Þeir eru hver og einn handhafar réttinda til að veiða tiltekið hlutfall af leyfilegum afla í hverri tegund, en hafa saman brýna hagsmuni af því, að ákvörðunum sé hagað á þann hátt, að verðmæti hvers fiskistofns verði sem mest til langs tíma litið. Í rauninni hafa þeir brýnni hagsmuni af þessu en stjórnmálamenn, sem hugsa ef til vill frekar um að tryggja sem flestum kjósendum vinnu. Mér líst vel á þá hugmynd, að í stað þess að greiða auðlindagjald taki sjávarútvegurinn að sér að stjórna fiskveiðum með öllum þeim kostnaði, sem af því hlýst. Það er aukaatriði, að þá mun sjávarútvegurinn ef til vill greiða meira en hann gerir nú.

Gordon Munro, prófessor í Háskólanum í Bresku-Kólumbíu í Vancouver, ræddi um annað mikilvægt mál. Hvernig á að stjórna úthafsveiðum? Tekist hefur að ná samkomulagi um að stjórna veiðum í suma stofna, til dæmis á Norður-Atlantshafi, en ekki alla, meðal annars á Kyrrahafi. Ýmis úrræði eru hugsanleg. Eitt er, að fyrirtæki, sem nýta slíka stofna, annist um stjórn veiðanna. Það er þeim annmörkum háð, að þau hafa ekki rétt til að framfylgja ákvörðunum sínum með valdi. Annað er, að Sameinuðu þjóðirnar eða stofnanir þeirra taki að sér stjórnina. Það er líka hæpið. Þótt sumir sérfræðingar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Róm hafi fullan skilning á vandanum, eins og kom fram á málstefnunni, eru Sameinuðu þjóðirnar kunnar að öðru en röggsemi og skilvirkni. Mér líst sjálfum best á, að strandríki heims færi fiskveiðilögsögu sína eins langt út og kostur er á, en semji sín í milli um nýtingu annarra svæða.

Gary Libecap, prófessor í Kaliforníuháskóla í Santa Barbara, ræddi um þann vanda, sem Íslendingar stóðu einmitt frammi fyrir, þegar kvótakerfinu var komið á: Flestir eru þeirrar skoðunar, að nýta beri takmarkaðar auðlindir með úthlutun einstaklingsbundinna og framseljanlegra nýtingarréttinda. En hvernig skal úthluta slíkum réttindum í upphafi? Libecap benti á, að sá kostur væri nær alltaf tekinn, þegar um væri að ræða auðlindir, sem þegar væru nýttar, að úthluta réttindunum til þeirra aðila, sem þær nýttu. Það kostaði minnsta árekstra, enda ættu þeir hagsmuna að gæta. Þegar um nýjar auðlindir væri að ræða, kæmu hins vegar uppboð eða aðrar úthlutunaraðferðir til greina.

*Mér líst vel á þá hugmynd, að í stað þess að greiða auðlindagjald taki sjávarútvegurinn að sér að stjórna fiskveiðum með öllum þeim kostnaði, sem af því hlýst.*

Libecap bætti við, að þau rök fyrir auðlindagjaldi, að það minnkaði ekki verðmætasköpun í sjávarútvegi, væru veikari en margir hagfræðingar hefðu haldið fram. Í fyrsta lagi væri erfitt að stjórna fiskveiðum, þegar útgerðarmenn fengju ekki sjálfir að hirða afraksturinn af auðlindinni, því að þá hefðu þeir ekki eins brýna hagsmuni og ella af skynsamlegri stjórn þeirra. Í öðru lagi hefðu þeir þá ekki hagsmuni af því að endurbæta auðlindina. Síðar meir mætti til dæmis hugsa sér að girða af hafsvæði, rækta eða kynbæta fiskistofna, dreifa einhvers konar áburði á fiskimið og svo framvegis, en útgerðarmenn legðu varla í kostnaðarsama leit að slíkum nýjum aðferðum, fengju þeir ekki að hirða afraksturinn sjálfir.

Áheyrendur á málstefnunni hlutu að sannfærast um það, að Íslendingar standa framarlega í stjórn fiskveiða. Þótt kvótakerfið sé ekki fullkomið, er það miklu skárra en aðrir kostir.

# Skattalækkanir ganga eftir

**VIÐBRÖGÐ** | Arnbjörg Sveinsdóttir svarar Stefáni Ólafssyni



ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR

Stefán Ólafsson er við sama heygarðshornið í öfugmælum sínum um skattkerfið. Hann fullyrðir í grein sinni á miðvikudag að skattar séu of háir á Íslandi. Hann nefnir tvennt til sögunnar, annars vegar að tekjuafgangur ríkissjóðs sé 65 milljarðar og hins vegar að skattbyrði almennings sé að aukast. Eins og alltaf þegar Stefán birtir pólitískar skoðanir sínar opinberlega gerir hann það sem prófessor við Háskóla Íslands.

Það sem Stefán nefnir ekki er að eðli tekjujafnandi skattkerfis er það að þegar laun fólks hækka þá eykst skattbyrðin. Raunin er sú að laun á Íslandi hafa hækkað langt umfram verðlagsbreytingar. Það sem segir auðvitað stærstu söguna um skattkerfið er að ráðstöfunartekjur fólks hafa vaxið mjög á undanförnum árum. Kaupmáttur hefur aukist og kjör skattgreiðenda batnað stórkostlega. Nefna má dæmi um vinnandi hjón með tvö ung börn. Með 360.000 króna laun á mánuði var heildarskatthlutfall þeirra árið 1994 18,5% en 13,2% á þessu ári. Rétt er hins vegar að minna á að m.v. hækkun launavísitölu þá samsvara 360.000 mánaðarlaun árið 1994 rúmlega 500 þús. krónum á þessu ári og hækkun kaupmáttar þeirra rúmum 40%. Það er það sem skiptir raunverulega mestu máli.

Tekjuafgangur ríkissjóðs hefur sem betur fer vaxið og hefur tekist að greiða stórkostlega niður skuldir ríkisins. En það er auðvitað athyglisvert að tekjurnar hafa vaxið þrátt fyrir lækkandi skatthlutfall. Það segir auðvitað þá sögu að hjól efnahagslífsins snúast þeim mun betur sem einstaklingar og fyrirtæki eru minna skattpínd. Tekjur ríkissjóðs af tekjuskatti fyrirtækja voru nánast engar þegar skattprósentan var 45% en skipta nú verulegu máli þegar skattprósentan hefur verið lækkuð í 18%. Velferðarkerfið hefur notið góðs af bættum hag ríkissjóðs, fá ríki standast samanburð við Ísland um framlög til heilbrigðis- og menntamála.

Það má þó segja að það er ánægjulegt að Stefán er sammála Sjálfstæðisflokknum um að enn megi stefna að meiri skattalækkunum. Stefnan hlýtur að vera að draga úr umsvifum og rekstri hins opinbera og að einstaklingarnir hafi sjálfir sem mest af aflafé sínu til ráðstöfunar.

*Höfundur er formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.*



Búðu til stemningu með
vörum frá BYKO
LENGDU
SUMARIÐ
31.900
39.900
Vnr. 0291507
Ruslatunnugeymsla
Ruslatunnugeymsla,
fyrir 2 tunnur.
15.900
30.030
3 m
3 m
Vnr. 0291917-19
Garðhús
LILLEVILLA Mikkeli garðhús.
Tvöföld hurð, gluggalaust.
Stærð: 3,0x3,0 m = 9 m².
Bjálki 34 mm.
34
169.900
227.214
Vnr. 0291454
Garðborð
Garðborð, hringlaga,
120 cm í þvermál
hæð 73 cm,
gagnvarin fura.
7.990
14.512
Vnr. 0291492
Garðbekkur
Garðbekkur, þriggja sæta,
gagnvarin fura.
6.990
10.867
Vnr. 0291490
Garðbekkur
Garðbekkur, tveggja sæta,
gagnvarin fura.
6.990
13.705
Vnr. 0291494
Garðborð
Garðborð, gagnvarin
fura, 740x1770x730 mm.
5.290
8.453
Vnr. 0291488
Garðstóll
Garðstóll, gagnvarin fura.
490 kr/lm.
690
Vnr. 0039490
Massaranduba
pallaefni, 25x145 mm.
125 kr/lm.
130
Vnr. 0058324/300
Pallaefni
Fúavarið, alheflað, 27x95 mm,
eingöngu í 3 metra lengd.
BYKO
BYKO sími 515-4000 | Breiddin | Timburverslun-Breidd | Lagnadeild-Breidd | LM BYKO | Hringbraut | Hafnarfjörður | Akranes | Akureyri | Reyðarfjörður | Suðurnes | Selfoss | www.byko.is
GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

# Opið bréf!

**UMRÆÐAN**
Opið bréf til útvarpsstjóra

*Hr. útvarpsstjóri*
*Páll Magnússon*

Ég tel rétt að deila með þér og öðrum þeim sem áhuga hafa reynslu minni af samskiptum við aðstandendur umræðuþáttarins Kastljóss í stofnun þinni í gær. Um kl. 10.00 í gærmorgun hringdi einn af stjórnendum Kastljóssins í mig og falaðist eftir mér í þáttinn þá um kvöldið. Ætlunin var að ég yrði þar ásamt Valgerði Sverrisdóttir fyrrv. iðnaðarráðherra til að ræða um meðferð ráðherrans og ráðuneytisins á greinargerð Gríms Björnssonar um Kárahnjúkavirkjun og e.t.v. fleiri tengd atriði. Ég féllst fúslega á þetta enda ærin tilefni til að ræða málið. Það var síðan undir kvöld, nánar tiltekið um kl. 18.00, að við þáttarstjórnandinn töluðum aftur saman í síma og tjáði hann mér þá, frekar daufur í dálkinn að því er virtist, að ekki yrði af þessu. Ég skildi það þannig að umræðuefnið hefði verið tekið af dagskrá þáttarins og kvaddi við svo búið. Ég átti því á flestu öðru von en að frétta seinna um kvöldið að fyrrv. iðnaðarráðherra hefði mætt ein í Kastljósið og flutt þar málsvörn sína óáreitt í einræðum. Þar vitnaði ráðherra m.a. ítrekað í mig með ómálefnalegum hætti að mér fjarstöddum og gerði stjórnarandstöðunni upp hvatir í málinu.

Ég verð að segja, útvarpsstjóri góður, að ég veit ekki hvort þessi uppákoma, sem ég hef ærna ástæðu til að ætla að sé ekki einsdæmi, er verri og meira niðurlægjandi fyrir ráðherrann eða Ríkisútvarpið. Ráðherra sem ekki þorir að mæta stjórnmálaandstæðingum í rökræðum gefur auðvitað með því sjálfum sér og/eða málstað sínum falleinkunn. Hitt er líka ofboðslegt að verða vitni að því að Ríkisútvarpið skuli þjóna valdinu með þessum hætti og láta það eftir ráðherranum að ryðja andstæðingi í stjórnmálum og talsmanni ólíkra sjónarmiða út úr umræðuþætti. Til þess eins, og aðeins þess, að ráðherrann geti þar flutt sína aumlegu málsvörn án andsvara. Með þessu bregst RÚV að mínu mati skyldu sinni um að standa fyrir upplýstri umræðu þar sem gagnstæðum sjónarmiðum er gert jafn hátt undir höfði sbr. t.d. 2. og 3. málsl. 3. gr. útvarpslaga en þar segir eins og þú manst:

*„Ríkisútvarpið skal halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð.*


**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**, Formaður Vinstri grænna

*Ríkisútvarpið skal m.a. veita almenna fréttaþjónustu og vera vettvangur fyrir mismunandi skoðanir á þeim málum sem efst eru á baugi hverju sinni eða almenning varða.“*

Við höfum báðir, trúi ég, heyrt af því sögur að gagnrýnir og harðskeyttir fjölmiðlar erlendis meðhöndli eða siði til þá sem gera tilraunir til að „stýra“ umfjöllun fjölmiðla á þennan veg, þ.e. með því að velja sér viðmælendur eða að neita að mæta nema þá einir. Það er þá gert með því að hafa stól þeirra tóman í þættinum og skýra frá því að viðkomandi hafi ætlað að setja þátttöku sinni óaðgengileg skilyrði, eða með því að láta rödd viðkomandi vanta en taka fram að honum eða henni hafi boðist að vera með en ekki þegið. Ég vil því að lokum spyrja; telur þú réttlætanlegt að sumir stjórnmálamenn geti með þessum hætti skilyrt og stýrt þátttöku sinni í umræðum um þjóðmál á ykkar vettvangi og ef svo er, hvernig hyggst þá RÚV uppfylla ákvæði laga um „fyllstu óhlutdrægni“ og að vera vettvangur fyrir „mismunandi skoðanir“ við slíkar aðstæður?

*Virðingarfyllst,*
*Steingrímur J. Sigfússon*






# Mislukkuð kaldhæðni í Hrísey

**UMRÆÐAN**
Eftir bjórbannið

Það er ábyrgðarhluti að gefa útlendum blaðamönnum upplýsingar um land sitt og þjóð. Lágmarkskrafa er að rétt sé sagt frá og eftir bestu samvisku. Þær upplýsingar sem bresk-spænski blaðamaðurinn John Carlin hefur eftir Hallgrími Helgasyni rithöfundi í stórblaðinu El País og frá er sagt í Fréttablaðinu á föstudaginn var eru hins vegar vægast sagt undarlegar. Ég kannast í það minnsta ekki við „að fyrir 1985 hafi lífið hér á landi verið líkt og austan járntjalds: Auðar götur, einn bar, einn veitingastaður, ein útvarpsstöð sem spilaði aðallega klassíska tónlist allan daginn, rússneskir bílar á götum og skrifræði sem gerði mönnum erfitt að komast úr landi.“


**ÞORGRÍMUR GESTSSON**, Blaðamaður og rithöfundur

Sú þjóðsaga hefur verið á kreiki undanfarin ár meðal unga fólksins sem situr helst á börum og kaffihúsum í miðbænum að lífið hafi verið heldur ömurlegt og ákaflega leiðinlegt fyrir 1. mars 1989. Ég hefði nú haldið að Hallgrímur Helgason væri það gamall að hann vissi betur því mér reiknast svo til að hann hafi staðið á þrítugu árið sem bjórinn var leyfður - og „frelsið hélt innreið sína á Íslandi“; eða eins og eftir honum er haft í El País: „Okkar frelsisdagur er hinn stórkostlegi dagur 1. mars 1989 en þá féll okkar Berlínarmúr en þetta er dagurinn sem bjórbanninu var aflétt hér á landi.“

Ég held reyndar að Hallgrímur hafi verið að leika þennan kaldhæðna náunga sem hann vill stundum reyna að vera, þegar hann sat á skrafi við blaðamanninn í veitingahúsinu Brekku í Hrísey og skildi barnavagninn eftir fyrir utan blaðamanninum til mikillar skelfingar. En það voru mistök að tala við erlendan blaðamann á þennan hátt; hann þekkir að sjálfsögðu hvorki íslenskt þjóðfélag né kaldhæðni Hallgríms Helgasonar heldur tók hvert orð hans trúanlegt en nánast allt í hinni tilvitnuðu setningu er rangt.

Mitt gamla blaðamannshjarta skelfdist hins vegar þegar ég las næstu málsgrein: „En nú sé aldeilis öðruvísi umhorfs og fyrir innan aðrar hvorar dyr í bænum er kaffihús, bar eða klúbbur...“ Fyrir utan það að þessi setning er málfræðilegt klúður er merkingin furðuleg: Lífið er nú aldeilis orðið betra og skemmtilegra en það var áður því bar er kominn í annað hvert

***Sú þjóðsaga hefur verið á kreiki undanfarin ár meðal unga fólksins sem situr helst á börum og kaffihúsum í miðbænum að lífið hafi verið heldur ömurlegt og ákaflega leiðinlegt fyrir 1. mars 1989.***

hús! Og sé setningin lesin til enda kemur í ljós að vegna þess að bar er í öðru hverju húsi í Reykjavík hafa 100 bækur eftir íslenska rithöfunda verið þýddar á erlendar tungur síðan 1980 og gerðar 60 kvikmyndir. Eða hvað? (reyndar er notað orðið „bókatitlar“ í greininni en væntanlega var fleira þýtt en titlar bókanna!).

Ja, mikill er máttur bjórsins og café latte!

# Í kapphlaupi við váleg tíðindi?

**UMRÆÐAN**
Varnarmál

Viðræður íslenskra stjórnvalda um framtíðarfyrirkomulag varnar- og öryggismála hafa enn ekki verið leiddar til lykta en þungamiðja varnar- og öryggismála Íslands er þó enn í okkar heimshluta og vonandi kemst það viðhorf til skila í þessum viðræðum.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra benti réttilega á það, að niðurstöður þeirra viðræðna myndu að sjálfsögðu ráða miklu en myndu þó ekki ráða úrslitum um nauðsyn þess fyrir Íslendinga að huga nú sjálfir að eigin vörnum og öryggi.


**RÓBERT T. ÁRNASON** Fyrrverandi ráðuneytisstjóri

Í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna er að finna þær staðhæfingar að Íslendingar geti ekki sjálfir varið land sitt, en að reynslan sýni, að varnarleysi lands stofni öryggi þess sjálfs og friðsamra granna þess í voða, og að þar sem tvísýnt sé um alþjóðamál, þurfi að gera sérstakar ráðstafanir til varnar landinu og grönnum þess.

Nú er það hins vegar þannig að skilja má ummæli höfð eftir bandarískum embættismönnum svo, að ekki þurfi að gera neinar sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja varnir og öryggi Íslands þar sem ekkert sé að óttast. Með öðrum orðum – friður hefur brotist út.

Langt er um liðið frá því að kalda stríðinu lauk og tími til kominn að hætta sífelldum tilvísunum í þann tíma eins og forsætisráðherra Geir H. Haarde benti réttilega á 6. apríl s.l.

En hann bað okkur þó að hafa það hugfast að jafnvel fjarlægustu vandamál eru nálæg okkur. Geir H. Haarde sagði að sú þróun sem orðið hefði í okkar heimshluta, samfara því að sjónir manna beindust að nýjum og oft fjarlægum ógnunum, mætti ekki verða til þess að Íslendingar héldu ekki vöku sinni heima fyrir.

Það er kjarni málsins – að halda vöku okkar hér heima fyrir hvað svo sem bandarískum viðhorfum eða mati líður.

Fimmtándi mars 2006 var sannarlega söguleg dagur, og einhliða ákvörðun bandarískra stjórnvalda meðan á viðræðum stóð voru vonbrigði og hnekkir fyrir samstarfið um varnar- og öryggismál.

Varnarliðið fer, að mati þessara bandarísku embættismanna, án þess að öryggi þjóðarinnar sé stefnt í hættu.

Mér er orðið ljóst að þessir embættismenn lesa aðrar matsskýrslur en ég um ástand og horfur í alþjóðamálum.

Reyndar hef ég lengið talið það einsýnt allt frá árinu 1989, að Bandaríkjamenn myndu draga úr viðveru sinni hér eða alfarið hverfa af landinu.

Rétt eins og Björn Bjarnason ætla ég ekki að ræða um bandaríska viðskilnaðinn eða inntak hugsanlegs framtíðarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna í varnar- og öryggismálum enda viðræður ríkisstjórna landanna enn í gangi.

Ég er Birni hins vegar sammála um að við þessar nýju aðstæður beri okkur Íslendingum að skoða stöðu okkar í varnar- og öryggismálum og þá á okkar eigin forsendum og okkar eigin mati á ástandi og horfum í alþjóðamálum.

Af brottför varnarliðsins leiðir til dæmis, að hlutverk utanríkisráðuneytisins breytist varðandi framkvæmd mála á varnarsvæðunum og þá ekki síst á Keflavíkurflugvelli.

***Við erum í kapphlaupi við váleg tíðindi. Íslendingar verða nú að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd varnar- og öryggisstefnu og tryggja varnir og öryggi landsins og hafsvæðanna umhverfis það.***

Þau landsvæði sem Ísland lagði varnarliðinu til verða nú í haust mannlaus og án nokkurs viðbúnaðar. Þetta markar þáttaskil innan stjórnarráðsins og leiðir til nýrra starfshátta í öllu tilliti.

Við erum í kapphlaupi við váleg tíðindi. Íslendingar verða nú að taka virkan þátt í mótun og framkvæmd varnar- og öryggisstefnu og tryggja varnir og öryggi landsins og hafsvæðanna umhverfis það.

Þessu sjónarmiði þarf að afla fylgis. Íslendingar verða að láta að sér kveða við gæslu á eigin vörnum og öryggi á öllum sviðum og horfast í augu við þau verkefni, sem við blasa. Mikið starf er framundan til þess að efla öryggi á sviði löggæslu og hryðjuverkavarna.

Þrátt fyrir ákvörðun Bandaríkjanna fimmtánda mars s.l., og ekki hvað síst með hvaða hætti þá ákvörðun bar að, hafi valdið mér vonbrigðum, felast jafnframt einstök tækifæri í þessari nýju stöðu.

Ég vil þakka Bandaríkjamönnum fyrir það því nú þarf ég ekki lengur að vera skríðandi á fjórum fótum þegar ég hitti þá.

*Höfundur er fyrrverandi ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu og var til margra ára starfsmaður NATO.*

## AF NETINU

### Flókin prófkjör

Ekki tel ég þurfa mikla spámannsgáfu til að spá Ingibjörgu velgengni í sínu fyrsta prófkjöri og það kæmi mér á óvart ef Össur hefði ekki annað sætið. En það sem ég vildi minnast á og mér finnst örlítið villandi, er að þegar fyrirkomulag eins og verður haft í þessu prófkjöri (og ég reikna með að aðrir flokkar noti sömuleiðis, eða eitthvað svipað), þá þarf að deila í með 2. til að fá út það sæti sem viðkomandi frambjóðendur eru að sækjast eftir.

**G. Tómas Gunnarsson á 49beaverbrook.blog.is**

### Ekkert súkkat

Mér þykir leitt að Björn hefur líklega, því miður, allt of mikið til síns máls. Heimurinn skreppur saman með hverjum deginum og Ísland og Íslendingar eru ekki svo litlir eftir allt saman, sem betur fer. Við viljum taka þátt í 21. öldinni og vera virk í alheimsvæðingunni - en það verður ekki bæði haldið og sleppt. Með því að taka þátt í alheimsleiknum erum við gildir þátttakendur sem stunda viðskipti við allar heimsins þjóðir í öllum heimsins löndum.

**Kristrún Lind Birgisdóttir skrifar á tikin.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Einnig er hægt að senda greinar á greinar@frettabladid.is. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Bónus býður betur
Sjáðu verðið!
NÝSJÁLENSKAR FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
Allt að 40% lægra verð en á íslenskum nautalundum
Fanta
98 KR.
2 lítrar
FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
2499 KR.
KÍLÓVERÐ
Svínakjöt -á góðu verði!
EKKERT BRUÐL
ÚRBEINAÐUR BÓNUS SVÍNAHNAKKI
799 KR.
kílóverð
BÓNUS SVÍNASKANKAR
199 KR.
kílóverð
BÓNUS SVÍNAGÚLLAS
799 KR.
kílóverð
EKKERT BRUÐL
BÓNUS SVÍNAKÓTELETTUR
799 KR.
kílóverð
BÓNUS SVÍNALUNDIR
1499 KR.
kílóverð
www.bonus.is
Sama verð í öllum Bónusverslunum á landinu!
BÓNUS



BÓNUS
Sjáðu verðið!
Góður eftirréttur
SKÚFFUKAKA
198 KR.
400g
Bónus skúffukaka, 400g
Ítalskur sorbetís
299 KR.
400 ml box
EKTA SORBETÍS 400ml
Tilboð sem ta
KARTÖFLUMÚS 50
4x 125g pokar
1.5 lítri
1.5 LÍTRI TOPPUR
98 KR.
toppur
Lime
MEÐ VÍTAMÍNUM
LAMBA SALTKJÖT BLANDAÐ
LAMBASALTKJÖT BLANDAÐ
349 kg KR.
MERKT VERÐ 499 KR.
KJARNAFÆÐI
TILBOÐ
LAMBAKJÖT SALTAÐ
30% afsláttur við kassann
VIÐ KASSANN
EKKERT BRUÐL
Sjáðu verðið!
Frískandi og frábært!
Skógarber og jarðarber
SILVA MIX
Jordgubbar
Strawberries
EURO SHOPPER
FROSIN JARÐARBER
198 KR.
KÍLÓVERÐ
1 kíló SKÓGARBER
298 KR.
Frosin ber
Kílópakkningar
TRÖNUBER OG EPLI
Rynkeby
LIGHT
900 ml
159 KR
Grænt íste
Ferskju íste
900 ml
159 KR.
LIGHT TEA
VATNSMELÓNUR
GULAR MELÓNUR
69 KR.
KÍLÓVERÐ
Melónur í safann, melónur milli mála!

## ALLT HITT

[ TILBOÐ MATUR LANGUR LAUGARDAGUR ]

**Stórútsala** er hjá Agli Árnasyni um helgina þegar parkett, flísar, hurðir, þiljur, baðtæki og fleira verða á allt að 70% afslætti.



**Matreiðsluvefurinn** Matseld.is sem nýlega var opnaður vex og dafnar þessa dagna. Margar girnilegar uppskriftir og hugmyndir er að finna á síðunni.

**Tax** free dagur verður á löngum laugardegi á morgun. 15% afsláttur verður veitur af völdum vörum á Laugavegi, Skólavörðustíg, Kvosinni og Hverfisgötu.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 1. september, 244. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.09 | 13.28 | 20.44 |
| Akureyri | 5.48 | 13.12 | 20.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Harpa Harðardóttir söngkona segir brauðbaksturinn taka í mesta lagi fimmtán mínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fljótleg hollusta

***Harpa Harðardóttir, söngkona og -kennari, er dugleg við að baka brauð heima hjá sér í stað þess að hlaupa út í bakarí.***

„Fyrir nokkru síðan þurfti ég að hætta að borða hveiti, ger og sykur þannig að ég vandist á að nota önnur hráefni. Í dag er miklu minna mál að nálgast þær vörur, þær fást meira að segja í Bónus," segir Harpa og bætir við að þegar maður sé einu sinni búinn að kaupa öll hráefnin sé lítið mál að skella í brauð hvenær sem er.

„Maður á hvort eð er allt inni í skáp og á þeim tíma sem tekur að hugsa um hvort maður eigi að nenna út í bakarí er hægt að baka brauðið. Gerlaust brauð tekur nefnilega mun skemmri tíma að bakast og ég skelli deiginu í form með margnota bökunarpappír í þannig að ég þarf ekki einu sinni að þrífa formið."

Harpa notar alltaf sömu grunnuppskriftina en bætir svo ýmsu við eftir tilefni eða því sem er til í skápunum. „Stundum set ég sólblómafræ, kókosmjöl eða ávexti. Það er best að nota þroskaða ávexti og þá er komið hálfgert kökubrauð. Núna gerði ég ítalskt panini-brauð sem er gott með mat, en þá bæti ég við panini-kryddi frá Pottagöldrum og pota ólífum ofan í deigið," segir Harpa og bætir við að einnig sé gott að rista brauðið daginn eftir. „Hvort sem það eru kökur, pönnukökur eða brauð er alltaf hægt að nota speltið sem staðgengil. Bitarnir verða svolítið matarmeiri, þykkari og ekki nærri því eins loftmiklir, fyrir utan það að vera einfaldlega hollari."

Uppskrift Hörpu að speltbrauði er á síðu 2.

*erlabjorg@frettabladid.is*

## Bragðbætt hafragrjón

HAFRAGRJÓN Í SMÁPAKKNINGUM OG MEÐ BRAGÐEFNUM ERU NÝLEGA KOMIN Í VERSLANIRNAR.

Hafragrauturinn getur tekið stökkbreytingum eins og annað í veröldinni. Nú eru komin á markaðinn hafragrjón með bragðefnum. Þau eru auk þess í neytendaumbúðum þannig að innihald hvers smápakka er ætlað fyrir einn. Gert er ráð fyrir að blanda það með tæpum tveimur desilítrum af vatni og sjóða í örbylgjuofni í rúmar tvær mínútur. Niðurskorin epli og kanill fara vel saman og gefa grautnum góðan keim. Hægt er líka að fá hafragrjón með berjum og ávöxtum í sams konar umbúðum.




Hafragrautur með kanil- og eplabragði er góð tilbreyting frá hinum hefðbundna.




**Það er hollt og gott** að venja sig á að hafa salat með matnum.
Gerið salatið meira spennandi með því að bæta osti, hnetum eða vínberjum við.

Brugg.is
vín og bjórgerðarefni
Panntaðu á netinu!!
GSM: 511-1820
Netfang: brugg@brugg.is
Allt til víngerðar !
www.brugg.is
Verslaðu á netinu á lægra verði
Íslenska Margmiðlunarfélagið ehf - Við erum í netverslun

Madonna Ristorante
Þriggja rétta matseðill
Verð fyrir einrétta | Verð fyrir tvírétta
Okkar rómaða humarsúpa 990
Steiktur skötuselur með hvítvínssósu 3.390 4.390
Kjúklingabringa „a la Italiana" 2.950 3.890
Lambafillet með sherrybættri sveppasósu 3.390 4.390
Nautalundir með Chateubriandsósu 3.700 4.690
Súkkulaðifrauð 790
Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli"
Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is

Sérfræðingar í saltfiski
Ekta fiskur
Sælgæti úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is
Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Fyrir verslanir:
Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

Útsalan hefst í dag
25-50% afsláttur
áman
Háteigsvegur 1
105 Reykjavík
Sími: 533-1020
www.aman.is



Eldhúsið er 200 fermetrar og búið nýjustu græjum. Þar er allur matur eldsteiktur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Brunað með ljúffenga rétti

***Foodtaxi.is býður yfir sextíu rétti á heimsendingarmatseðli sínum.***

Fyrirtækið Foodtaxi.is hóf starfsemi fyrir nokkrum vikum en hefur verið í undirbúningi síðan í janúar. „Við erum Rollsinn í heimsendingum," segir Magnús Garðarsson sem rekur fyrirtækið ásamt félaga sínum William Scobie.

Hugmyndin varð til þegar þeir félagar, sem báðir eru kokkar, voru að spá í skyndibita- og matarmenninguna á Íslandi. „Hér var bara hægt að fá pítsur og núðlur sendar heim. Við ákváðum að hrista upp í markaðnum, enda töldum við að það vantaði þjónustu eins og þá sem við bjóðum. Við heimsendum eiginlega allt nema pítsur, þú getur fengið salöt, grænmetisrétti, grillaðan kjúkling, fisk, nautasteikur, hamborgara, lambasteikur, ofnbakaða rétti og fleira. Við verðum með yfir sextíu rétti á nýjum matseðli sem kemur út í byrjun september," segir Magnús á meðan símarnir glymja bak við hann.



Magnús og William við einn af gulu bílunum, sem Magnús segir sólargeisla í íslenska grámygluleikanum.

Það er ekki bara úrvalið á heimsendum mat sem er glæsilegt hjá Foodtaxi.is því eldhúsið er glæsilega útbúið og 200 fermetrar að stærð. „Hér er allt tölvukeyrt, engir miðar. Skilaboðin koma beint frá símasvöruninni upp á skjái hjá okkur. Eftir tvær til þrjár vikur getur fólk svo pantað beint af netinu og maturinn ætti að vera kominn innan 45 mínútna. Allur matur er eldaður á eldi og fluttur í rafhituðum hitatöskum heim til viðskiptavina," segir Magnús.

Fyrirtækið er með sex bíla núna en er búið að panta tíu til viðbótar til að anna eftirspurn. „Það eru bara ekki til gulir bílar á landinu. Hér er allt svart og grátt en við erum sólargeislinn í grámygluleikanum," segir Magnús og vitnar til gula litarins sem er allsráðandi á bílunum og í búningum starfsmanna. „Og við ætlum okkur í útrás með íslenska sólargeislann; höfum fengið einkaleyfisskráningu í tuttugu löndum."

Vinsælustu réttirnir hjá Foodtaxi.is eru Philly Cheese Steak samloka, sem er nautafille með lauk, sveppum, osti og grænmeti annars vegar og hins vegar Bahama Mama, sem er grillaður kjúklingur með hrísgrjónum, karríi, salati, osti og ristuðu brauði.

Frá opnun hefur Foodtaxi.is fengið góðar viðtökur og Magnús segir fyrirtækið vera að leita að eldhúsi í miðbænum til að þjóna því svæði enn betur. „Það verður vonandi komið í gang eftir mánuð og svo stefnum við á annað í Garðabæ," segir Magnús bjartsýnn.

*einareli@frettabladid.is*

## Uppskrift Hörpu

### Speltbrauð

5 dl spelt (fínmalað)
1 dl sólblómafræ
1-2 tsk maldon salt (Saltið mulið á milli fingranna, mjög bragðgott salt)
3 tsk vínsteinslyftiduft (ekki hveitilyftiduft)
1 dós lífræn hrein jógúrt (eða abmjólk)
1-1 1/2 dl soðið vatn.



Nýbakað speltbrauð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Öllu blandað saman í skál með sleif. Sett í brauðform (u.þ.b. 20 cm) og bakað í korter miðað við 175° í blástursofni.

**Ítalskt paninibrauð úr spelti:**
Góðum slatta af ítölsku paninikryddi frá Pottagöldrum bætt við uppskriftina. Deiginu skipt í tvennt og lagt á pappírinn þannig að úr verði tvö löng brauð. Áður en það er bakað er ólífum (grænum eða svörtum) troðið ofan í deigið. Þetta er enn fljótlegra þar sem brauðin eru ekki eins þykk og ef það er aðeins eitt brauð, og því tekur bökunin enn minni tíma.

## Tveir ólíkir kostir við að geyma brauð

MISMUNANDI GEYMSLUAÐFERÐIR BRAUÐS.

Fólk veltir stundum fyrir sér hvort brauð geymist betur við stofuhita eða í kæli. Með tilliti til örverufræði ætti að geyma brauð í kæli því það spornar við því að myglusveppir nái sér á strik en þeim fjölgar frekar við stofuhita.
Með tilliti til gæðaskerðingar er hins vegar betra að geyma brauð við stofuhita. Þá helst mýktin í brauðinu frekar því sterkjan í því breytist með tímanum úr myndlausu í kristalsform og við það harðnar brauðið. Þetta ferli gengur hraðast við ísskápshita en mun hægar við stofuhita. Það er því úr vöndu að ráða með geymslu á brauði.
Heimild www.chef.is.





## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

# Grænt salat með grilluðum geitaosti

Það er heimsborgarbragur á þessu salati og hægt að bjóða það hverjum sem er hvenær sem er. Annað hvort sem lystaukandi forrétt eða sem glæsilegan, léttan hádegisverð. Franski geitaosturinn er lykilatriði fyrir þetta salat og hann er hægt að fá í ostabúðum.



**200 g klettasalatsblanda**
**100 g geitaostur**
**2 msk. ólífuolía**
**8 sneiðar af langbrauði (snittubrauði)**
**3 msk. valhnetuolía (má vera ólífuolía)**
**1 msk. sítrónusafi**
**sjávarsalt og nýmalaður pipar**

**Sósan:**
**3 msk. apríkósumarmelaði**
**4 msk. hvítvín**
**1 msk. dijon sinnep**

**1. Hitið olíu á pönnu og brúnið langbrauðsneiðarnar á báðum hliðum.**
**2. Útbúið sósuna. Þrýstið marmelaðinu með sleif í gegnum sigti ofan í pott. Hitið það því næst og bætið hvítvíni og sinnepi út í. Látið malla á mjög lágum hita.**
**3. Hitið grillið í ofninum rétt áður en salatið er borið fram. Setjið 1 sneið af geitaosti ofan á hverja brauðsneið og grillið sneiðarnar í ofninum þangað til osturinn byrjar að taka á sig gullinn lit.**
**4. Veltið salatinu upp úr blöndu af hnetuolíu og sítrónusafa. Skiptið salatinu á fjóra diska. Setjið tvær sneiðar af geitaost-brauði ofan á hvern skammt og dreypið apríkósusósunni yfir.**



## Camembert með ristuðum furuhnetum

Stundum getur maður ekki staðist freistinguna að narta á milli mála. Fyrir þá sem langar í eitthvað gott en eru komnir með leið á dæmigerðu snakki, s.s. poppi, flögum eða súkkulaði, er hægt að útbúa eigið snarl með lítilli fyrirhöfn. Í einni sviphendingu er hægt að galdra fram gómsætan skyndibita sem ætti að kitla bragðlaukana og klikkar ekki með góðu rauðvíni.

Camembertosti er komið fyrir í eldföstu móti.

Mango chutney er smurt yfir, en valfrjálst er hversu þykkt það er látið vera.

Ristuðum furuhnetum er loks stráð yfir ostinn.

Mótið er því næst sett inn í ofn við góðan hita og innan skamms ætti þetta gómsæta snarl að vera tilbúið.



Uppskriftir og myndir er að finna á www.veitingastadir.is auk fróðleiks um matsölustaði.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Um veitingastaðina

***Nýir vefmiðlar hafa verið opnaðir með upplýsingum um nær alla veitingastaði á Íslandi.***

Vefirnir www.veitingastadir.is og www.restaurants.is gera notendum sínum kleift að leita á þægilegan hátt að matsölustöðum við hæfi enda er hver og einn veitingastaður með sína upplýsingasíðu. Þannig er auðvelt að leita og flokka leitarniðurstöður eftir tegund staðar, matargerð, staðsetningu og verði. Auk þess er hægt að leita eftir stöðum sem bjóða upp á heimsendingu og „take-away".

Hægt er að skoða myndaalbúm margra veitingastaða og þeir sem bjóða upp á matseðla eða borðapöntun á netinu eru einnig merktir sérstaklega.

Á síðunum er líka opið álitskerfi þar sem notendur geta komið á framfæri áliti sínu á veitingastöðum, byggðu á eigin reynslu. Einnig er hægt að skoða ferskar uppskriftir bæði á íslensku og á ensku eftir því á hvorum vefnum notandi er. Stefnt er að því að síðurnar verði með leiki í hverri viku og munu þær gefa fjöldann allan af gjafakortum á veitingastaði.



Hvítlaukur hefur verið notaður í matargerð frá fornöld.

# Vex ekki í villtri náttúru

***Hvítlaukur er talinn afkomandi villtrar lauktegundar sem vex í Mið- og Suðvestur-Asíu. Hvítlaukurinn sjálfur finnst hvergi villtur þó að hann hafi verið notaður í matargerð frá fornöld.***

Hvítlaukur er einna þekktastur fyrir lyktina, bæði lyktina af lauknum sjálfum og þeim sem hefur borðað hann. Lyktin mildast mikið við eldun og þumalputtareglan er sú að eftir því sem hann er eldaður lengur minnkar lyktin. Lyktin er misvinsæl og fer það eftir menningarsamfélögum, en þar sem hann hefur verið notaður árþúsundum saman, eins og í Líbanon, er lyktinni leyft að njóta sín, á meðan við á norðurhjara eldum hann vel og lengi.

Lyktin kemur fram bæði í svita og andardrætti. Það er vegna þess að lyktargjafinn er brennisteinsefnasamband sem líkaminn getur ekki melt og því fer það út í blóðrásina. Efnið losnar svo úr líkamanum um lungun og með svitanum.

Neysla hvítlauks hefur ýmsa læknisfræðilega kosti í för með sér. Í honum eru efnasambönd sem lækkað geta kólesteról í blóði og unnið gegn æðakölkun. Enn fremur inniheldur hann efnasambönd sem eru bakteríu- og sveppadrepandi og hefur því verið notaður í baráttunni gegn ýmsum iðrasýkingum.

Margar þjóðsögur tengjast hvítlauknum. Tilurð þeirra er útskýrð á þann hátt í kristinfræðunum að þegar djöfullinn yfirgaf Eden hafi laukurinn vaxið þar sem hægri fótur hans kom niður, en hvítlaukurinn þar sem sá vinstri snerti jörð. Í þjóðsögum frá Austur-Evrópu er hvítlaukurinn talinn vörn gegn varúlfum og blóðsugum. Honum er þá komið fyrir í knippum við glugga og hurðir, auk þess að vera makað á skrárgöt og skorsteinsop.



**Ofnbakaður hvítlaukur – Forréttur**
Miðað við 4-6:
2-3 heilir hvítlaukar með stórum rifjum.
Ristað brauð, skerið sneiðarnar í tvennt eða fernt.
Sýrður rjómi eða óbragðbætt jógúrt.

Takið sem mest af hvíta þurra hýðinu utan af hvítlaukunum. Hýðið næst rifjunum er ekki snert. Laukarnir eru hafðir heilir og ekki teknir í sundur.

Laukarnir eru settir í lokað eldfast mót eða inn í álpappír. Passið bara að hafa rúmt um laukana. Dreypið ögn af olíu yfir laukana, svolitlu salti og ögn af nýmuldum pipar. Bakið í ofni við venjulegan bökunarhita í um það bil hálfa klukkustund. Gott er að bæta á olíuna á miðjum bökunartíma. Bakaðir líta laukarnir út eins og falleg blóm.

Brauðið er smurt með jógúrtinu eða rjómanum og safinn úr hvítlauksrifjunm er kreistur yfir brauðið.

(Uppskrift af eldhus.is)

**Hvítlaukskjúklingur**
2-4 kjúklingabringur
1-2 heilir hvítlaukar
Smá af hvítlauksdufti, hvítlaukssalti, kød og grill, season all, cayenne pipar
hvítlauksolía til steikingar
rifinn ostur

Steikið kjúklinginn upp úr hvítlauksolíu og brytjuðum hvítlauk við vægan hita og kryddið létt. Setjið í eldfast form og pressið 10 hvítlauksgeira yfir. Setjið ostinn yfir og eldið í ofni við 180° þar til osturinn er bráðnaður. Berið fram með brauði og fersku salati.

*tryggvi@frettabladid.is*




**50%** Krónan býður best að þessu sinni en 50 prósenta afsláttur er af frosnum sviðakjömmum. Þeir kostuðu áður 573 krónur kílóið en kosta nú 287 krónur.

# Helgarsprengja í Húsasmiðjunni

***Fjöldi góðra tilboða fyrir heimilið.***

Á helgarsprengju Húsasmiðjunnar úir og grúir af tilboðum. Ósamsettur verkfæraskúr fæst á 19.999 krónur, Damixa blöndunartæki á 7.900 krónur og tveggja þrepa heimilistrappa á 1.295 krónur.

Enn fremur er hægt að fá Haier-uppþvottavél fyrir 49.900 krónur og alla Jotun-málningu með 25 prósenta afslætti.

Hagsýnir heimiliseigendur geta án efa fundið eitthvað við sitt hæfi á helgarsprengju Húsasmiðjunnar sem stendur til mánudags.



25 prósenta afsláttur er af Jotun-málningu í Húsasmiðjunni fram á mánudag. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES




## Útsala hjá GP gæðahúsgögnum

GÍFURLEGT ÚRVAL HÚSGAGNA Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI.



Húsgögnin eru sum hver á hreint ótrúlegu góðu verði, en sófasett, hornsófar, tungusófar, borðstofusett, körfuskenkir, kommóður, lampar, hillur og kertastjakar eru meðal þess sem finna má í versluninni þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Það er um að gera að kíkja við í GP gæðahúsgögn enda er sjón sögu ríkari. Verslunin að Dalshrauni 1 er opin virka daga frá kl 10-18 og laugardaga 11-16.







NÓATÚN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lamba framhryggjarsneiðar | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Saltfiskflök | 898 | 1.198 | 898 | 25 |
| Lambalæri af nýslátruðu | 1.298 | 1.598 | 1.298 | 20 |
| Lambahryggur af nýslátruðu | 1.398 | 1.698 | 1.398 | 20 |
| Ungnautaragú í villisveppasósu | 1.198 | 1.998 | 1.198 | 40 |
| Lamba Ribeye Kjötmeistarans | 2.398 | 3.298 | 2.398 | 30 |
| Lambageiri með sælkerafyllingu | 2.498 | 3.198 | 2.498 | 20 |
| Lambalundir | 2.798 | 3.798 | 2.798 | 26 |
| Kjúklingabringur, frosnar | 1.598 | 2.298 | 1.598 | 30 |
| Vínber, rauð | 269 | 479 | 269 | 45 |

**Tilboðin gilda til 0. xxx**

FJARÐARKAUP ekki bara verð!

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ali hunangsskinka, soðin | 1.349 | 1.798 | 1.349 | 25 |
| Ali helgarasteik, hryggvöði | 1.649 | 2.198 | 1.649 | 25 |
| Ali bjúgu | 449 | 599 | 449 | 25 |
| Fk jurtakryddað lambalæri | 1.098 | 1.830 | 1.098 | 40 |
| Fyrirtaks pizza, frosin 300 g | 298 | 498 | 298 | 40 |
| Baguette hvítlauksbrauð | 99 | 127 | 99 | 20 |
| Knobis hvítlaukssneiðar, 300 g | 155 | 222 | 517 | 30 |
| Ferskur ananas | 179 | 219 | 179 | 20 |
| Cheerios, 992 g | 539 | 589 | 539 | 10 |
| Ben & Jerry's ís, 473 ml | 486 | 648 | 1.027 | 25 |

**Tilboðin gilda til 3. september**

KRÓNAN

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Gourmet ofnsteik með rauðvínsblæ | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Gourmet lambalæri, ferskt | 1.268 | 1.693 | 1.268 | 25 |
| Gourmet ungnautahakk | 997 | 1.449 | 997 | 30 |
| Spjátrungs ýsubitar | 498 | 659 | 498 | 25 |
| Grillborgarar frá Goða, 4 stk | 399 | 614 | 399 | 35 |
| Goða svið, frosin í poka, 1 kg | 287 | 573 | 287 | 50 |
| Vatnsmelónur, rauðar | 79 | 109 | 79 | 30 |
| Gouda 17% ostur í sneiðum | 989 | 1.163 | 989 | 15 |
| Pepsi Max kippa 6x2 l | 899 | 1.122 | 75 | 20 |
| Egils Kristall hreinn/sítrónu, 2 l | 149 | 178 | 75 | 15 |

**Tilboðin gilda til 0. xxx**

BÓNUS

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Ferskar svínakótilettur | 799 | 1.198 | 799 | 35 |
| Ferskur svínahnakki úrbeinaður | 799 | 1.298 | 799 | 40 |
| Ferskt svínagúllas | 799 | 1.198 | 799 | 35 |
| Ferskar svínalundir | 1.499 | 1.799 | 1.499 | 15 |
| KF folaldakubbasteik | 299 | 499 | 299 | 40 |
| Goða folaldahakk frosið | 299 | 499 | 299 | 40 |
| KF reykt folaldakjöt | 373 | 611 | 373 | 40 |
| KF saltað folaldakjöt | 373 | 611 | 373 | 40 |
| KF lambasaltkjöt blandað | 349 | 449 | 349 | 20 |
| Ungnautalundir frosnar | 2.499 | 2.998 | 2.499 | 15 |

**Tilboðin gilda til 3. september**

Þín verslun

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri sítrónukryddað | 1.496 | 1.870 | 1.496 | 20 |
| Helgargrís með indverskum hætti | 1.439 | 1.799 | 1.439 | 20 |
| Pólskar pylsur | 709 | 889 | 709 | 20 |
| Hunts sp. sósa, cheese & garlic, 751 g | 159 | 229 | 212 | 30 |
| Hunts sp. Sósa, garlic & onion, 737 g | 159 | 229 | 216 | 30 |
| Hunts sp. Sósa. ital. saucase, 751 g | 159 | 229 | 212 | 30 |
| Hunts sp. Sósa, four cheese, 737 g | 159 | 229 | 216 | 30 |
| Kristall, 0,5 l | 109 | 127 | 218 | 15 |
| Lays flögur, 200 g | 199 | 279 | 995 | 30 |

**Tilboðin gilda til 0. xxx**

HAGKAUP Skemmtilegast að versla

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Myllu rúsínu- og valhnetubrauð | 259 | 339 | 259 | 25 |
| Holta kjúklingabringuálegg | 1.712 | 2.140 | 1.712 | 20 |
| Réttmeti kalkúnn, Ömmubakstur 450 g | 577 | 679 | 1.282 | 15 |
| Kjúklingabringur, innfluttar 900 g | 1.499 | 1.899 | 1.665 | 20 |
| SS blóðmör, frosin og ósðin, 4 stk. í pk. | 353 | 588 | 353 | 40 |
| SS lifrapylsa frosið 4 stk. | 389 | 648 | 389 | 40 |
| Lambalæri úr kjötborði | 998 | 1.485 | 998 | 35 |
| Lambaframhryggjarsneiðar úr kjötborði | 1.449 | 1.649 | 1.449 | 10 |

**Tilboðin gilda til 3. september**

# Verðhrun í Tekk Company

***Allt að 70 prósenta afsláttur er veittur af húsgögnum hjá Tekk Company í Kópavogi.***

Mikil útsala stendur nú yfir í Tekk Company að Bæjarlind 14-16 í Kópavogi. Útsölunni lýkur nú um helgina.

Sem dæmi um þau tilboð sem eru í gangi er Adagio tungusófi á 99 þúsund krónur sem kostaði áður 198 þúsund krónur. Coco-borðstofuborð og fjórir Gardastólar eru á 70 prósenta afslætti. Tekk Company er opið virka daga frá tíu til sex, laugardaga tíu til fjögur og sunnudaga frá eitt til fjögur.



Útsölunni lýkur um helgina.



# Afmælissprengja

***Fyrir suma er 13 óhappatala. Þessir sumir geta nú snúið lukkunni sér í vil og nýtt sér tilboðin í tilefni 13 ára afmælis Tölvulistans.***



Tölvulistinn býður upp á tölvur í úrvali. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í Tölvulistanum fæst allt sem við kemur tölvum. Þar er hægt að fá Acer og ACE borð- og fartölvur, prentara, hljóðkerfi, hljóðkort, móðurborð, harða diska, skjákort og alla fylgihluti.

Meðal þess sem er á tilboði nú er þráðlaust Logitec lyklaborð og mús. Saman kosta þau 14.900 krónur. Viftulaust GeForce7 256 MB DDR2 skjákort kostar 15.900 krónur, Logitech X-530 5.1 hljóðkerfi fyrir tölvur kostar 9.900 krónur og Canon prentari sem skilar ljósmyndagæðum kostar 9.900 krónur.

Á tölvunum í Tölvulistanum eru núll prósent vextir á tölvukaupalánum í tilefni afmælisins og fyrsta greiðsla gjaldfellur ekki fyrr en 1. október. Hægt er að sjá tölvurnar sem í boði eru í einhverri af fjórum verslunum Tölvulistans, á Akureyri, Egilsstöðum, í Keflavík og Reykjavík. Ekki skemmir fyrir að Tölvulistinn býður gestum upp á emmess íspinna meðan birgðir endast.



## Tilboð á útivistarvörum

ÚTIVIST OG SPORT VERSLANIRNAR ERU NÚ MEÐ 50 PRÓSENTA AFSLÁTT AF REGATA BARNAVÖRUM.

Útivist & Sport verslanirnar eru í Reykjavík, Akureyri og Keflavík. Að auki eru sölustaðir á Ísafirði, Reyðarfirði og Höfn í Hornafirði. Fyrirtækið býður nýjar barnavörur fyrir veturinn og 50 prósenta afslátt af úlpum, snjóbuxum, softshell peysum, flíspeysum, snjógöllum, skóm og annarri smávöru. Regatta er hágæða útivistarmerki fyrir alla aldurshópa og er opið í Útivist & Sport frá klukkan 11-16 um helgina.

# Útsölulok í Radíóbæ

***Útsölulok standa nú yfir í Radíóbæ í Ármúla.***

Radíóbær í Ármúla býður stórlækkað verð á vörum sínum vegna útsöluloka. Hægt er að gera mörg góð kaup á raftækjum og spara sér ófáan skildinginn.

Meðal góðra tilboða eru sjónvörp, 27, 19 eða 15 tommu, sem hægt er að fá á afslætti sem nemur 15 til 30 þúsundum króna. Ferða DVD spilara má fá með tíu þúsund króna afslætti og söngelskir geta keypt sér karókítæki á 5.495 krónur og sparað sér þannig 6.500 krónur.

Roberts útvörpin eru seld með fjögur þúsunda króna afslætti og Tangent útvörpin með fimm þúsunda króna afslætti.

*- jóa*



Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB-blaðsins, kann á því skil hvernig spara skal í bílamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Keyrir bílana sína út

***Stefán Ásgrímsson, ritstjóri hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, ók nýverið hringveginn við þriðja mann á aðeins einum bensíntanki.***

Stefán sem ók hringveginn á bíl frá Heklu í þágu Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna segist ekki vera sérfróður í því hvernig spara eigi peninga öðruvísi en með því að versla í Bónus, en þegar kemur að bílamálum viti hann eitt og annað. „Að mínu mati eru bílar því betri sem þeir eru ódýrari. Þegar maður er ekki á of dýrum bíl er maður ekki að tapa vöxtum og þá er einnig minna verðfall á honum."

Stefán ók hringveginn og rúmlega það á einum bensíntanki með því að fylgja einföldum viðmiðum. „Ég ók á um það bil 70 kílómetra hraða og forðaðist að láta bílinn rembast. Ég læt bílinn ekki renna niður brekkur heldur læt ég hann halda við í hæsta gír, þá lokar hann fyrir alla bensíninngjöf og eyðir bara 0,0 lítrum," segir hann en bætir því þó við að hann tileinki sér ekki slíkt sparnaðaraksturslag að jafnaði sjálfur.

„Það er líka sagt að dísilbílar eyði 20-50 prósentum minna eldsneyti heldur en bensínbílar. Það liggur því í augum uppi að ef maður ætlar að spara orku og eldsneyti þá á maður að eiga dísilbíl."

Aðspurður um hvaða aðferðir hann tileinki sér til þess að minnka útgjöld í tengslum við bíla svarar hann: „Ég passa mig á því að skipta voðalega sjaldan um bíla. Ég reyni að eiga einhverjar góðar tegundir sem eru ekki til vandræða og bila lítið. Ég á bílana mína yfirleitt þangað til að þeir eru einskis virði og þá gef ég einhverjum þá," segir hann og hlær. „Ég er reyndar ekki á gömlum bíl um þessar mundir en ég mun eflaust eiga hann lengi."

Stefán segist ennfremur furða sig á fólki sem bindur stóran hluta peninga sinna í dýrum bílum. „Að mínu mati er það vitlaust, ég vil bara eiga fyrir bílnum sem ég kaupi og að það sé ekkert lán áhvílandi á honum."

Þó svo Stefán hafi yfirleitt verið heppinn með bílana sína þá hefur það ekki alltaf verið raunin. „Ég eignaðist einu sinni Moskvits sem ég fékk í skiptum fyrir annan bíl, hann var alveg vitavonlaus og því var ég fljótur að losa mig við hann."

*valgeir@frettabladid.is*


DÚNMJÚKT OG ÞÆGILEGT







TEMPUR®
Tempur inniskór
• Mjúkur gúmmísóli
• Tempur efni í botni
• Mjúkur og hlýr

TempraKON®
Dúnsængur og koddar
• Hitajöfnun 37°C
• Hannað af NASA
• 600 gr af 100% hreinum hvítum gæsadún
• Asthma- og ofnæmisprófað
• Hægt að þvo á 60°

Outlast ADAPTIVE COMFORT
CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

www.design.is ©2006

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

**Skartgripi** er hægt að kaupa í hinum óteljandi skartgripabúðum og hönnunarbúðum sem prýða miðbæinn.



Haust í Marimekko



marimekko®
Laugaveg 56 • Sími 551 7600

# Vertu eins og heima hjá þér

***Á kaffihúsinu með skemmtilega nafninu, Babalú, er tekið á móti gestum eins og heimamönnum.***

Babalú er rúmlega eins árs kaffihús, sem hefur yfir sér heimilislegan blæ með notalegri stemningu. Það mætti jafnvel segja að það sé í skemmtilega draslaralegum stíl.

Það er á annarri hæð Skólavörðustígs 22a, ekki nema 70 fermetrar að stærð og útbúið 30 fermetra svölum þar sem hægt er að sitja úti með kaffibolla og slappa af.

Veitingaúrval er með ágætu móti á staðnum, en að sögn eins eigenda hans, Hallgríms Hannessonar, eru veitingar undir sterkum áhrifum frá franskri og spænskri matseld.

„Við bjóðum upp á kaffi, te, áfengi og gosdrykki,“ segir Hannes. „Gestir geta síðan valið úr ljúffengum ítölskum tertum, heimabökuðum kökum en súkkulaðikakan er þeirra sjálfsagt vinsælust, og frönskum langbrauðum og pönnukökum eða crépe með alls kyns áleggi, svo sem spínati, tómötum og osti, sem eru aðalsmerki hússins.“

Veitingar eru ekki það eina sem hitað er í ofninum á Babalú að sögn Hallgríms.

„Gestum gefst nefnilega kostur á að búa til leirverk sem eru bökuð á staðnum og notuð til skreytinga, en þannig eiga þeir þátt í því að gera kaffihúsið að því sem það er,“ útskýrir hann. „Sama máli gegnir um myndir sem hanga uppi á veggjum og eru eftir gesti og gangandi.“

Síðan er alltaf einhver sýning í gangi til að gleðja augað, auk þess sem hægt er að grípa í blað eða bók til að grúska í og njóta lífsins.“

*roald@frettabladid.is*



Á kaffihúsinu ríkir notalega heimilisleg stemning. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Á Babalú er úr mörgum kaffi- og tetegundum að velja, auk þess sem gestir getað pantað sér gosdrykki eða áfenga drykki.



Franskar pönnukökur njóta mikilla vinsælda en matseldin er undir frönskum og spænskum áhrifum.



Babalú er á annarri hæð Skólavörðustígs 22a.



Á einum veggja Babalú getur að líta hillu með leirverkum sem gestir kaffihússins hafa búið til á staðnum.



Hægt er að bregða sér út á svalir til að anda að sér fersku lofti og njóta útsýnis á meðan veitinga er neytt.



Það getur verið gott að grípa í bók til að gleyma daglegu amstri en kaffihúsið býr yfir vænum bókakosti.



Ljósmyndir eftir hina pólsku Ania Leoniak prýða veggi kaffihússins um þessar mundir.

Ný og stærri verslun



Opnum nýja deild með stærðum 44-52

olsen

Laugavegi 25 s: 533 5500 www.olsen.de

Haustvörurnar frá Wolford komnar

Sokkabuxur í miklu úrvali



GLÆSILEGU FRÖNSKU PEYSURNAR OG VESTIN ERU KOMIN

Sigurboginn Laugavegi 80
s. 561 1330

allt heimili
Alla fimmtudaga


Garðurinn við listasafn Einars Jónssonar.

# Listinni andað að sér í borginni

***Langan laugardag er hægt að nýta í margt annað en að versla.***


Listasafn Íslands.


Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús.


Kjarvalsstaðir eru í göngufæri við miðbæinn.

Ýmis listasöfn eru í og við miðbæinn og er vert að fara og líta við í einu eða fleirum.

**Listasafn Íslands** stendur við Fríkirkjuveg 7. Listasafnið er þjóðlistasafn og leggur megináherslu á 19. og 20. aldar list, íslenska og erlenda. Á safninu eru merk verk eftir alla helstu myndlistarmenn þjóðarinnar. Það hefur einnig að geyma vaxandi safn erlendra verka eftir heimskunna listamenn, s.s. Pablo Picasso, Edvard Munch, Karel Appel, Hans Hartung, Victor Vasarely, Richard Serra og Richard Tuttle. Í safnbyggingunum á Fríkirkjuvegi 7 eru nokkrir sýningarsalir á þremur hæðum, safnbúð og kaffistofa. Ekki skemmir að enginn aðgangseyrir er rukkaður fyrir aðgang að safninu.

**Ásgrímssafn** við Bergstaðastræti er opið eftir samkomulagi. Safn Ásgríms Jónssonar hýsir vinnustofu listamannsins og heimili. Það hefur að geyma yfir 2.000 stök verk, 150 teiknibækur og safn heimilda um líf listamannsins og starf auk innbúss. Í safninu eru að jafnaði haldnar þrjár sýningar á ári þar sem verk listamannsins eru til sýnis.

**Náttúrugripasafnið** er vel falið á fjórðu hæð á Hlemmi 5 en samt vel heimsóknarinnar virði. Í safninu er reynt að gefa gestum sem gleggst yfirlit yfir fegurð og fjölbreytni í náttúru landsins sem og myndunarsögu þess og lífríki. Í safninu eru valdir gripir; dýr, plöntur, steingervingar, helstu bergtegundir, steindir og holufyllingar. Þar má fræðast um uppruna Íslands í ljósi landrekskenningarinnar og um virk eldstöðvakerfi. Gróðurfari og flóru landsins eru gerð skil, sýnd dæmi um mismunandi gróðurlendi og sagt frá gróðureyðingu. Margar dýrategundir eru sýndar í kjörlendum sínum, í og við ár og vötn, í fuglabjörgum og sjó, svo dæmi séu tekin.

Safnið er opið á laugardaginn frá 13.30 til 16.00.

**Listasafn ASÍ** og **Ásmundarsalur** eru á Freyjugötu 41. Í Ásmundarsal eru reglulega settar upp sýningar, bæði á verkum mismunandi listamanna og sýningar á hinum fjölmörgu verkum í eigu listasafns ASÍ. Upphaf safnsins má rekja til þess þegar Ragnar Jónsson í Smára gaf Alþýðusambandinu listaverkasafn sitt, um 120 myndir, flestar eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar.

**Listasafn Einars Jónssonar** á Njarðargötu geymir hátt á þriðja hundrað verk sem spanna sextíu ára starfsferil Einars. Húsið er hannað af Einari sjálfum. Garðinn prýða ægifagrar höggmyndir og yndislegt að rölta þar í góðu veðri. Safnið er opið á laugardaginn frá 14.00 til 17.00.

**Nýlistasafnið** er við Vatnsstíg 3b. Sýningarnar sem eru þar í gangi í dag eru Of course, it welcomes the foreigners, the boundary eftir Pétur Má Gunnarsson, Johann Maheut og Toshinaro Sato. Einnig Landslag og launmorð eftir Bruce Conkle.

Í **Hafnarhúsinu** stendur yfir sýning á grafíkverkum úr Errósafninu.

Það er því úr nógu að velja í miðbænum en fyrir þá sem vilja fá sér stuttan göngutúr er ekki langt að fara út á Miklatún og virða fyrir sér listaverkin á **Kjarvalsstöðum**.


Margt er að sjá á Náttúrugripasafninu.

# Gengið í góðu veðri

***Veðurfræðingar eru bjartsýnir á að sólin skíni á löngum laugardegi.***

Langur laugardagur er haldinn í miðborg Reykjavíkur fyrsta laugardag í hverjum mánuði. Þá eru verslanir með ýmis tilboð í gangi og nýta má daginn til að létta sér lund með ýmsum uppákomum. Margir tengja langan laugardag helst við Laugaveginn en rétt er að allur miðbærinn tekur þátt í að gera daginn sem skemmtilegastan.

Því er um að gera að fá sér göngutúr um hin ýmsu hverfi 101 Reykjavíkur. Rölta í kringum Tjörnina, skoða hin fallega uppgerðu hús í Grjótaþorpinu, líta við í Kvosinni og svo mætti lengi telja.

Morgundagurinn ætti að henta vel til útiveru enda spá veðurfræðingar blíðu þennan dag. Því er ekki úr vegi að nýta þennan sumardag, sem gæti verið einn sá síðasti áður en haustið skellur á, til að kynnast miðbænum í góðu veðri.


Langur laugardagur á ekki aðeins við um Laugaveg heldur alla miðborgina.









BARÐI Í BANG GANG • Fellibylur eyðilagði MTV partýið [4]

# SIRKUS

1. SEPTEMBER 2006

FÉLAGARNIR Í Á MÓTI SÓL ÆTLA EKKI AÐ KJÓSA MAGNA [2]



ELLÝ Í Q4U ER KOMIN AFTUR:

# Ég er engin puntudúkka





DÓTTIR GUÐRÚNAR GUNNARS

## Ólöf Jara er söngstjarna í Versló



SONUR GULLA Á ÓMEGA

## Syngur um Jesú eins og pabbi



PÉTUR ARI OG EDNA MASTACHE

## Ástfangið par í salsasveiflu

# Ég er þunnur




Sirkusinn er enn að jafna sig eftir útgáfupartýið um síðustu helgi. Það sést kannski á honum, smá þynnka í gangi. Ekki nema 16 síður, ég fékk því miður ekki fleiri. En ég lenti á nokkrum trúnóum um síðustu helgi. Flestir voru bara sáttir með nýja karakterinn. Fannst hann ferskur og skemmtilegur. Sem var það sem ég vonaðist eftir. Svo átti ég gott spjall við Ellý úr Q4U í vikunni. Það er alvöru töffari. Held hún eigi eftir að slá í gegn í X-Factor í vetur. Við Ellý eigum það líka sameiginlegt að vera hreinskilin og opinská. Ekkert bullshit.
– Sirkusinn

## 3 HLUTIR SEM SIRKUS VISSI EKKI FYRR EN NÚ



**Síða 8** - Ellý í Q4U byggði sitt eigið einbýlishús á Akranesi. Hún smíðaði líka pallinn og lagði hellurnar.



**Síða 14** - Trúbadorinn Siggi Lauf er sonur trúaða trúbadorsins Ólafs Laufdal sem iðulega kemur fram á Omega.



**Síða 4** - Barði „Bang Gang“ Jóhannsson átti að spila á MTV festival í Miami á morgun. Tónleikunum var aflýst í vikunni af ótta við fellibylinn John.

### STRÁKARNIR Í Á MÓTI SÓL

# Ætla EKKI að kjósa Magna í lokaþættinum



„Við hittumst fyrst og héngum yfir þessu saman. Núna eru menn byrjaðir að vinna og þurfa að vakna snemma, en við erum alltaf duglegir að kjósa,“ segir Heimir Eyvindarson, hljómborðsleikari Á móti Sól. Heimir er að vonum ánægður með kosninguna sem Magni fékk í síðasta þætti en vill þó ekki eingöngu þakka íslensku þjóðinni öll atkvæðin. „Við erum náttúrulega algjör tækninörda þjóð og stöndum saman þegar okkur langar til. Ég held samt að hann hafi fengið mikið af samúðaratkvæðum þar sem Dilana var svo vond við hann í raunveruleikaþættinum. En með fullri virðingu fyrir þjóðinni þá held ég að eingöngu við náum ekki að koma honum svona langt,“ segir Heimir sem hefur heyrt í Magna nokkrum sinnum frá Bandaríkjunum.



„Hann má ekki hringja heim en hefur stolist til þess að hringja í mig. Sagði um daginn að hann þyrfti að heyra í pabba sínum og sló á þráðinn til mín. Hann var leiður þarna á tímabili en núna er hann farinn að sjá fyrir endann á þessu. Ég er þó ekki viss um að hann vilji fara alla leið. Við ætlum til dæmis ekki að kjósa hann í lokaþættinum ef hann nær þangað. Maður er náttúrulega alltaf að hugsa um sjálfan sig,“ segir Heimir og hlær. Heimir heyrði í Magna um daginn og skildist á honum að jafnvel fjórir myndu keppa til úrslita. Það er því einn þáttur og svo er það úrslitabardaginn.

***Hefurðu heyrt einhverjar krassandi sögur úr húsinu?***

„Það eru sumir þarna sem eru verri með víni en aðrir og þetta glas í síðasta þætti var ekki það fyrsta sem brotnaði. En ég held að lífernið þarna sé nú ekki á neinum rokkstjörnustandard. Okkar maður er til dæmis mjög rólegur. Ég hef verið með honum í hljómsveit í sjö ár og hann hefur aldrei farið í partý eftir ball. Þá er bara komin nótt og okkar maður fer að sofa.“

## „MAÐUR ER NÁTTÚRULEGA ALLTAF AÐ HUGSA UM SJÁLFAN SIG“





## móment vikunnar

**20 ÁRA AFMÆLI FRJÁLS ÚTVARPS FAGNAÐ**

**Bylgjan hélt glæsilega afmælisveislu um síðustu helgi sem náði hámarki á mánudaginn. Til hamingju með afmælið!!**

# Ég vil vera ... Halla Vilhjálmsdóttir



**1. FATAMERKI? DIESEL OG KAREN MILLEN**
Gallabuxur: Diesel. Ekki spurning. Kjólar: Karen Millen. Svo er breski hönnuðurinn Ted Baker í miklu uppáhaldi. Hannar flott karlmannsföt en ég er mjög hrifin af kvennalínunni sem er ansi töffaraleg.



**2. SKÓR? ÍÞRÓTTASKÓR**
Puma. En þeir skór sem eru í uppáhaldi hjá mér í augnablikinu eru annars vegar bláu glimmerskórnir úr GS skór, Ásta Bærings er í þeim í Footloose og mér fannst hún svo flott í þeim að ég hljóp út í búð og keypti mér par. Og er meira að segja í þeim í þessum töluðu orðum.



**3. DRYKKUR? (ÁFENGUR) MOJITO OG...**
Mojito, hvítvín, rauðvín og G+T. Hvert í sínu lagi samt. Svo finnst mér frábært að fá mér engifervín út í viskí með pabba.

**4. BÍLATEGUND? G-IN ÞRJÚ**
Gamli Græni Grand Cherokee jeppinn minn. Hann gerir mig hamingjusama:-)

**5. BÍÓMYND? INSIDE MAN**
Sá Inside Man um daginn. Hún er frábær. Annars finnst mér Christian Bale í The Machinist rosalegur. Algjört „must see”.





**6. ÍÞRÓTTAMAÐUR? VALDERRAMA**
Það er klárlega Carlos Valderrama. Maðurinn með krullurnar.



**7. GRÆJA? I-PODINN**
Ætli ég verði ekki að vera sammála Bugsy Malone vinkonu minni henni Unni Birnu (sjá síðasta tölublað) og segja i-pod. Algjört þarfaþing þegar stressuð stelpa slappar af í baði:-)

**8. SUMARFR „SUMARFR”?**
Hvað er nú það?? Því miður, ég bara skil ekki spurninguna.

**9. ILMVATN: L**
„L” eftir Lolitu Lempicka. Fæst ekki hérlendis og þurfti að selja afa minn fyrir tollinum ...

**10. HUNDATEGUND POMMERANIAN**
Æi, þótt hann Pjakkur minn sé nú frekur og óþekkur og ekki beint vinsælastur hjá mér þessa dagana eftir að hafa sprænt á uppáhaldsveskið mitt í gær, þá hef ég samt ekki í mér að segja annað en Pommeranian. Svona ef hann skildi nú lesa þetta ...



SIRKUS
**Útgáfufélag** 365 prentmiðlar **Útgefandi** Helgi Hermannsson, ábm. **Ritstjórn** Andri Ólafsson, andri@minnsirkus.is, Breki Logason, breki@minnsirkus.is, Dröfn Ósp Snorradóttir, drofn@minnsirkus.is, Heimir Hermannsson, heimir@minnsirkus.is, Helga Ólafsdóttir, helga@minnsirkus.is **Yfirmaður sirkusmiðla** Árni Þór Vigfússon arni@minnsirkus.is **Sirkusblaðið** Skaftahlíð 24 105 Rvk, sími 550 5000 **Sölustjóri** Gréta Karen Grétarsdóttir 550 5864 gretakaren@frett.is




SHAPPELLE'S SHOW
Loksins á Íslandi...
Grínþættir sem hafa gert allt vitlaust í Bandaríkjunum. Grínistinn Dave Chappelle lætur allt flakka í þessum þáttum og er engum hlíft. Hvort sem það eru bíómyndir, leikarar, trúarhópar eða kynþáttur þá hikar Chappelle ekki við að gera grín af því sem honum dettur í hug.
SIRKUS TV

HP mælir með Windows XP Professional

Intel Centrino Duo
Dual-core. Do more.




WWW.FARTOLVUR.IS

## Hámarksafköst – Hámarksframmistaða









### HP Compaq nx6325

- AMD Sempron 3500 örgjörvi
- 15" XGA skjár1024x768
- 512MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- DVD+/-RW geislaskrifari
- ATI Mobility Radeon skjákort með allt að 128MB
- Bíómetrískur fingrafaralesari

**verð kr. 129.900**

### HP Pavilion dv1599

- Intel Pentium M 760, 2GHz örgjörvi
- 14" skjár WXGA 1280x768
- 1024MB DDR vinnsluminni
- 100GB harður diskur
- DVD+/-RW geislaskrifari
- Intel skjákort með allt að 128MB

**verð kr. 155.900**

### HP Compaq nc6320

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 15" TFT skjár 1400x1050
- 512MB DDR2 vinnsluminni
- 80GB harður diskur SMART SATA
- 16X LightScribe DVD+/-RW Double Layer geislaskrifari
- Intel skjákort með allt að 128MB:
- Engar áhyggjur ábyrgð

**verð kr. 199.900**

### HP Compaq nx9420

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi

- Intel Core Duo T2400 örgjörvi
- 17" TFT WSXGA breiðtjaldsskjár 1680x1050
- 1024MB vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- DVD+/-RW SuperMulti Double Layer geislaskrifari
- ATI skjákort með allt að 256M

**verð kr. 224.900**

### Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Office 1 Superstore um land allt | Sími 550 4100 | Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðarkróki | Sími 550 4100 |
| Oddi skrifstofuvörur um land allt | Sími 515 5000 | Tölvuþjónustan, Akranesi | Sími 575 9200 |
| HP Búðin, Reykjavík | Sími 568 5400 | Netheimar, Ísafirði | Sími 456 5006 |
| Start, Kópavogi | Sími 544 2350 | Eyjatölvur, Vestmannaeyjar | Sími 481 3930 |
| Samhæfni, Reykjanesbæ | Sími 421 7755 | Bókabúð Þórarins Stefánssonar, Húsavík | Sími 464 1234 |
| TRS, Selfossi | Sími 480 3300 | | |

hp ®

## Ég var að heyra...



Að Villi „Copy-paste" og **Arnar Gunnlaugsson** hefðu skellt sér í piparsveinaferð til Napólí um daginn. / Að **Doddi Gröndal** væri hættur í Trabant / Að Snooze dúettinn væri að gefa út nýtt lag fyrir erlendan markað. Lagið heitir „Tell me your name" og er víst sungið á ensku. / Að **Símon Birgisson** fyrrum fréttamaður NFS og núverandi listaspýra væri kominn með kærustu. Sú heppna heitir **Ýr** og ku vera gullfalleg. / Að heiti rússneski dansarinn **Max** úr Footloose væri að gera upp Penthouse íbúð á 13. hæð í Síberíu, hann sé einungis hér á landi í sumar til að safna sér aur. / Að sonur **Hjálmars** Dómkirkjuprests, **Reynir Reynir**, sem margir muna eftir úr Kvöldþætti **Gumma Steingríms** væri byrjaður að vinna á Blaðinu. Hlutirnir gerast fljótt hjá stráknum því hann var starfsmaður DV í síðustu viku. / Að **Baltasar Kormákur** og **Hallgrímur Helgason** hefðu rifjað upp gamla takta á dansgólfi Kaffi Barsins um síðustu helgi, segja þeir sem sáu að strákarnir hafi engu gleymt. / Að **Halla Vilhjálms** og **Gulla** úr Stelpunum væru að leika í nýjum þætti á Skjá einum. / Að **Þossi** væri farinn aftur til Danmerkur eftir að hafa verið á X-inu í allt sumar./





## ÞETTA SÖGÐU ÞAU Í VIKUNNI...



„En fréttirnar sem ég flyt í þættinum eru náttúrulega fréttir sem ég fæ samkvæmt heimildum ... Ef einhver er heimildarmaður ætti hann endilega að hringja í mig."
**Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir í viðtali um nýja þáttinn sinn Hér & nú í Hér & nú**



„Ég hef meitt mig meira á því að opna kókdós. Ég veit það manna best að það kemur mikið blóð þegar það kemur sár á höfuðið enda raka ég mig sjálfur á hausnum."
**Guðmundur „Magni" Ásgeirsson í Fréttablaðinu um skurðinn sem hann fékk á höfuðið í Rockstar.**



„Hann er ekkert smá fær þessi gæi, heldurðu að hann hafi farið í frí eða eitthvað. Er nokkuð slökkt á rádernum? Ertu búinn að prófa hérna, Hive-Bjarni?"
**Jóhann Alfreð Kristinsson í Námsvildar auglýsingunum fyrir Glitni**

**SÖNGKONAN ÓLÖF JARA ER DÓTTIR SJÓNVARPSKONUNNAR GUÐRÚNAR GUNNARSDÓTTUR**

# Syngur með skólahljómsveitinni




SIRKUSMYND: VILHELM



Ein efnilegasta söngkonan á Íslandi í dag er sautján áras gömul og heitir Ólöf Jara Valgeirsdóttir. Hún er nemandi í Verslunarskóla Íslands og dóttir sjónvarpskonunnar Guðrúnar Gunnarsdóttur og leikstjórans Valgeirs Skagfjörð. Ólöf bar sigur úr býtum í söngkeppni Verslunarskólans, Vælinu, í fyrra en í ár syngur hún með skólahljómsveitinni.

**Ertu að semja þitt eigið efni?**
„Já ég hef verið að því. En það er meira svona fyrir sjálfan mig í augnablikinu. Þegar ég hef verið að koma fram undanfarið er ég meira að flytja lög eftir aðra. En það er aldrei að vita hvað maður gerir með þetta efni."

**Eins og fyrr segir er Ólöf dóttir hinnar kunnu söngkonu Guðrúnu Gunnarsdóttur. Hafið þið eitthvað verið að syngja saman?**
„Nei mjög lítið. Hún er bara gera sitt og ég mitt. Við erum mjög ólíkar. Hún er náttúrulega frábær tónlistarmaður en ég vil frekar gera mína eigin hluti. Þó að það væri náttúrulega gaman að koma einhvern tímann fram með henni."

**Hvað er framundan hjá þér í tónlistinni?**
„Ég er að spila með skólahljómsveitinni á busaballinu á Versló. Svo ætlum við að reyna að vera dugleg að koma fram í hádegishléum í skólanum og svo náttúrulega á hinum ýmsu uppákomum á vegum skólans."

Það verður spennandi að sjá hvað þessi efnilega söngkona tekur sér fyrir hendur á næstu misserum. Sirkus tippar á að hún verði ein af þeim stóru. Sirkus segir: Fylgstu með þessari!

**BARÐI ÁTTI AÐ SPILA FYRIR MTV Á MIAMI**

# Fellibylurinn eyðilagði partýið



„Menn eru bara að byrgja glugga og sitja aðallega inni. Allar skrifstofur eru lokaðar þarna og enginn fer út úr húsi," segir Barði Jóhannsson um fellibylinn John sem er að gera allt vitlaust í Ameríkunni. Barði átti að spila í MTv partýi á Miami um helgina en því hefur nú öllu verið aflýst. „Það fer enginn í partý þarna, nema þá kannski bara heima hjá sér," segir Barði sem er á leið til Washington til þess að snúa plötum á svokölluðu tease kvöldi. „Það er flottur listi af fólki sem hefur spilað á undan mér þarna. Til dæmis Bloc Party og Interpol."

Ertu þá kominn á sama stall og þessi nöfn?
„Nei ég er nú bara að spila í sama partýi og þeir hafa spilað í, ekkert meira en það."

**ANDRI BERGMANN HLJÓP INN Á LEIK KR OG ÞRÓTTAR**

# Horfði á sjálfan sig í sjónvarpinu



**„Þetta var bara eitthvað flipp hjá okkur félögunum," segir Andri Bergmann sem stal óvænt senunni á undanúrslitaleik Þrótts og KR í vikunni. Andri tók sig skyndilega til og hljóp inn á völlinn og yfir hann þveran, fram hjá leikmönnum og gæslumönnum og þaðan upp í stúku hinum megin. Áhorfendur sjónvarpsins og vallargestir fylgdust furðu lostnir með.**

***Hvað varstu að spá?***
Félagarnir mönuðu mig upp í þetta. Sögðu að þetta hefði aldrei verið gert.

***Og náði gæslan þér aldrei?***
Nei, ég hljóp bara upp í stúku hinum megin og hafði mig þaðan á brott. Horfði síðan á sjálfan mig í sjónvarpinu um kvöldið og skellihló.

***Fengið hótanir frá röndóttum boltabullum?***
Nei, nei. Það þýðir ekkert að fara í fýlu út af þessu. Þetta var bara létt grín.




# Tala meira. Borga minna.

**0,00** kr./mín.
Hringt í SKO GSM síma.

**14,90** kr./mín.
Hringt í aðra GSM og heimasíma.

**www.sko.is**

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

**LÍFEFNAFRÆÐINEMINN PÉTUR ARI MARKÚSSON FINNUR SÉR TÍMA FRÁ SKÓLANUM OG BÖRNUNUM TIL AÐ DANSA. AÐ MINNSTA KOSTI EINU SINNI Í VIKU.**

# Fann ástina og dansinn í Mexíkó



„Það geta allir dansað," segir Pétur Ari Markússon, nemi í lífefnafræði. Pétur kennir salsa í Kramhúsinu ásamt konu sinni, Ednu Mastache. Edna er frá Mexíkó og það var þar sem Pétur féll fyrir henni. Og dansinum líka. Bæði stunda þau nám við Háskóla Íslands en gefa sér tíma einu sinni í viku til að kenna öðrum Íslendingum hvernig best sé að hreyfa sig við suðræna tóna.

„Salsa er bara eins og sósan, krydd í tilveruna," segir Pétur og rifjar upp árin sín í Mexíkó. „Þar dansa allir. Dansinn er hluti af lífi fóksins í landinu."

Námskeiðið sem Pétur og Edna bjóða upp á í Kramhúsinu er tilvalið fyrir pör og hjón. Bæði sem létt líkamsrækt og líka til að krydda sambandið.



SIRKUSMYND: HEIÐA

Pétur Ari Markússon og Edna Mastache. Hjón og salsakennarar og litla stelpan þeirra, Ingunn María Aurora Mastache Pétursdóttir.

## „Salsa er bara eins og sósan, krydd í tilveruna"

Pétur segir það mjög gaman að sjá oft fyrrverandi nemendur á dansgólfinu í flottri salsa-sveiflu þegar þau hjónin fara út á lífið.

Hvað lærir maður á námskeiðinu ykkar?

„Þú lærir helstu grunnsporin í salsa og við einbeitum okkur að því að kenna bæði flott og sjóðheit spor fyrir pörin. Áherslan er á praktískt notagildi sporanna þegar komið er út á dansgólfið hér sem erlendis. Þetta er líka spurning um að komast í rétta stuðið, læra að sleppa sér. Og dansa. Leyfa þessu að gerast. Salsa er ekki eins og einn af þessum stífu samkvæmisdönsum. Salsa snýst um að njóta tónlistarinnar og njóta lífsins."

## Þorsteinn J. mælir með!



***Tónlist***




„Ég er nokkuð ónýtur við að kaupa tónlist, sérstaklega gamla tónlist, sé engan tilgang í því að hlusta aftur á lög sem gerðu eitthvað fyrir mig þegar ég var nokkru yngri. Sú plata sem ég hlusta mest á, eiginlega við hin ólíklegustu tækifæri, er sándtrakkið úr myndinni The Hours. Ég hef alltaf haldið upp á tónskáldið Philip Glass, allt frá því að hann gerði tónlistina við myndina Mishima, Live in Four Chapters, og The Hours er sögulega gott efni."

***Bækur***



„Mér er minnisstæð Neon bókin sem kom út fyrir skömmu, Dauðinn og Mörgæsin eftir André Kurkov, frábærlega skrifuð saga um mann í austurblokkinni gömlu, sem tekur að sér mörgæs, og um leið að skrifa minningagreinar fyrir hið opinbera. Ég er nýkominn frá Berlín, á líka minningar frá Kyiv og Búkarest, og þar er eitthvað skelfilegt og ógnandi, en um leið mannlegt og einlægt við þessa gömlu austurveröld."

***Kvikmyndir***



„Ég verð að hæla myndinni um J. Cash, sem ég sá í vetur sem leið, ótrúlega vel leikin mynd og gaman að sjá svona rakleitt inn í sál söngvarans, sem reis svo upp frá dauðum síðustu æviárin. Ég sé strax fyrir mér Cash 2, þar sem Rick Rubin er önnur aðalpersónan og við fáum að sjá hverskonar snilldarsamstarf þeir áttu á síðustu plötum meistarans."


11001111010011

16 - 23 ára

LJÓSMYNDA SAMKEPPNI UNGA FÓLKSINS




ANDLIT VÍSINDAMANNSINS

Í tilefni af Vísindavöku 22. sept. nk. efnir Rannís til ljósmyndakeppni meðal ungs fólks á aldrinum **16 - 23 ára.** **Þema keppninnar er** „Andlit vísindamannsins" og er ætlast til að ljósmyndarar fangi vísindamanninn og vinnu (umhverfi) hans.

**Reglur og skil:**

- Myndin þarf að þola prentun og stækkun í A4 eða stærra.
- Skila skal mynd á geisladiski auk útprentaðrar myndar.
- Myndir mega vera hvoru tveggja .jpg eða .tif, en án layera eða maska.
- Gæði myndanna og frágangur hafa áhrif á mat dómnefndar.
- **Síðasti skiladagur er 8. september 2006.**




**Myndin sendist til:**
Ljósmyndasamkeppni, Vísindavaka, Rannís, Laugavegi 13, IS-101 Reykjavík

Merkja þarf diskinn og myndina með dulnefni. Umslag þarf að fylgja merkt dulnefni með upplýsingum um sendanda (nafn, kennitala, heimilisfang, netfang og símanúmer).

**Vegleg verðlaun verða veitt fyrir bestu myndina:** Canon EOS 350D hágæða myndavél frá Nýherja.

**Frekari upplýsingar veitir** Ása Hreggviðsdóttir hjá alþjóðasviði Rannís, asa@rannis.is eða í síma 515 5811

Dómnefnd: Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndari, Steinunn Thorlacius, líffræðingur og Páll Vilhjálmsson, sviðstjóri.

Vísinda Vaka
Opið hús!
Hafnarhúsinu Tryggvagötu
Föstudaginn 22. september frá kl. 18:00 til 21:00

NÝHERJI

RANNÍS

Researchers in Europe

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is


## 5 ráð fyrir ...

### ... HAUSTIÐ



**1** Fáðu þér kósí prjónapeysu með stórum rúllukraga og hjúfraðu þig inn í hana þegar fer að kólna.

**2** Berðu góða djúpnæringu í hárið og leyfðu henni að vera í hárinu á meðan þú horfir á uppáhaldssjónvarpsþáttinn þinn.

**3** Það er nóg að setja á sig SMÁ brúnkukrem, við búum á Íslandi. Það er ekki fallegt að vera appelsínugulur í framan í lopapeysu.

**4** Keyptu leggings í öllum litum og munstrum, það er alveg málið núna.



**5** Húðin vill þorna þegar kólna tekur, kremkinnalitur frá MAC tilvalinn því hann gefur ferskleika og „dewy" áferð á þurra húð.

# FRAMÚRSKARANDI FÍNAR

## Gateway fartölva MX7118



| | |
|---|---|
| Örgjörvi | Mobile AMD Athlon 64-bit 3400+, (2.2 GHz , 1 MB L2 Cache) |
| Vinnsluminni | 512 Mb 333MHz DDR |
| Skjár | 15,4” Ultrabright TFT (1280x800) |
| Skjákort | 64MB ATI Radeon X300 |
| Harður diskur | 80GB 4200 rpm Ultra-ATA |
| Skrifari | 8X DVD+/-RW Dual layer DVD |
| Netkort | 10/100 & 56k v.90 mótald. |
| Innbyggt þráðlaust netkort | 802.11g |
| Hljóðkort | Innbyggt hljóðkort og hátalarar |
| Mús og lyklaborð | EZ Pad snertimús og lyklaborð |
| Tengi | 4x USB 2.0, FireWire, VGA skjátengi, TV-out |
| Minniskortalesari | 6-in-1 |
| Rafhlaða | 8 Cell Lithium Ion (1 árs ábyrgð) |
| Stýrikerfi | Microsoft Windows XP Media Center |
| Ábyrgð | 2 ár |

Vörunúmer: GWMX7118

**79.900 kr.**

## Gateway fartölva M465E



| | |
|---|---|
| Örgjörvi | Intel Core Duo T2300 1.66GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 |
| Vinnsluminni | 512Mb 533MHz DDR2 |
| Skjár | 15,4” WXGA TFT (1280x800) |
| Skjákort | Innbyggt Intel GMA 950 |
| Harður diskur | 60GB 5400 rpm Serial-ATA |
| Skrifari | 8X DVD+/-RW Dual layer DVD |
| Netkort | 10/100/1000 netkort & 56k v.90 mótald |
| Innbyggt þráðlaust netkort | 802.11 a/b/g |
| Hljóðkort | Innbyggt hljóðkort, hátalarar |
| Mús/lyklaborð | Lyklaborð og EZ Pad snertimús |
| Tengi | 4x USB 2.0, FireWire, S-Video, VGA skjátengi |
| Minniskortalesari | 6-in-1 |
| Rafhlaða | 6 Cell Lithium Ion (1 árs ábyrgð) |
| Stýrikerfi | Microsoft Windows XP Professional |
| Ábyrgð | 2 ár |

Vörunúmer :GWM465E1

**129.900 kr.**

## M285 Tablet PC



| | |
|---|---|
| Örgjörvi | Intel Core Duo 1.66GHz, 667MHz FSB, 2MB L2 |
| Vinnsluminni | 1024Mb 533MHz DDR2 (2x512) |
| Skjár | 14” WXGA TFT (1280x768) snúningsskjár |
| Skjákort | Innbyggt Intel GMA 950 |
| Harður diskur | 60GB 5400 rpm Serial-ATA |
| Skrifari | 8X DVD+/-RW Dual layer DVD |
| Netkort | 10/100/1000 netkort & 56k v.90 mótald |
| Innbyggt þráðlaust netkort | 802.11 a/b/g |
| Hljóðkort | Innbyggt hljóðkort, hátalarar |
| Mús/lyklaborð | EZ Pad snertimús og lyklaborð |
| Tengi | 3x USB 2.0, FireWire, VGA skjátengi |
| Minniskortalesari | 7-in-1 |
| Rafhlaða | 8 Cell Lithium Ion (1 árs ábyrgð) |
| Stýrikerfi | Microsoft Windows XP Tablet edition |
| Ábyrgð | 2 ár |

Vörunúmer: GWM285

**179.900 kr.**

ODDI-VOB7442

Gateway

Þónustuaðili: BMS Tölvulausnir ehf, Suðurlandsbraut 8, sími: 5657080

ODDI

www.oddi.is

SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Reykjavík
Sími 515 5170 • Opið virka daga
kl. 8-18 • laugardaga kl. 11-16

Höfðabakka 3 • Reykjavík
Sími 515 5105
Opið virka daga kl. 8-18

Glerárgötu 34 • Akureyri
Sími 515 5160
Opið virka daga kl. 8-18

**FYRIR 20 ÁRUM VAR ELLÝ Í Q4U HEITASTA GELLAN Í BÆNUM. NÚ SNÝR HÚN AFTUR. ÞREM MEÐFERÐUM OG ÞREM BÖRNUM SÍÐAR. OG HÚN HEFUR ALDREI LITIÐ BETUR ÚT.**

# Ég er engin puntudúkka

Pönkdrottningin Ellý Halldórsdóttir úr Q4U er komin aftur. Margir muna eftir henni rífandi kjaft og öskrandi í hringiðu pönksins. Nú verður hún ein aðalstjarnan í flaggskipi Stöðvar 2, X-Factor. Þar mun hún halda áfram að rífa kjaft og segja það sem henni finnst. Ellý er töffari sem hefur aldrei átt pening og fer sínar eigin leiðir. Sirkus hitti þessa drottningu til þess að skilja af hverju allir eru að tala um Ellý í Q4U.

***Hvar ertu búin að vera öll þessi ár?***

Ellý hugsar sig um. Margt hefur greinilega drifið á daga hennar.

„Ég fór í meðferð, síðan í myndlistaskóla, flutti upp á Akranes og byggði mér einbýlishús,“ svarar hún hratt og örugglega. „Í stuttu máli þá fullorðnaðist ég mjög seint. Líklega ekki fyrr en ég var að verða þrítug. Þá fyrst fór ég að pæla í þessum hlutum sem venjulegt fólk byrjar að díla við mun fyrr. Það var þá sem ég fór að hugsa út í að stofna heimili og gera eitthvað úr lífi mínu. Fram að því hafði ég lifað ótrúlegu lífi. Ég var náttúrlega algjört skömbó, alltaf á djamminu og kynntist ótrúlegu fólki. Lifði meira að segja nánast á götunni í þrjú ár. En þessu líferni fylgir allt of mikil óregla. Áfengi og svo auðvitað dópið. Síðan kom bara sá tími að ég gat ekki meira. Ég varð að hætta og þá fór ég í meðferð.

Maður verður nefnilega aumingi á svona líferni. Ég var bara að drepast. Ég verð yfirleitt að klára allan kvótann í því sem ég er að gera. Og það var líka þannig þegar ég var í þessu. En þegar maður er á kafi í rugli er erfitt að vita hvenær kvótinn er búinn.“

***Og hvað svo?***

„Það kom einfaldlega að því að mig langaði að prófa að vera til. Gera eitthvað við líf mitt. Það var ekki auðvelt. Það tók mig langan tíma að snúa við blaðinu. Ég hef eytt um tvemur árum í allt í meðferð.

Að því loknu fór ég í nám í Listaháskólanum. Var þar í sex ár í fullu námi með þrjú lítil börn. Heimilisreksturinn með náminu var oft erfiður en börnin mín eru ekki alveg eins stillt og þau áttu að vera. Eftir það var ég á fullu að mála, sem mér fannst frábært. Fyrir fjórum árum rak ég síðan augun í atvinnuauglýsingu og allt í einu var ég orðin forstöðumaður hjá Akranesbæ. Hef verið hér síðan og vinn með ungu fólki að alls kyns sköpun. Nokkur sumur í röð hef ég kennt tónlist og haldið utan um hæfileikakeppni barna á öllum aldri í Sumarbúðunum Ævintýralandi.“

**AUÐVITAÐ VORU SÖGUR SEM GENGU UM MIG HÉRNA TIL AÐ BYRJA MEÐ. EIN VAR Á ÞÁ LEIÐ AÐ ÉG GENGI MEÐ BARN BÆJARSTJÓRANS.**

***Ætlarðu ekkert að flytja aftur til borgarinnar?***

Nei. Ég elska að vera hérna. Þetta er lítið samfélag þar sem allir þekkja alla. Auðvitað voru sögur sem gengu um mig hérna til að byrja með. Ein var á þá leið að ég gengi með barn bæjarstjórans. Það var eiginlega bara fyndið. Svona sögur fá lítið á mig. Þær hafa lengi elt mig og sumar verri en þessi. En mér er líka eiginlega drullu sama hvað fólk heldur um mig. Ég er bara ég. Sumar sögur eru vissulega sannar en þeim sögum er best að gleyma ...

***Ástfangin af Akranesi?***

„Já. Um leið og ég réð mig hingað til starfa festi ég kaup á lítilli lóð. Án þess að eiga nokkurn pening réðst ég síðan í framkvæmdir og byggði mér hús. Alein. Auðvitað með hjálp frá ýmsum góðum vinum. En mestmegnis alein. Búinn að smíða stóran sólpall, þekja og gróðursetja tré og núna er ég að helluleggja fyrir framan húsið, en þá er þetta að verða búið.“

***Hvernig ferðu að þessu?***

„Ég veit það ekki. Ég er búin að vera ein svo lengi. Kann eiginlega ekki annað. Ég hugsa til dæmis að það þyrfti mikið að gerast til þess að ég yrði ástfangin. Langar eiginlega ekkert í mann aftur. Nema kannski einhvern til að hjálpa mér með reikningana ...“

***Og núna ertu á leiðinni í sjónvarp. Hvernig datt þeim í hug að fá þig?***

Óskum eftir að ráða vanan gröfumann sem getur unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 893 2000.

### Bakaríið Kornið
Starfsfólk óskast í Bakaríið Kornið - Hjallabrekku 2. Vinnutími frá 13-18. Hentar fólki á öllum aldri. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 864 1585, Dagbjartur eða á kornid.is

### Dekkja og smurverkstæði
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Ekki yngri en 25 ára. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

We are hiring people to work at Bilkó, a tire and oil service. This is a future job for people older then 25. Applicants should be able to speak english. Information in tel. 660 0560.

Fyrirtæki í byggingariðnaði óskar eftir að ráða verkstjóra, æskilegt er að viðkomandi sé iðnmenntaður en þó ekki skilyrði. Nánari uppl. gefur Sverrir í s. 659 3062.

Bílstjóri. Okkar bráðvantar bílstjóra í útkeyrslu á vörum fyrirtækisins, þarf að hafa meirapróf. Uppl. um starfið veitir Helga starfsmannastjóri í s. 511 1100. Ofnasmiðjan/Rými hf. Háteigsvegi 7.

### Kvöldvinna - góð laun
Óskum eftir góðu fólki í úthringi og söluverkefni, unnið 2-4 kvöld í viku frá 17.30-21.30. Góð árángurstengd laun í boði. Uppl. veitir Björn í s. 580 8080 eða bjorn@midlun.is

Kofi Tómasar frænda óskar eftir duglegum og brosm. starfsm. í dagvinnu, fullt starf. Umsóknir á staðnum.

### Starfsmaður á lukkuhjól
Atlantsolía leitar að starfskrafti til að sjá um lukkuhjól fyrirtækisins í Kringlunni eða Smáralind. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi þar sem verið er að taka á móti umsóknum fyrir Dælulykla. Vinnutími frá 12 til 18.30. Möguleiki á sveigjanlegum vinntíma. Allar nánari upplýsingar veitir Hugi Hreiðarsson, hugi@atlantsolia.is eða 825 3132.

Vantar 2 starfsmenn helst vana málningu eða múrviðgerðum. Uppl. í s. 867 6563.

## Atvinna óskast

Handlaginn maður óskar eftir vinnu, flísar, málun ofl. ofl. Gamalt og nýtt. Uppl. í s. 862 1559.

Suðumaður frá Lettlandi óskar eftir vinnu á Islandi. MIG/MAG/TIG suða. S.845 7158.

## Viðskiptatækifæri

### Splunkunýtt viðskiptatækifæri
www.splunkunytt.com Kíktu á mig!

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

## Ýmislegt

### Engar skuldir - Hærri tekjur
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál




TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS













### Símaspjall 908 2444.
Símaspjall 908 2444. Ég er spennandi, ég er Klara. Ásamt fleiri stelpum sem langar að vera vinkona þín í kvöld. Opið allan sólahringinn.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Tilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

### Símaspjall 908 6666.
Halló ljúflingur! Símaspjall við ljúflingskonur. Við erum hérna nokkrar sem verðum alla helgina og njótum þess að fara í hressan símaleik og ljúfar stundir í rólegu spjalli. Við viljum vera vinkonur þínar.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Sæta daman sem var að drekka kaffi í bakaríinu í Mjóddinni 1. apríl. 2006 ásamt 2 vinkonum sínum. Saknaðarkveðjur G.H.

allt atvinna
Alla sunnudaga

## ATVINNA

IKEA

### Ertu efni í IKEA starfsmann?

Við leitum að starfsfólki í fullt starf eða hlutastarf. Viðkomandi þarf að vera stundvís, þjónustulipur og samviskusamur.

**Þjónustudeild:** Starfið felst meðal annars í afgreiðslu á kassa, almennri þjónustu og öðrum tilfallandi störfum í þjónustudeild.

**Veitingastaður:** Starfið felst meðal annars í undirbúning fyrir veitingastað, afgreiðslu við viðskiptavini og öðrum tilfallandi störfum á veitingastað.

Sveigjanlegur vinnutími og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu af viðkomandi starfi og geti hafið störf sem fyrst.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki. Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða www.IKEA.is

## TIL SÖLU

### Sumarhúsalóðir/ frístundahúsalóðir á sérlega fallegum stað Grímsnesi

Í landi Minna Mosfells í Grímsnesi eru til sölu sumarhúsalóðir/frístundahúsalóðir.
Þessar lóðir standa á mjög fallegu landssvæði og með ótrúlega miklu og fallegu útsýni.
Fjarlægðir eru stuttar, t.d. er u.þ.b. 75 km. frá Reykjavík; 25 km frá Selfossi, 20 km. til Laugarvatns.
Kynningaraðili verður á staðnum til þess að sýna og veita allar upplýsingar um svæðið nk. laugardag frá kl. 11:00 - 17:00. Minna Mosfell ehf.
Upplýsingar eru veittar í síma 861-1772
Netfang: gardarehf@simnet.is

allt
auglýsingasími
550 5880

## FASTEIGNIR

STUÐLABERG FASTEIGNASALA

Guðlaugur H. Guðlaugsson löggiltur fasteigna- og skipasali
Sölumenn: Halldór Magnússon og Guðlaugur Ingi Guðlaugsson
Hafnargötu 29, 2. hæð, Keflavík • Sími 420 4000 • fax 420 4009 • studlaberg.is

### Akurbraut 2-8, Tjarnahverfi í Reykjanesbæ
Opið hús laugardaginn 2. september (ljósanótt) frá kl. 13 – 15






- Fullbúin 4ra herbergja raðhús með tyrfðri lóð og hellulagðri innkeyrslu.
- Fallegar eikar-innréttingar.
- Þvottavél og þurrkari.
- Bakaraofn, keramik helluborð, örbylgjuofn, uppþvottavél og ísskápur.
- Er í nágrenni við Akurskóla og leikskóla.
- Fjölskylduvæn hús – tilbúin til afhendingar.
- Hagstæð lán til yfirtöku.
- Vandað eikar parket á gólfi og flísar.
- Sýningarhús uppbúið húsgögnum frá Bústoð og Blómavali.



- 135m² raðhús með innbyggðum bílskúr

**Verð frá 24,8 m.**

# Við kynnum fasteignir á Spáni

**Kynnum nýjar eignir frá TM sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í byggingu og sölu fasteigna við Miðjarðarhafsströnd Spánar.**

**Uppgötvaðu hversu auðveldlega draumur þinn um fasteign við Miðjarðarhafið getur orðið að veruleika.**

**Verðum á eftirtöldum stöðum:**

| | | |
|---|---|---|
| Fimmtud. | 31/08 | Vestmannaeyjar, Hótel Þórshamar frá kl. 18:00 til 22:00. |
| Föstud. | 01/09 | Ísafjörður, Hótel Ísafjörður frá kl. 18:00 til 22:00. |
| Laugard. | 02/09 | Reykjavík,Viðskiptahúsið Skúlagötu 17 frá kl. 11:00 til 17:00. |
| Sunnud. | 03/09 | Reykjavík,Viðskiptahúsið Skúlagötu 17 frá kl. 11:00 til 17:00. |
| Mánud. | 04/09 | Reykjavík,Viðskiptahúsið Skúlagötu 17 frá kl. 09:00 til 17:00. |
| Þriðjud. | 05/09 | Akureyri, Hótel KEA frá kl. 18:00 til 22:00. |

**Sölustjóri TM verður á staðnum.**




**Viðskiptahúsið**

Skúlagata 17 101 Reykjavík sími : 566 88 00 e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is www.vidskiptahusid.is

Einstök kjör, allt að 95% lánshlutfall

# HELLUVAÐ 1-5, Norðlingaholti

PG-VERK

**Dæmi um greiðslukjör á 4ra herbergja íbúð**

| | |
|---|---|
| Útborgun (eigið fé) | kr. 1.280.000,- |
| Lán frá Íbúðalánasjóði (40 ára lán) | kr. 17.000.000,- |
| Lán frá sparisjóði (40 ára lán) | kr. 2.050.000,- |
| Lán frá seljanda (20 ára lán) | kr. 5.070.000,- |
| Heildarverð íbúðar | kr. 25.400.000,- |
| Greiðslubyrði 128 þús. á mánuði. | |

*miðað er við fasta vexti 4,7% frá Íbúðalánasjóði, 5,4% frá sparisjóðum og 6,9% frá seljanda.

4ra-5 herbergja glæsilegar, fullbúnar íbúðir (án gólfefna) í lyftuhúsi. Örstutt er í frábær útivistarsvæði eins og Heiðmörk, Rauðavatn og Elliðavatn. Sérinngangur er í allar íbúðir og sértimurverönd fylgir íbúðum á jarðhæð.

**Sölumenn Eignamiðlunar - veita nánari upplýsinga**



**EIGNAMIÐLUN**

sími: 588 9090 * fax: 588 9095 * Síðumúla 21

eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is

*Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali*

# DRAUMAHELGIN

## *Út á lífið með Colin Farrell*

„Ég hæfi helgina með hressilegu djammi á írskum pöbb í slagtogi við hjartaknúsarann Colin Farrell og félaga hans,“ segir Ásbjörg Una Björnsdóttir, hinseginfræðingur og styrktarfulltrúi, um upphaf sinnar draumahelgi og bætir við að Farrell yrði fyrir valinu þar sem hann líti út fyrir að kunna að skemmta sér.

Laugardegi verði Ásbjörg með vinkonu sinni Brynhildi í að horfa á og greina kvikmyndirnar Battlefield Earth, Queen of the Damned og Reign of Fire, sem eru allar í sérstöku eftirlæti hjá hinni síðarnefndu.



**ÁSBJÖRG VILL DÝPKA SKILNINGINN MILLI SÍN OG HUNDSINS ALFREÐS.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Um kvöldið flygi ég til Manchester þar sem ég færi út að borða með vinum mínum á indverskan matsölustað að nafni Shandaar, sem staðsettur er á Karrí-mílunni svokölluðu. Fyrir utan að þar sé einstaklega gómsætur matur á boðstólum, færa þjónarnir okkur vinunum iðulega einhvern ókeypis aukarétt.“

„Ég spilaði síðan Mortal Kombat badminton við vinkonu mína Kathryn í Colorado daginn eftir,“ heldur Ásbjörg áfram. „En í þessari gerð leiksins bregður maður sér í hlutverk einhverrar persónu úr Mortal Kombat tölvuleiknum. Eftir góðan snúning á vellinum færi ég í göngutúr um Central Park með hundinum mínum, Alfreð Loðmundi, sem gæti skilið og talað mannamál. Þannig gætum við rætt ýmsan misskilning, eins og nag á gleraugum og saurlát í mótmælaskyni.“ -rve

# STAÐURINN: DYRHÓLAEY



Nafnið á Dyrhólaey gæti bent til að um eyju væri að ræða, svo er ekki, eyin er landföst en gengur í sjó fram. Talið er að hún sé mynduð í neðansjávargosi og hafi orðið til fyrir u.þ.b. 80 þúsund árum. Dyrhólaey er syðsti oddi landsins og mikið fuglaland. Rúmlega 120 metra hár móbergsstapi sem rís þverhníptur úr hafi. Mjór bergrani tengir eyjuna við land og í honum er gatið eða dyrnar sem stapinn ber nafn sitt af. Dyrhólaey var friðlýst árið 1978.

# VISSIR ÞÚ ...

... Að 37.257 hlauparar tóku þátt í New York maraþoninu árið 2004 en það er fjölmennasta maraþonhlaup sögunar.

... Að engum hefur tekist að stökkva hærra á stöng en Sergei Bubka frá Úkraínu. Hann stökk hæst 6,15 metra í Donetsk í Úkraínu þann 21. febrúar árið 1993.

... Að Michael Jordan hefði náð hæsta meðalskori allra leikmanna NBA en hann skoraði að meðaltali 30,1 stig í þeim 1072 leikjum sem hann lék í deildinni.

... Að stærsti geimsjónaukinn er Hubble sjónauki NASA. Sjónaukinn er 11 tonn að þyngd og 13,1 metri á lengd. Spegill hans er 240 sentimetrar í þvermál.

... Að örlátasti blóðgjafi heims er Maurice Crewswick frá Suður-Afríku en þann 9. júlí 2003 gaf hann sína 336. blóðeiningu sem jafngildir 188,9 lítrum af blóði.

... Að á árunum 1975 til 1978 ýtti Bob Hanley hjólbörum sínum á undan sér er hann gekk þvert yfir heimaland sitt, Ástralíu. Mun þetta vera í fyrsta og eina skipti sem slíkt hefur verið gert.

... Að stærsti þolfimitími sögunnar fór fram á Konunglega Pramane íþróttaleikvanginum, Sanam Luag í Taílandi árið 2002, en þá gerðu alls 46.824 íþróttakempur þolfimiæfingar.

... Að Ástralinn David Huxley dró 187 tonna Boeing 747 þotu 91 metra en það er þyngsta flugvél sem nokkur maður hefur dregið.

... Að stærsti farsími heims er 2,05 m x 0,83 m x 0,45 m. Líkt og á öðrum símum hægt að senda sms og mms skilaboð úr honum.

... Að Tadao Watanbe og Minoru Mita frá Japan eru elstu núlifandi hjón í heimi en samanlagður aldur þeirra er 204 ár.

... Að minnst spillta ríki heims að mati Transparency International samtakanna er Finnland.

... Að Maurizio Giuliano frá Ítalíu varð fyrr á þessu ári yngsti maður heims til þess að heimsækja öll 193 fullvalda ríki heims. Þegar hann lauk ferðalaginu var hann 28 ára og 361 dags gamall.

... Að árið 1999 voru sjö af tíu bókum á toppi skoska metsölulistans eftir spennusagnahöfundinn Ian Rankin.

... Að heimsmet töframanna í því að eiga heimsmet á David Copperfield en hann á ellefu skráð met í Heimsmetabók Guinnes, fleiri en nokkur annar.

... Að söluhæsti tölvuleikur allra tíma er leikurinn Grand Theft Auto: Vice City.

...Að stærsta opinbera bygging heims er Pentagon-byggingin í Washington. Gólfflötur byggingarinnar er 604.000 fermetrar og eru gangar hennar samtals 28 kílómetrar að lengd.


**Heilsunudd þegar þér hentar**





Með fullkominni tölvustýringu og hátækni nuddbúnaði framkallar M-CLASS nuddstóllinn áhrifaríkt nudd frá toppi til táar. Með því að styðja á hnapp á meðfylgjandi fjarstýringu velur þú það nuddkerfi sem þér hentar hverju sinni. Stóllinn nuddar þig líkt og fagmaður þegar þú vilt og þar sem þú vilt. M-CLASS nuddstóllinn er hannaður með þig og þínar þarfir í huga. Við bjóðum þér að koma í nudd í verslun okkar að Skúlagötu 63 til að sannfærast.

**Kynnum 2007 módelið á sérstöku tilboðsverði!**

M-CLASS

ECC Skúlagötu 63 – Sími 511 1001
www.ecc.is

ECC


5%*10%*18%
Sýrður rjómi
98 KR.
250g
Sýrður rjómi frá Mjólku
Bónusfetinn
BÓNUS FETA
BÓNUSFETI
198 KR.
250g
KF HANGIKJÖT
Úrbeinaður og kofareyktur hangiframpartur
30% afsláttur við kassann
ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
1259 KR. kg
Merkt verð 1799KR.
landi er um!
4x125g (500g)
159 KR.
FOLALDASTEIK/FRAMPARTUR
299 KR. kg
MERKT VERÐ 499KR.
40% afsláttur við kassann
KF FOLALDASTEIK
Frampartur úr frystinum
Gott í gleri...
BAUNIR/GULRÆTUR
98 KR.
680g
680g/720 ml
Villi krydd
Sjáðu verðið!
SINN LAMBABÓGUR
599 KR.
KÍLÓVERÐ
30% afsláttur við kassann
LAMBABÓGUR
FRYSTIVARA -18°C
KJARNAFÆÐI
Villibráðarkryddað
LÚXUS LAMBALÆRI
VILLI LAMBALÆRI
1299 KR. kg
Merkt verð 1855KR.
...fyrir góðan dag!
FOLALDAKJÖT
saltað frá Kjarnafæði
45% afsláttur við kassann
SALTAÐ FOLALDAKJÖT
373 KR. kg
MERKT VERÐ 679KR.
FOLALDAKJÖT
Kofareykt frá Kjarnafæði
KOFAREYKT
KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
373 KR. kg
MERKT VERÐ 679KR.
45% afsláttur við kassann
KJARNAFÆÐI
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS


Kvölds og morguns
EKKERT BRUÐL
BÓNUS SPÆGIPYLSA
1799 KR.
KÍLÓVERÐ
BÓNUS PEPPERONI
1799 KR.
KÍLÓVERÐ
PEPPERONI
SPÆGIPYLSA
1 KÍLÓ
26 sneiðar
KÍLÓBRAUÐ
98 KR.
BÓNUS KORN
1 lítra brúsi
129 KR.
Skólajógúrt
45 KR.
Veljið sjálf!
Florida
Ferskur Bónus appelsínusafi
OSTA OG SMJÖRSALAN SF.
20% LÆGRA VERÐ
Kílóverð nú:
773 KR.
Verð áður 967 kr.
EKKERT BRUÐL
Hvað með enskan morgunverð?
BAKAÐAR BAUNIR
420g
420g DÓS
39 KR.
30% afsláttur við kassann
ALI BEIKON
1203 kg KR.
Merkt verð 1719 KR.
10 EGG í bakka
10 EGG
399 KR.
VISTVÆN
BÓNUS PYLSUR
479 kg KR.
Merkt verð 599 KR.
Vistvæn brún egg
Láttu drauminn rætast á Bónusverði!
Tilboðin gilda til sunnudags 3. september eða á meðan birgðir endast

## Alvöru ávöxtur
## - Alvöru bragð




## Tímamóta vatnsdrykkur

Toppur T2™ er létt kolsýrt vatn með hreinum ávaxtasafa sem gefur kröftugt og frískandi bragð. Toppur T2™ er frábærlega svalandi og inniheldur færri kaloríur en sambærilegir drykkir.

### Alvöru ávöxtur - Alvöru bragð

a product of
The Coca-Cola Company

"Toppur T2" is a trademark of The Coca-Cola Company.
© 2006 The Coca-Cola Company. All rights reserved.

**BARRY GIBB FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1946.**



*„Það var erfiðara að vera bræður en að vera saman í hljómsveit.“*

***Bræðurnir í Bee Gees trylltu lýðinn á gullöld diskósins.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 1. SEPTEMBER 1969

## *Gaddafi brýst til valda*



Uppreisnarmenn undir forystu hins 27 ára Muammar al-Gaddafi steyptu Idris Líbíukonungi af stóli á þessum degi árið 1969. Gaddafi hefur síðan þá verið við völd. Gaddafi er bedúíni og fæddist árið 1942. Hann útskrifaðist frá Háskóla Líbíu árið 1963 og frá Herskóla Líbíu tveimur árum síðar. Hann var ákafur þjóðernissinni og þótti konungurinn of íhaldssamur og skeyta lítt um að efla pólitíska samstöðu arabaríkjanna. Hann hóf því, ásamt öðrum, að skipuleggja valdarán og lét til skarar skríða árið 1969. Uppreisnarmennirnir biðu þar til konungur var farinn til Tyrklands en réðust þá til atlögu og steyptu ríkisstjórninni af stóli án blóðsúthellinga. Konungsdæmið var lagt niður og Idris bjó í útlegð til æviloka.

Hugmyndafræði Gaddafis var blanda af íslamskri bókstafstrú, sósíalisma og arabískri þjóðernishyggju. Hann var stækur andstæðingur Vesturlanda og kom sér fljótlega í ónáð þeirra, til dæmis með því að þjóðnýta olíulindir í eigu erlendra fyrirtækja. Hann kom þó á ýmsum umbótum til þess að bæta lífskjör fólks og rýmkaði borgaraleg réttindi kvenna. Gaddafi einangraðist hins vegar æ meira á alþjóðavettvangi, jafnvel í arabaheiminum, meðal annars vegna stuðnings síns við fjölda hryðjuverkasamtaka. Síðan á 9. áratugnum hefur Gaddafi þó dregið úr einangrun landsins og slakað á stjórnartaumunum. Í kjölfarið hefur viðskiptabanni SÞ á Líbíu verið aflétt en Bandaríkjamenn banna enn öll viðskipti við landið.

## MERKISATBURÐIR

**1831** Charles Darwin leggur úr höfn á HMS Beagle og heldur til Galapagoseyja.

**1870** Napóleón þriðji er tekinn til fanga.

**1916** Rússakeisari leggur skatt á skegg karla í landinu.

**1939** Seinni heimsstyrjöldin hefst þegar Þjóðverjar ráðast inn í Pólland.

**1955** Bílasmiðir reka smiðshöggið á fyrstu Porsche-bifreiðina.

**1985** Sovétmenn skjóta niður kóreska farþegaþotu.

**1985** Flak farþegaskipsins Titanic finnst á hafsbotni.

**2004** Tsétsneskir uppreisnarmenn ráðast inn í barnaskóla í Beslan og taka börn og kennara í gíslingu.

---



**Jón Þorleifsson**
frá Breiðholti, síðast til heimilis í Lönguhlíð 3, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð 28. ágúst. Útför hans verður gerð frá Fossvogskapellu mánudaginn 4. september klukkan 14.30.

**Aðstandendur.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sóley Kristinsdóttir**
Dalbraut 27,

andaðist á heimili dóttursonar síns í Svíþjóð 28. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**María Anna Þorsteinsdóttir** **Rúnar E. Indriðason**
**Kristinn E. Pétursson** **Björk Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Óttars Ketilssonar**
Reykhúsum 4d, Eyjafjarðarsveit.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Gjörgæsludeildar og Lyflækningadeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

**Sigrún Halldórsdóttir**
**Halldór Óttarsson** **Lovísa Guðjónsdóttir**
**Þórir Óttarsson** **Yocasta Óttarsson Rosa**
**Rósberg Halldór Óttarsson** **Þórdís Rósa Sigurðardóttir**
**Hrafnborg Óttarsdóttir Hansen** **Mogens Ingemann Hansen**
**Brynjar Karl Óttarsson** **Hildur Hauksdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Leifur Hreinn Þórarinsson**
bóndi, Keldudal í Skagafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 27. ágúst. Útför hans verður frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 2. september kl. 13.00. Jarðsett verður í Rípurkirkjugarði.

**Kristín Bára Ólafsdóttir**
**Ólöf Elfa Leifsdóttir** **Alfreð Schiöth**
**Stefanía Hjördís Leifsdóttir** **Jóhannes Helgi Ríkharðsson**
**Þórarinn Leifsson** **Guðrún Lárusdóttir**
**Kristbjörg Leifsdóttir** **Magni Þór Samsonarson**
**Guðleif Birna Leifsdóttir** **Eysteinn Leifsson**
**Álfhildur Leifsdóttir** **Sölvi Sigurðarson**
**og barnabörn.**

---

**TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA:** FLYTUR Í NÝTT HÚNÆÐI

# Styrkir tónlistarlíf í Árborg

Tónlistarskóli Árnesinga á Selfossi tók til starfa í nýju og stærra húsnæði í gær. Róbert Darling, skólastjóri tónlistarskólans, er hæstánægður með nýju aðstöðuna.

„Við vorum í 260 fermetra húsnæði og með útibú annars staðar í um 100 fermetrum en nýja húsnæðið er 800 fermetrar og með sal sem tekur 150 manns í sæti,“ segir Róbert.

Á miðvikudag var skólasetning og var þá farin skrúðganga frá gamla húsnæðinu til þess nýja og telur Róbert að hátt í 200 manns hafi tekið þátt í göngunni.

„Setningin tókst rosalega vel en það var nýi bæjarstjórinn okkar, Stefanía Katrín Karlsdóttir, sem opnaði nýja skólann formlega með aðstoð frá yngsta nemanda skólans, Mána Jósepssyni, sem er fimm ára,“ segir Róbert og bætir því við að allir kennararnir séu mjög ánægðir og hlakki til að byrja að kenna.

„Það hefur alla jafna verið gott tónlistarlíf í Árborg og ég vona að nýja húsið eigi eftir að styrkja það enn frekar, ekki síst með tilkomu nýja salarins,“ segir hinn, Róbert Darling, hæstánægður með nýjan og glæsilegan skóla.

**- sig**



**KLIPPT Á BORÐANN** Það var yngsti nemandi skólans, Máni Jósepsson, fimm ára, sem aðstoðaði bæjarstjórann, Stefaníu Katrínu Karlsdóttur við að klippa á borðann í nýja tónlistarskólanum.

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ásdísar Ólafsdóttur**
Einigrund 4, Akranesi.

**Marsibil Sigurðardóttir**
**Ólafía Sigurðardóttir** **Elmar Þórðarson**
**Þórdís Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Sigurðsson**
Hátúni 12, Reykjavík, fyrrverandi bóndi og sjómaður frá Hamraendum, Stafholtstungum, Mýrarsýslu,

lést á heimili sínu 17. ágúst sl. Útförin fer fram frá Borgarneskirkju laugardaginn 2. september kl. 11.00. Jarðsett verður í Stafholti.

**Sigrún Sigurðardóttir**
**Jóhann Sigurðarson** **Guðrún Sesselja Arnardóttir**
**Ólöf Sigurðardóttir** **Stígur Snæsson**
**Þorsteinn Gauti Sigurðsson** **Halldóra Björk Friðjónsdóttir**
**Helga Halldórsdóttir** **Gunnar Jónsson**
**afabörn, langafabarn og aðrir aðstandendur.**

---

## JARÐARFARIR

**11.00 Hjalti Ólafur Jónsson**, Skúlagötu 20, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

**11.00 Unnur Guðjónsdóttir**, Skúlagötu 78, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

**13.00 Dóróthea Elísa Jónasdóttir**, Hamrabyggð 2, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

**13.00 Pétur Maack Þorsteinsson**, Kópavogsbraut 1a, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

**13.00 Anna Guðmundsdóttir**, Sóleyjarima 3, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

**14.00 Freyja Bjarnadóttir**, Egilsgötu 17, Borgarnesi, verður jarðsungin frá Borgarneskirkju.

---



*Elskaður eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,*

**Árni Stefán Árnason**
matreiðslumeistari, Þrastarási 12, Hafnarfirði,

lést á Líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 30. ágúst.

**Kristín Þóra Kristjánsdóttir**
**Arna Þórdís Árnadóttir** **Sigurþór Hjalti Gústafsson**
**Svava Dagný Árnadóttir**
**Óðinn Birgir Árnason**
**Svava Sverrisdóttir** **Árni Stefánsson**
**Þórdís A. Sigurjónsdóttir** **Kristján B. Einarsson**
**Hjördís Árnadóttir**
**Sigurbjörg Árnadóttir**
**Gísli Sverrir Árnason** **Guðrún Baldursdóttir**
**Guðlaug Árnadóttir** **Hólmgrímur Elís Bragason**
**Gauti Árnason** **Ragnheiður Rafnsdóttir**
**Hrefna Kristjánsdóttir** **Magnús Hafsteinsson**
**Einar B. Kristjánsson** **Árný Eiríksdóttir.**

# ÚTSALA

## 30-60% afsláttur af öllum vörum





Lastrada: Hornsófi
Litir: Hvítt, svart og Hnetu
Verð áður: 310.000
Verð nú: 215.000

Krister: 3-1-1
Litir: Hvítt, svart og beige
Verð áður: 75.000
Verð nú: 57.000





Formosa: 3-1-1
Litir: Svartur
Verð áður: 260.000
Verð nú: 180.000

Rider: 3-1-1
Litir: Vanilla
Verð áður: 227.000
Verð nú: 165.000

Kubbur margmiðlun - GH0806

Dalvegi 18 201 Kópavogi
Sími: 554 5333
gallerihusgogn@gallerihusgogn.is

**Opið mánudaga til föstudaga 11-18,
laugardaga 11-16 og sunnudaga 13-16**

gallerí húsgögn






# STUÐ MILLI STRÍÐA Haustrómantík

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** HLAKKAR TIL VETRARINS.



September er byrjaður og haustið því formlega gengið í garð en það hefur alltaf verið uppáhaldsárstíðin mín. Á meðan áramótin marka upphaf hjá mörgum öðrum gerir haustið það hjá mér og þó að ég strengi aldrei nein áramótaheit set ég mér alltaf fullt af háleitum markmiðum á hverju hausti.

Markmiðin sem ég set mér snúa þó yfirleitt ekki að hreyfingu og líkamsrækt eins og algengt er. Ég hef meiri áhuga á notalegri inniveru á veturna og sanka því að mér haugum af bókum, litum og teikniblokkum, garni og ýmsu öðru sem ég ætla að dunda mér við á fallegum vetrarkvöldum. Ég sé sjálfa mig fyrir mér í hillingum koma eldhressa heim úr vinnunni á hverjum degi og taka til við að framleiða framúrstefnulegar prjónaflíkur á alla fjölskylduna, skreyta heimilið litríkum listaverkum og sporðrenna hverju bókmenntameistaraverkinu á fætur öðru.

Sjaldnast tekst mér samt að afreka allt sem ég ætla mér þegar á reynir þó að yfirleitt geri ég eitthvað af því. Ég er nefnilega eins og margir aðrir Íslendingar, ekkert svo orkumikil í skammdeginu þó að ég haldi það alltaf í upphafi vetrar. Þær áætlanir sem ég geri þegar ennþá er sæmilega bjart úti fram eftir degi standast ekki alltaf þegar sá tími kemur að það er ennþá kolniðamyrkur þegar ég fer í vinnuna á morgnana og aftur orðið dimmt þegar ég kem heim. Þess vegna læt ég mér oftast nægja að dunda mér við eins og eina prjónaflík á haustin á meðan ég hangi fyrir framan sjónvarpið og heimsbókmenntirnar eru oft látnar víkja fyrir upplífgandi ástarsögum þegar líða fer á veturinn.

Skammdegið er hins vegar ekki endalaust og eins og aðrir Íslendingar finn ég hvernig ég fyllist orku aftur þegar fer að birta meira á vorin. En ólíkt þeim sem fara þá að tala um hvað allt verði nú gott þegar sumarið kemur fer ég strax að hlakka til næsta hausts og alls sem ég ætla að gera þegar kemur að því.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TAX FREE

# LANGUR LAUGARDAGUR

## 15% afsláttur

### af vörum á morgun

Gildir ekki með öðrum tilboðum

VISA

VISA Ísland - traustur íslenskur þjónustuaðili

Markaðsnefnd miðborgarinnar

**! Kl. 18.00**

*Sýning á verkum Steinunnar Marteinsdóttur verður opnuð í Listasafni Reykjanesbæjar. Steinunn sýnir bæði keramikverk og málverk en tékknesk strengjasveit leikur við opnun. Sýningin er opin alla daga frá kl. 13.00-17.30 og stendur til 15. október.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Með fortíðina á bakinu*

Nýtt íslenskt leikrit, Afgangar eftir Agnar Jón Egilsson, verður frumsýnt kl. 21 í Austurbæ í kvöld. Verkið fjallar um samskipti manns og konu sem standa á þrítugu og fella hugi saman og gerist verkið nóttina sem þau kynnast. Í fréttatilkynningu frá Ísmediu, framleiðanda verksins, kemur fram að saga þeirra sé í senn ljúfsár og beitt en um leið kunnugleg svo að allir þeir sem einhvern tíma hafa staðið í ástarsambandi ættu að kannast við tilfinningarnar í verkinu. Það sé síðan undir áhorfandanum komið að ákveða hvort senur úr hjónalífi þeirra eru framtíðarsýn, óskhyggja eða hvort þetta sé saga hjóna sem horfa til baka á líf sitt saman.

Verkið er sýnt í nýju sýningarrými á efri hæð Austurbæjar þar sem áður var bíósalur en hann hefur nú verið gerður upp og tekur 80-100 manns í sæti.

Leikendur eru Elma Lísa Gunnarsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson en tónlist gerir Hallur Ingólfsson, lýsingu annast Halldór Örn Óskarsson en um búninga og leikmynd sjá Arnheiður Vala Magnúsdóttir og Ólafur Stefánsson. Höfundurinn, Agnar Jón Egilsson, er jafnframt leikstjóri.



**LEIKRITIÐ AFGANGAR Í AUSTURBÆ** Ljúfsár og beitt saga um kunnuglegar tilfinningar.

### > Ekki missa af...

listasýningunni „**Guðs útvalda þjóð**" sem opnar í **Kling & bang** á morgun. Hópur ólíkra listamanna með ólíkar skoðanir kemur saman og vinnur frjálst út frá titli sýningarinnar.

opnu húsi í álverinu í **Straumsvík** á sunnudaginn. Leiðsagnir og **lúðrasveit**, myndlist, leiklist og sönglist fyrir alla fjölskylduna.

sýningunni **Prójekt Patterson** sem opnar í galleríinu **Suðsuðvestur** við Hafnargötu 22 og í gömlu sundhöll Keflavíkur við Framnesveg kl. 17 í dag. Fjórtán **myndlistarmenn** og fimm hljómsveitir taka þátt í sýningunni.



**SPENNANDI VETUR FRAMUNDAN** Íslenska dansflokkinum bætist liðsauki en Katrín Á. Johnson og Cameron Corbett dansa á ný með hópnum í vetur auk Kamils Warchulski sem dansað hefur með flokkum í Þýskalandi og Austurríki undanfarin ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fjögur ný verk

Íslenski dansflokkurinn sýnir fjögur frumsamin verk á komandi vetri, tvö eftir íslenska danshöfunda og tvö eftir þekkta erlenda höfunda. Starfsárið hefst með sýningu á nýju verki Ólafar Ingólfsdóttur sem gerir verk í félagi við tvo áhugaverða tónlistarmenn; tónskáldið Áskel Másson og margverðlaunaða norska tónlistarkonu að nafni Maja Ratkje en hún mun flytja tónlistina á sviðinu með sinni ótrúlegu rödd.

Í október verður einnig frumsýnt verkið Flest um fátt eftir Aðalheiði Halldórsdóttur og Valgerði Rúnarsdóttur en verk þeirra er framhald á vinnu sem þær unnu í Danssmiðju Íd síðasta vor. Nóvember verður helgaður fjölskyldunni en laugardaga þess mánaðar stendur flokkurinn fyrir fjölskyldusýningum með úrvali af hinu besta úr vinsælum verkum. Börn yngri en 12 ára fá ókeypis inn á sýningarnar en þetta framtak mæltist vel fyrir þegar efnt var til fjölskylduhátíðar síðasta vetur.

Danshöfundarnir Roberto Olivan og André Gringras semja tvö verk fyrir flokkinn sem frumsýnd verða í febrúar en þeir eru báðir rísandi stjörnur í evrópsku danslífi og hafa unnið með mörgum af þekktustu sviðslistamönnum heims.

Sem fyrr verður einnig boðið upp á námskeið fyrir unga stráka sem vilja finna dansarann í sér og Danssmiðja Íd fyrir unga danshöfunda verður haldin þriðja árið í röð að ógleymdri dansleikhúskeppni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, 25 tímar, sem fer fram í júní.

Næstkomandi sunnudag verður opið hús í Borgarleikhúsinu þar sem innanbúðarfólk bæði úr dansflokknum og Leikfélagi Reykjavíkur kynnir dagskrá vetrarins. - khh


Þjóðleikhúsið fyrir alla!

Leikárið 2006–2007

Sala áskriftarkorta er hafin - Tryggðu þér sæti!



Stóra sviðið
Sitji guðs englar
Stórfengleg!
Bakkynjur
Leg – vísindasöngleikur
Hjónabandsglæpir

Litla sviðið
Pétur og úlfurinn

Kassinn
Pleasure Islands
Hálsfesti Helenu

Frá fyrra leikári
Eldhús eftir máli
Fagnaður
Pétur Gautur
Umbreyting
Leitin að jólunum

Smíðaverkstæðið
Sumardagur
Amma djöfull
Patrekur 1,5

Miðasala og sala áskriftarkorta á netinu
www.leikhusid.is eða í síma 551 1200

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# Leiðsögn um listina

Myndlistarmaðurinn Sigurður Örlygsson leiðir gesti Listasafns Íslands um sýninguna „Landslagið og þjóðsagan“ næstkomandi sunnudag kl. 14. Á þessari sumarsýningu safnsins eru verk eftir liðlega þrjátíu íslenska listamenn en viðfangsefni hennar er íslensk landslagslist frá upphafi 20. aldar til dagsins í dag. Meðal listamanna sem eiga verk á sýningunni eru Þórarinn B. Þorláksson, Ásgrímur Jónsson og Júlíana Sveinsdóttir auk Magnúsar Pálssonar, Georgs Guðna og Ólafs Elíassonar. Sigurður mun fara vítt og breitt um sýninguna og ræða jafnt um verk frumherjanna sem samtímalistina en hann mun fjalla um einstök verk sýningarinnar út frá lögmálum málverksins auk þess að fjalla um sýninguna í heild sinni.



**MYNDLIST GEORGS GUÐNA** Á verk á sumarsýningu Listasafns Reykjavíkur.

Sýningin stendur til 24. september en þess má geta að á hverjum þriðjudegi og sunnudegi er boðið upp á almennar leiðsagnir um sýninguna. -khh

# Útgáfutónleikar og ný plata

Örfáir miðar eru enn eftir á tónleika Eyjólfs Kristjánssonar í Borgarleikhúsinu í kvöld en þar er efnt til útgáfutónleika í tilefni af útkomu DVD-disksins Maður lifandi en efni disksins var tekið upp á tónleikum í leikhúsinu á sama tíma í fyrra. „Við flytjum gömul og ný lög eftir mig, nokkurs konar söngbók Eyva,“ segir Eyjólfur kátur en hann segir þó að þetta sé líklega í síðasta sinn sem hann efni til svona tónleika. „Ég hef alltaf haft ástæðu til að halda tónleikana. Ég byrjaði árið 2002 þegar ég gaf út plötuna Stjörnur og nú er ég með útgáfutónleika en ég hef nú kannski ekki ástæðu til að gera þetta að ári,“ segir hann.

Reyndar er nýtt efni á leiðinni frá Eyjólfi en í október kemur út diskur sem hann gefur út í félagi við Stefán Hilmarsson. „Þetta er svona ljúf rauðvínsplata. Við sömdum nokkur lög saman og svo eru líka önnur lög sem við höldum upp á en ekki kannski allir þekkja.“



**EYJÓLFUR KRISTJÁNSSON** Í góðum félagsskap á sviði Borgarleikhússins í kvöld.

Sem fyrr kveðst Eyjólfur vera happasæll með samstarfsfólk en í kvöld kemur fram fjöldi listamanna honum til fulltingis, sextán manna strengjasveit undir stjórn Þóris Baldurssonar, hrynsveit með bestu tónlistarmönnum landsins og landsins bestu söngvarar stíga á stokk með honum, til dæmis Bergþór Pálsson, Björn Jörundur, Björgvin Halldórsson og Ellen Kristjánsdóttir.

Tvennir tónleikar eru í kvöld, klukkan 20 og 22. -khh




**VITAGAGNSLAUS FRÓÐLEIKUR FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI** Það er ekki hægt að hnerra með augun opin.

# Fyrirtaks fánýtur fróðleikur

Bókafélagið Ugla gefur út bókina Bla Bla sem ber nafn sitt svo sannarlega með rentu. Í bókinni eru tíundaðar sex hundruð „ótrúlega gagnslausar staðreyndir“ sem hentugt er að grípa til „þegar þú hefur ekkert að tala um“. Margir muna jú hversu vandræðalegt það er að hafa ekki frá neinu að segja og bætir þessi bók úr brýnum vanda, til dæmis í erfiðum matarboðum, fermingarveislum eða pínlegum biðröðum. Geta minnugir lesendur þá gripið til staðreynda á borð við þá að Volvo þýðir „ég snýst“ á latínu og að Hitler hafi aðeins haft eitt eista. Munu slík gullkorn mögulega hvetja til skemmtilegra samræðna.

Þessum fánýta fróðleik er þjappað niður á rúmlega tvöhundruð síður í þægilegu vasabroti. -khh

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.
PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

GLEÐILEGT NÝTT LEIKÁR!
Opið hús í Borgarleikhúsinu sunnudaginn 3. september kl. 15.00–17.00

**Boðið verður upp á veitingar fyrir unga sem aldna.**
Starfsfólk Borgarleikhússins, með leikhússtjórann í broddi fylkingar, bakar vöfflur fyrir gesti og gangandi. Heitt á könnunni og svaladrykkir fyrir börnin.

**Kynning verður á viðburðum vetrarins:**
Grettir, Amadeus, Dagur vonar, Mein Kampf, Fagra veröld, Lík í óskilum, Belgíska Kongó, Viltu finna milljón?, Ronja ræningjadóttir, Sönglist, Íslenski dansflokkurinn.

**Leikfélag Reykjavíkur 110 ára:**
Um helgina bjóðum við sérstakt afmælistilboð sem leikhúsunnendur ættu ekki að láta fram hjá sér fara, **3 sýningar á aðeins 3.000 krónur!***

**Dagskrá:**
**Forsalur:**
Kl. 15.15 Eggert Þorleifsson og Laddi syngja lag úr Viltu finna milljón?
Kl. 15.25 Hansa syngur valin lög úr Gretti og Paris at night.
Kl. 15.40 Krakkar úr Sönglist syngja.
Kl. 15.50 Ronja, Birkir og Lovísa syngja lög úr Ronju ræningjadóttur.
Kl. 16.00 Ronja veitir verðlaun fyrir teiknisamkeppnina „Ronja í sumarfríi“.
Kl. 16.15 Krakkar úr Sönglist syngja.
Kl. 16.30 Söngatriði úr Footloose.
Kl. 16.45 Lög úr Gretti og Sól og Mána. Arnbjörg Hlíf og Hansa syngja.

Tarzan tekur lagið í lok dagskrár.

**Nýja sviðið:**
Kl. 15.20 Opin æfing – Íslenski dansflokkurinn.
Kl. 15.50 Opin æfing – Mein Kampf.
Kl. 16.20 Opin æfing – Amadeus.

Opnuð verður myndlistasýning barnanna „Ronja í sumarfríi“.

Hitler, Ronja, Birkir, Tarzan og hjónakornin Mozart og Konstansa heilsa upp á gesti og gangandi. Geirfuglarnir spila og skemmta á milli atriða af sinni alkunnu snilld.

*Gildir á Mein Kampf, Dag vonar og sýningu að eigin vali hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6657

Miðasala 568 8000 www.borgarleikhusid.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

KANARÍEYJAR EÐA LÍKHÚSIÐ?

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 6657

UNDRABÖRN ERU ANDSTYGGILEG.

Brottnámið úr kvennabúrinu W. A. Mozart

BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart
Frumsýning fös. 29. sep. kl. 20
2. sýn. sun. 1.okt. kl. 20 – 3. sýn. fös. 6. okt. kl. 20 – 4. sýn. sun. 8. okt . kl. 20
5. sýn. fös. 13. okt. kl. 20 - 6. sýn. sun. 14. okt. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði Vinafélags íslensku óperunnar kl. 19.15
Námskeið um Mozart og Brottnámið úr kvennabúrinu hjá EHÍ hefst 3. október. Skráning í síma 525 4444 – endurmenntun@hi.is
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
SITJI GUÐS ENGLAR
Frumsýning fös. 29/9 uppselt, lau. 30/9 kl. 14.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Sun. 10/9 uppselt, sun. 17/9, fös. 22/9, lau. 23/9. Aðeins nokkrar sýningar í haust.
FAGNAÐUR
Sun. 24/9.
KASSINN KL. 20.00
DOUBLE NORA
Sýning frá Natori-leikhúsinu í Japan. lau. 2/9, sun. 3/9.
PÉTUR GAUTUR
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 uppselt, fim. 21/9, fös. 22/9, lau. 23/9, lau. 30/9.
SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00
SUMARDAGUR
Frumsýning lau. 9/9 uppselt, fös. 15/9, lau. 16/9, fim. 21/9, sun. 24/9.
KORTASALAN ER HAFIN! ÁSKRIFTARKORT OG OPIN KORT!
MIÐASALA Á NETINU: WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN KL. 12:30 - 18:00 MÁN. - ÞRI.
AÐRA DAGA KL. 12:30 - 20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551-1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Sun 10/9 kl. 14 Sun 24/9 kl. 14
Lau 30/9 kl. 14 Sun 1/10 kl. 14

VILTU FINNA MILLJÓN?
Lau 2/9 kl. 20 Sun 3/9 kl. 20 UPPS.
Fim 7/9 kl. 20 Sun 10/9 kl. 20

FOOTLOOSE
Lau 9/9 kl. 20 Fös 22/9 kl. 20
Lau 23/9 kl. 20 Fim 28/9 kl. 20

EYFI STÓRTÓNLEIKAR
Í kvöld kl. 20 Í kvöld kl. 22

MANNAKORN ÚTGÁFUTÓNLEIKAR
Þri 5/9 kl. 20 Þri 5/9 kl. 22

HÖRÐUR TORFA AFMÆLISTÓNLEIKAR
Fös 8/9 kl. 19:30 Fös 8/9 kl. 22

AFMÆLISTILBOÐ
Áskriftarkort á 3 sýningar á 3000 kr.*
Kortin eru aðeins seld laugardag 2. sept og sunnudag 3.sept.
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

PINA BAUSCH
LOKSINS Á ÍSLANDI!
Dansleikhúsið frá Wuppertal undir stjórn Pinu Bausch verður með 4 sýningar á verkinu Aqua í Borgarleikhúsinu.
Sun 17/9 kl. 20
Mán 18/9 kl. 20
Þri 19/9 kl. 20
Mið 20/9 kl. 20
Aðeins þessar 4 sýningar.
Miðaverð 4.900. MIÐASALA HAFIN.

OPIÐ HÚS
Sunnudaginn 3. september verður opið hús í Borgarleikhúsinu milli 15-17. Fjölbreytt skemmtiatriði og veitingar í boði.
Allir velkomnir.

ÁSKRIFTARKORT
Endurnýjun áskrftarkorta stendur yfir!
Mein Kampf e. George Tabori
Amadeus e. Peter Shaffer
Fagra veröld e. Anthony Neilson
Dagur vonar e. Birgi Sigurðsson
Söngleikurinn Grettir e. Ólaf Hauk Símonarson, Þórarinn Eldjárn og Egil Ólafsson.
Lík í óskilum e. Anthony Neilson
Ronja ræningjadóttir e. Astrid Lindgren
Viltu finna milljón? e. Ray Cooney.
Belgíska Kongó e. Braga Ólafsson
Íslenski dansflokkurinn
og margt, margt fleira.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is



**DANÍEL KARL BJÖRNSSON OG HUGINN ÞÓR ARASON** Opna Pakkhús postulanna í Hafnarhúsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

# Valinn maður í hverju rými

**Sýningarstjórarnir og myndlistarmennirnir Daníel Karl Björnsson og Huginn Þór Arason brúa bilið milli ungæðislegra listamanna og virðulegrar stofnunar niðri í Tryggvagötu. Í dag verður sýningin Pakkhús postulanna opnuð í Hafnarhúsinu en kunnugir segjast vart þekkja sig inni í byggingunni.**

Þetta er tímamótasýning í sögu Listasafns Reykjavíkur en forstöðumaður þess, Hafþór Yngvason, markar með henni nýja sýningarstefnu fyrir Hafnarhúsið, sem á næstunni verður vettvangur fyrir nýsköpun og kraft ungra listamanna og markvissari heimavöllur fyrir nýjustu strauma og stefnur myndlistarinnar í stærra samhengi.

Daníel Karl útskýrir að sýningin hafi átt sér töluverðan aðdraganda og líkir ferlinu raunar við meðgöngu. „Hafþór hafði samband við okkur félagana yfir áramót og hafði í huga að gera breytingar á safnastarfi Listasafns Reykjavíkur og við ákváðum að slá til. Við lögðum fram þá tillögu að þessir ungu listamenn myndu vinna sýningu beint inn í safnið með Hafnarhúsið í huga. Síðar báðum við um hugmyndir eða tillögur frá tuttugu ungum listamönnum um hvernig þeir sæju sig eða verk sín í samhengi við safnið og völdum ellefu listamenn úr hópnum sem sýna hér í dag.“

Meðal listamannanna sem hafa nú tekið yfir Hafnarhúsið eru Davíð Örn Halldórsson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson og stöllurnar Ingibjörg Magnadóttir og Kristín Eiríksdóttir sem ríða á vaðið á opnuninni og standa fyrir gjörningi sem kenndur er við Lekandi leikhús, en meðal þátttakenda þar verða rithöfundarnir Kristín Ómarsdóttir og Guðrún Eva Mínervudóttir, G. Pétur Matthíasson fréttamaður og Halldór Ásgeirsson myndlistarmaður sem mun að öllum líkindum leika Freud.

Daníel útskýrir að erfitt sé að demba svo ólíku listafólki undir einn hatt en þau eigi það þó sameiginlegt að vera á svipuðu reiki og því sé einhvers konar tíðarandi eða bragur yfir sýningunni. „Að munstra þessa sýningu fólst meðal annars í því að vefa saman það sem þessir ellefu listamenn eru að sýna,“ segir hann. Húsið mótar líka verkin að vissu marki. „Við fengum hönnunarhópinn „Borðið“ til að hanna nýtt aðgengi inn í safnið, eins konar fordyri sem hefur töluvert að segja. Þetta er eins og samlífi - dans milli safnsins og sýnenda, þar sem hallar á hvorugan.“

Yfirskrift sýningarinnar er sótt í sameiginlega fortíð listafólksins. „Annars vegar vísar þetta til ákveðinna uppvaxtarskilyrða listamannanna, þessa vaxtarbrodds sem var á seinni hluta níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda,“ útskýrir Daníel og segir að flestir listamannanna hafi þá verið táningar sem langaði að taka þátt og smygluðu sér með „eldri krökkunum“. „Hins vegar er Hafnarhúsið gamalt pakkhús og á vissan hátt mætti líta á listamanninn sem postula,“ segir Daníel.

Í tilefni af sýningunni kemur einnig út vegleg sýningarskrá með óvenjulegu sniði en ritstjórar hennar eru Oddný Eir Ævarsdóttir og Unnar Örn J. Auðarson. „Þetta er samtalsbók sem skrásetur ferlið að baki sýningunni, allan vandræðaganginn við að koma svona sýningu á koppinn en bókin geymir viðtöl við listamenn, starfsmenn safnsins og aðra aðstandendur.“

Daníel Karl segist taka ofan fyrir framtaki Listasafns Reykjavíkur og er bjartsýnn á framhaldið. „Þetta er frábært tækifæri og maður getur ekki annað en dáðst að kjarkinum í Hafþóri en það er virðingarvert að hann setji traust sitt á þetta unga listafólk. Þetta framtak er vísir að því sem er að gerast í íslensku myndlistarlífi en því er nú gert hærra undir höfði og hvatt til jákvæðari samræðu um þetta fyrirbæri.“

Sýningin verður opnuð kl. 20 í kvöld en hún stendur til 22. október. Fjölmargir viðburðir eru skipulagðir í tengslum við sýninguna en nánari upplýsingar um dagskrána má finna á heimasíðunni www.listasafnreykjavikur.is.

kristrun@frettabladid.is

**POSTULARNIR ELLEFU**
Ásdís Sif Gunnarsdóttir
Björk Guðnadóttir
Davíð Örn Halldórsson
Helgi Þórsson
Hrafnhildur Arnardóttir
Ingibjörg Magnadóttir
Kristín Eiríksdóttir
Magnús Árnason
Ragnar Kjartansson
Sigga Björg Sigurðardóttir
Sirra Sigrún Sigurðardóttir

KRINGLU KRÁIN
Dans á Rósum frá Vestmanneyjum í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÚTSALA ÚTASALA
20-70% AFSLÁTTUR af fataefnum
Öll jólaefni 500 kr. pr.m.
Opið á laugardögum frá 11-14
gallery SARA
Trönuhrauni 6, Hafnarfirði
Sími 565 1660

# Minningarstólpar borgarinnar

Vegfarendur á höfuðborgarsvæðinu hafa rekið augun í óvenjuleg skilti á ferðum sínum um borgina. Skiltin voru sett upp í vetur í tengslum við Vetrarhátíð í Reykjavík en nú hillir undir brotthvarf þeirra því sýningu Stellu Sigurgeirsdóttur „Hvert förum við nú nema hvergi!“ lýkur næstkomandi mánudag. Skiltin eru kölluð minningarstólpar en þau eru unnin á umferðarskilti sem eru úr sér gengin og búin að þjóna tilgangi sínum. Stella vinnur skiltin með því að pússa þau og berja þau til í upprunalega mynd en þá kviknar nýr boðskapur, myndir og minningar og þau fá nýjan tilgang.

Listakonan Stella kveðst hafa fengist við skiltagerðina í þrjú ár. „Skilti eru svo aðgengileg og ég vildi vinna með eitthvað sem allir gætu skilið. Skilti eru alþjóðleg, óháð tungumálum, aldri, kynferði, uppruna - stétt eða stöðu. Við getum öll lesið umferðarskilti og mér fannst líka tilvalið að vera með sýninguna utandyra en loka ekki listina inni,“ segir Stella.

Skiltin eru dreifð um borgina en staðsetning þeirra er markviss því myndefnið vísar til einhvers úr umhverfinu. Þannig er til dæmis skiltið „Flugtak“ staðsett við enda flugbrautarinnar í Vatnsmýrinni. Önnur skilti má til dæmis finna á Skólavörðuholti, við Sæbraut, í Ármúla og uppi við Rauðavatn.

„Þú ert kannski að keyra í vinnuna eða á leið með börnin í leikskólann - þá rekur þú augun í eitthvað sem stingur aðeins í stúf, en samt ekki svo að það valdi umferðarslysi,“ útskýrir Stella. „Markmiðið með þessum verkum er að brjóta upp hversdagsleikann, hvetja okkur til þess að skoða umhverfið, borgina, á nýjan hátt og setja hann í nýtt samhengi. Fólk kemur þá kannski sjálfu sér á óvart með nýjum hugmyndum og hugsunum í rútínu dagsins.“



**BOLTASTRÁKAR Á KLAMBRATÚNI** Skiltin sóma sér vel í borgarumhverfinu.
MYND/STELLA SIGURGEIRSDÓTTIR



**STELLA SIGURGEIRSDÓTTIR MYNDLISTARKONA** „Skilti eru aðgengileg og óháð aldri, kynferði, uppruna og stétt“
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það kvikna margar hugmyndir í tengslum við skiltin og Stella segist hafa fengið góð viðbrögð við þeim. „Það er ótrúlega gaman að heyra hugmyndir fólks, til dæmis hef ég heyrt að fólk tengi skiltið „Flugtak“ við fæðingardeildina á Landspítalanum og sundlaugina á Hótel Loftleiðum.“

Ekki er ljóst hvort sum skiltanna fái að standa lengur en víst er vinalegt að hafa þau. „Sum þeirra fá vonandi að vera uppi lengur. Það hefur verið gaman að fylgjast með þeim og hvernig umhverfi þeirra hefur breyst. Sýningin hefur staðið í hálft ár og þannig náum við að narta í árstíðirnar, sýningin byrjaði í vetur en nú er að koma haust svo það er ekki seinna vænna að drífa sig að kíkja á skiltin til dæmis út í Skildinganes, Tjörnin og út á Geirsnef.“

-khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

29 30 31 **1** 2 3 4

**Föstudagur**

### OPNANIR

☐ 18.00 Sýning á verkum **Steinunnar Marteinsdóttur** opnar í **Listasafni Reykjanesbæjar**. Steinunn sýnir bæði keramikverk og málverk. **Tékknesk strengjasveit** leikur við opnun auk þess sem boðið verður upp á léttar veitingar. Sýningin er opin alla daga frá kl. 13.00-17.30 og stendur til 15. október.

☐ 20.00 Myndlistarsýningin **Pakkhús postulanna** opnar í **Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi** við Tryggvagötu. Sýningarstjórar eru **Huginn Arason** og **Daníel Björnsson**. Ingibjörg **Magnadóttir** og **Kristín Eiríksdóttir** flytja gjörning við opnunina með dyggri aðstoð.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Verk mæðgnanna **Valgerðar Briem** og **Valgerðar Bergsdóttur** eru til sýnis í **Gerðarsafni**. Sýningin stendur til 1. október.

☐ 13.00 **Tumi Magnússon** og **Aleksandra Signer** sýna vídeó og innsetningar í **Listasafni ASÍ við Freyjugötu**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.














Nýstofnað leikfélag barna og unglinga sýnir frumsamið ævintýraleikrit í Austurbæ

Í Drekaskógi takast á góð og ill öfl. Börn eru dregin inní hættulegan og myrkan álagskóg.
Þegar börnin flækjast í átök skógardísa, eldflugna og svartálfa versnar í því. Þau leita lausna og reyna að finna þær hjá dreka sem býr í helli einum.

Laugardaginn 9. september kl.14:00
Miðaverð 800 kr. Miðasala Austurbæjar opinn frá kl. 13 - 17 alla daga sími : 551 4700





## > Í SPILARANUM

**Bob Dylan:** Modern Times
**Razorlight:** Razorlight
**Kelis:** Kelis Was Here
**Tom Petty:** Highway Companion
**Beirut:** Gulag Orkestar

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# 120 klukkutímar af efni

Gulldrengirnir okkar í hljómsveitinni Sigur Rós eru komnir í langþráð frí eftir að tónleikaferð þeirra um landið lauk um verslunarmannahelgina. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá voru allir tónleikarnir teknir upp fyrir útgáfu á væntanlegum DVD-diski sveitarinnar. Orri Páll Dýrason, trommuleikari Sigur Rósar, segir að nú standi yfir forvinna við gerð mynddisksins.

„Við erum með 120 klukkutíma af efni svo það er heilmikil vinna í þessu. Við erum með mann í að hlaða efninu inn fyrir okkur og svo komum við að klippingu og fleiru síðar," segir Orri.

Tónleikaferð Sigur Rósar vakti heilmikla athygli hérlendis, og reyndar víðar því fjölmargir aðdáendur sveitarinnar komu hingað til lands af þessu tilefni. Búast má við að DVD-diskurinn eigi eftir að njóta talsverðra vinsælda meðal tónlistaráhugafólks. Orri Páll segir að búast megi við því að diskurinn komi út snemma á næsta ári.

„Við stefnum að því að klára þetta fyrir jól. Það er því líklegt að diskurinn komi út snemma á næsta ári."



**SIGUR RÓS Í ÁSBYRGI** Frábærir tónleikar sveitarinnar á Miklatúni og í Ásbyrgi verða áberandi á væntanlegum DVD-diski. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



## > Plata vikunnar

**Lily Allen:** Alright, Still

„Frumraun Lily Allen er fínasta reggípopp. Áhrifavaldar hennar skína þó kannski örlítið of mikið í gegn í annars frábærum lögum hennar." **BÖS**



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Bestu tónlistarverðlaunin*

Mercury-verðlaunin verða afhent í 13. sinn við hátíðlega athöfn næsta þriðjudag. Reglur Mercury-verðlaunanna eru mjög einfaldar. Dómnefnd velur tólf plötur. Öll tónlist kemur til greina og það er eingöngu tónlistin sem farið er eftir. Ekkert annað skiptir máli.

Að mínu mati eru Mercury-verðlaunin dæmi um mjög vel heppnuð tónlistarverðlaun. Það er að vísu iðulega deilt um það hver hreppir þau. Mörgum fannst t.d. vont að New Forms með Roni Size væri tekin fram yfir OK Computer með Radiohead árið 1997 og að hinn indversk-ættaði Talvin Singh ynni Blur árið 1999. Það má (og á) að sjálfsögðu að deila um einstaka tilnefningar og sigurvegara, en aðalatriðið er að á hverju ári vekja Mercury-verðlaunin athygli á áhugaverðum tónlistarmönnum sem annars færu framhjá manni. Tilnefningarnar skipta eiginlega meira máli en sigurvegarinn.



**GREEN GARTSIDE** Fyrsta Scritti Politti platan í sjö ár er tilnefnd til Mercury-verðlaunanna.

Í ár eru margar fínar plötur tilnefndar. Flestir virðast veðja á að Arctic Monkeys, Guillemots, Thom Yorke eða Muse hljóti verðlaunin, en á meðal þeirra platna sem eru tilnefndar eru margar aðrar frábærar plötur, þ.á.m. White Bread Black Beer með Scritti Politti.

Scritti Politti er afkvæmi Green Gartside sem er einn af þessum tónlistarmönnum sem hafa alveg sinn eigin stíl og virðast ónæmir fyrir tískustraumum og tíðaranda. Scritti Politti kom fyrst fram sem hljómsveit í London undir lok áttunda áratugar síðustu aldar og stakk þá mjög í stúf við post-pönk sveitir þess tíma. Tónlistin var ljúft, en hrjúft sambland af poppi, reggí og djassi. Sveitin dró sig í hlé eftir að Green veiktist í lok níunda áratugarins, en hann endurvakti hana sem sólóverkefni árið 1999. White Bread Black Beer er aðeins fimmta plata sveitarinnar á tæpum þrjátíu árum og sú fyrsta í sjö ár. Og enn hljómar Green öðruvísi en allt annað sem er í boði. White Bread Black Beer er ekkert endilega besta platan sem er tilnefnd í ár, en samt hiklaust plata sem á skilið að eftir henni sé tekið. Og þar koma Mercury-verðlaunin sterkt inn.

# Orkuboltinn Beyoncé

**Söngkonan Beyoncé Knowles gefur út sína aðra sólóplötu, B Day, á mánudag, sem jafnframt er 25 ára afmælisdagur hennar. Freyr Bjarnason hitaði upp fyrir plötuna sem hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu.**



**BEYONCÉ KNOWLES** Söngkonan öfluga er mætt aftur með sína aðra sólóplötu, B Day.

B Day er fyrsta plata Beyoncé síðan frumburðurinn Dangerously in Love kom út árið 2003 og skilaði hvorki meira né minna en fimm Grammy-verðlaunum í hús. Smáskífulagið Crazy in Love gerði allt vitlaust og er án nokkurs vafa vinsælasta lag Beyonce til þessa.

### Destiny´s Child kvödd

Síðan sú plata kom út hefur Beyoncé haft í nógu að snúast. Hún lauk tónleikaferð vegna plötunnar árið 2004 og á síðasta ári kom út platan Destiny Fulfilled þar sem hún sagði endanlega skilið við stöllur sínar í stúlknabandinu vinsæla Destiny´s Child. Var þetta fjórða plata sveitarinnar, sem á að baki slagara á borð við Say My Name og Survivor. Einnig kom út safnplatan #1´s og til að fylgja þessu öllu saman eftir fóru þær stúlkur í tónleikaferð þar sem aðdáendurnir voru kvaddir í hinsta sinn.

### Fatalína og Deena Jones

Meðfram þessu ævintýri stofnaði Beyoncé fatalínuna House of Deréon ásamt móður sinni, Tinu Knowles. Ekki er öll sagan sögð því í byrjun þessa árs hóf Beyoncé upptökur á kvikmyndinni Deena Jones sem er byggð á leikhúsverkinu vinsæla Dream Girls. Eftir að fjögurra mánaða tökunum var lokið ákvað Beyoncé að taka sér langþráða pásu og hvíla sig í góðu yfirlæti við sundlaugarbakkann.

### Tveggja daga frí

Hún entist ekki lengi fríinu því eftir tveggja daga afslöppun gat þessi mikli orkubolti ekki setið á sér lengur og hringdi í hóp þekktra upptökustjóra og fékk þá til að kíkja með sér í hljóðver í New York-borg. Í þessum hópi voru kappar á borð við The Neptunes, Sean Garrett, Swizz Beats og Rich Harrison, sem var einmitt maðurinn á bak við Crazy in Love.

### Sköpunargáfan á fullt

Í New York kom Beyoncé strákunum fyrir hverjum í sínu herberginu og flakkaði svo á milli þeirra með svipuna að vopni. Samdi hún og tók upp með þeim lögin en til að þeim yrði eitthvað úr verki reyndi hún að koma á samkeppni á milli þeirra, sem þó var ekki neikvæð að hennar sögn. „Allt gerðist svo snöggt og þess vegna þurfti ég ekki að redda dýrum flugferðum og glíma við alls konar önnur vandamál. Þetta gekk allt eins og í sögu og allir voru mjög spenntir að vera í hljóðverinu og gefa sköpunargáfu sinni lausan tauminn," segir Beyoncé, sem nýtur þess að gera krefjandi hluti: „Ef hlutirnir eru auðveldir er öll spennan farin því ég vil ekki láta mér leiðast og hafa það þægilegt þegar ég er að búa til tónlist," segir hún.

### Þriggja vikna upptökur

Eftir aðeins þriggja vikna upptökur var ellefu laga plata tilbúin auk fjórtán laga til viðbótar og Beyoncé er hæstánægð með útkomuna. „Þetta er það besta sem ég hef nokkurn tímann gert," segir hún, sjálfsöryggið uppmálað.

Fyrsta smáskífulag B Day, Deja Vu, hefur fengið góðar viðtökur en þar nýtur hún aðstoðar kærasta síns Jay-Z.

### Jessica hvað?

Þess má geta að önnur vinsæl söngkona, Jessica Simpson, gaf út plötu fyrir skömmu sem nefnist A Public Affair. Þrátt fyrir frægð hennar má telja afar líklegt að hún falli í skuggann af Beyoncé, enda kemst hún varla með tærnar þar sem fröken Knowles hefur hælana í vinsældum.






## FYRST OG SÍÐAST SIGURÐUR EGGERTSSON



**RADIOHEAD - OK COMPUTER**
Fyrsta platan sem ég man eftir að hafi haft djúp áhrif á mig. Ég var, og er, með tiltölulega seinþroska tónlistarsmekk og þótt Radiohead hefði þá þegar gefið út tvær breiðskífur og slegið í gegn um allan heim þá hafði ég ekki minnstu hugmynd um tilvist þeirra. OK Computer er mikið meistaraverk og opnaði augu mín fyrir bæði eldri plötu Radiohead, The Bends, og annarri tónlist í svipuðum fíling.

**UPPÁHALDSLAG:** Ég var á Partilla-Cup í Svíþjóð að leika handknattleik og einn minna bestu vina, Bjarni Ólafur Eiríksson, leyfði mér að heyra lag af plötunni. Lagið var Karma Police og greip það mig við fyrstu hlustun og enn er það í miklum metum.





**MEGAS - Á BLEIKUM NÁTTKJÓLUM**
Ég hef frá blautu barnsbeini verið alinn upp með Megas í eyrunum en aldrei hleypt tónlist hans alveg inn. Með Á bleikum náttkjólum opnaðist flóðgátt og ég sökkti mér í tónlist Megasar og uppgötvaði hve heppnir við Íslendingar erum að hafa slíkan mann í röðum okkar. Maður sem getur komið ótrúlegustu hugsunum og sögum í orð og fagrar laglínur á þann hátt sem mann óraði ekki fyrir.

**UPPÁHALDSLAG:** Eitt lag heillar mig mest, Orfeus og Evridís. Þetta er eitt fallegasta lag sem ég hef heyrt og það er ekki laust við að mér vökni um augu er síðasta erindið hljómar:

*„Blesi minn í brekkunni góðu*
*búinn er þér hvílustaður*
*einhverntíma ái ég með þér*
*örþreyttur gamall vonsvikinn maður."*

**SIGURÐUR EGGERTSSON** Handboltamaðurinn og grínarinn knái fetar sígildar slóðir í plötuvali sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ókeypis á netinu

Tónlistarframleiðandinn Vivendi Universal hefur skrifað undir samning þess efnis að tónlist fyrirtækisins verði fáanleg ókeypis á netinu. Samkvæmt samkomulagi við Spiralfrog verða lögin frí til niðurhals í Bandaríkjunum og Kanada frá og með desember næstkomandi.

Með þjónustunni vonast Universal til að slá keppinautinum Apple við sem hefur rukkað 99 sent, eða um sjötíu krónur, fyrir hvert lag í Bandaríkjunum í gegnum iTunes-tónlistarveituna.

Vonast er til að auglýsingatekjur af síðunni þar sem lögin verða fáanleg muni sjái til þess að uppátækið standi undir kostnaði. „Með því að bjóða ungum neytendum þennan auðvelda valkost í stað þess að þeir sæki lög ólöglega vonumst við til að breyta tónlistarlandslaginu,“ sagði framkvæmdastjóri Spiralfrog, Robin Kent. Bætti hann því við að ungt fólk væri alveg tilbúið til að horfa á nokkrar auglýsingar gegn því að fá ókeypis tónlist.



**ITUNES** Hingað til hefur Apple ráðið flestu á niðurhalsmarkaðinum með iTunes. Nú gæti orðið breyting þar á.

## Í BÚNINGSHERBERGINU SNOOP DOGG

Djúpsteiktur kjúklingur
Djúpsteiktur fiskur
Nautasteik
Kartöflur; gratíneraðar, sætar, franskar
Smjör
Majónes
Brauð
Vanilluís
Bakkelsi og kökur
Ferskir ávextir
Salat með þremur sósum
Sony Playstation
Körfuboltavöllur





## > Lög vikunnar



**Christina Aguilera - Ain't No** Other Man Traust lag af nýju plötunni, bestu plötu hennar til þessa.

**Tapes 'N Tapes - Just Drums** Ferskasta indie-hljómsveitin með lag sem límist á heilann.



**Nelly Furtado - Promiscuous** Lokatilraun Nelly til að verða stórt nafn.

**Mew - Apocalypso** Danskt rokk af bestu gerð.



**The Killers - When You Were Young** Las Vegas rokkararnir snúa aftur.

## NÝJAR PLÖTUR



**PÉTUR BEN:**
**Wine for my Weakness**
„Wine for my Weakness er ótrúlega sterk frumsmíð sem skýtur Pétri Ben beint í fremstu röð íslenskra popptónlistarmanna.“ TJ

**UNDER BYEN:**
**Samme stof som stof**
„Nýjasta breiðskífa Under Byen er listavel gerð. Draugalegt, skítugt en fallegt sveimrokk með frábærum söng ofan á.“ BÖS

**CHRISTINA AGUILERA:**
**Back to Basics**
„Þó að Back to Basics sé misjöfn að gæðum og á köflum of tilgerðarleg er hún samt besta plata Christinu Aguilera til þessa.“ TJ

**ORSON:**
**Bright Idea**
„Orson er popprokk fyrir augnablikið. Menn eiga þó ekkert eftir að þurfa að leggja mikið á sig til þess að gleyma þessari sveit, því þetta er nægilega lummulegt til þess að það muni gerast af sjálfu sér.“ BÖS

**KK:**
**Blús**
„Blús er vönduð og vel gerð plata sem safnar saman nokkrum úrvalslögum úr sögu blústónlistarinnar. Hún ristir ekki mjög djúpt, en rennur þægilega í gegn.“ TJ

**REYKJAVÍK!:**
**Glacial Landscapes, Religion, Oppression & Alcohol**
„Reykjavík! sendir frá sér eina af betri rokkplötum seinni ára á Íslandi. Full af glimrandi hljómi, leiftrandi spilamennsku og glitrandi melódíum. Umfram allt kraftmikil og pínu sóðaleg.“ SHA

**MUSE:**
**Blackholes & Revelations**
„Fjórða plata Muse er þeirra besta. Stundum eru þeir þó hættulega nálægt því að vera of tilgerðalegir, en þegar allt kemur til alls er hljómur þeirra magnaður, og algjörlega þeirra eigin.“ BÖS

**DR. MISTER & MR. HANDSOME:**
**Dirty Slutty Hooker Money**
„Þrátt fyrir nokkur fín lög er fyrsta plata Dr. Mister & Mr. Handsome of misjöfn að gæðum til þess að það sé hægt að mæla með henni.“ TJ


Útgáfutónleikar með Eyfa & Co

Bergþór Pálsson, Björgvin Halldórsson, Björn Jörundur,
Ellen Kristjánsdóttir, Jón Jósep & Stefán Hilmarsson.

Tvennir tónleikar í Borgarleikhúsinu
Í KVÖLD KL. 20:00 OG 22:00



Sannkölluð tónlistarveisla
8 manna hrynsveit
16 manna strengjasveit

Öll helstu lög Eyfa:
Álfheiður Björk
Ástarævintýri
Breyskur maður
Dagar
Danska lagið
Ég lifi í draumi
Gott
Kannski er ástin
Nína
o.fl. o.fl.




Maður lifandi
Nýr glæsilegur DVD-diskur,
með öllum perlum Eyfa,
kemur út í dag.

BORGARLEIKHÚSIÐ
www.borgarleikhusid.is
s: 568 8000

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

## REYKJAVÍKURNÆTUR HÖRPU PÉTURSDÓTTUR FINNST AÐ FULLORÐIÐ FÓLK EIGI AÐ RÁÐA SÉR SJÁLFT

# *Það má ekki pissa bakvið hurð...*

Ég var á röltinu í einni af húsgagnaverslunum borgarinnar í vikunni að leita mér að fallegum sófa. Þegar ég staldraði við einn sem mér leist vel á stóð þar kona, sennilega að nálgast fimmtugt, sem var að tala í símann. Þar sem ég skoðaði sófann og henti mér á hann til að prufukeyra, gat ég ekki annað en heyrt það sem hún var að segja í símann. Það var eitthvað á þessa leið: nei, þú ferð sko ekkert að hitta hann í kvöld... (smá þögn)... af því að ég segi það... (aftur smá þögn)... nei, ég fer bara ekki ofan af því! Mér krossbrá eins og vænta má og færði mig yfir að næsta sófa til þess að vera örugglega ekki partur af fjölskyldudramanu hennar. Þá fór ég að velta þessu eilífa og asnalega valdaströggli fyrir mér og mundi annað eins fáránlegt atvik sem ég varð vitni að fyrir nokkru. Í það sinnið voru tveir karlmenn að tala saman í vinnunni hjá mér. Annar þeirra var að segja hinum að hann væri einn heima því konan hans hefði skroppið til London með vinkonum sínum að versla og djamma. Þá gubbaði hinn út úr sér þessum skemmtilega frasa: Og leyfðirðu henni það alveg?

Það er alveg ferlegt þegar hlutunum er svona háttað! Að annar aðilinn í sambandinu sé einhver boss sem hafi yfirvald og lokasvörin við öllum ákvörðunum. Að hann hafi öll völdin í vasanum. Það system virkar hvergi og síst af öllu inni á heimilinu. Svo þegar ég fór að pæla aðeins betur í þessu þurfti ég að viðurkenna fyrir sjálfri mér að staðreyndin er því miður sú að í flestum ef ekki öllum samböndum hefur annar aðilinn yfirhöndina, allavega aðeins. Stjórnandinn getur hafa hlotið titilinn til dæmis vegna þess að hann er minna hrifinn og því tilbúnari að slíta sambandinu verði sér ekki hlýtt, vegna þess að hinn aðilinn vill að sér sé stjórnað af einskærri hræðslu við ákvarðanatöku eða vegna þess að viðkomandi er einfaldlega haldinn slæmu tilfelli af íslensku frekjuveikinni. Hver sem skýringin er þá er þetta eitthvað svo rangt.

Fólk sem er í samböndum er yfirleitt fullorðið og sjálfstætt með fullmótaðan huga og skoðanir og ætti að mínu mati að taka ákvarðanir fyrir sig sjálft! En auðvitað með hinn í huga og með tilliti til hans. En það að banna fólki að gera eðlilega hluti er eiginlega bara sjúkt. Svo þurfa líka allir að eiga eitthvað fyrir sig prívat, eins og vini og áhugamál. Það er líka sniðugt að eiga vini og áhugamál saman en það verður samt að passa upp á það að eyða ekki hverju sekúndubroti dagsins, vikunnar eða hvað það nú er límd saman. Þá fær fólk bara leið á hvort öðru og saknar aldrei hins. Þá er hætt við að maður fái ógeð og láti sig hverfa einn góðan veðurdag! Það vill víst enginn...






# Velheppnuð opnunarhátíð IFF

**Kvikmyndahátíðin IFF fór formlega af stað á miðvikudagskvöldið þegar kvikmyndin Factotum var frumsýnd að viðstöddum aðalleikurunum Matt Dillon og Marisu Tomei.**

Fjöldi fólks lagði leið sína í Smárabíó til að heiðra Hollywood-stjörnurnar með nærveru sinni. Kvikmyndin mæltist vel fyrir meðal viðstaddra og var mikið klappað í lokin en síðan var haldið niður á skemmtistaðinn REX þar sem fjörið hélt áfram langt fram á nótt.



**STJÖRNURNAR Í TEITINU** Matt Dillon og Marisa Tomei voru stjörnurnar í teitinu en haft var á orði hversu vingjarnleg og skemmtileg þau voru.



**ALÞÝÐULEG STÓRSTJARNA** Matt Dillon gaf sér tíma til að gefa aðdáendum sínum áritanir en hann þykir sýna góðan leik í kvikmyndinni.



**LÉTU SIG EKKI VANTA** Einar Kárason og Hildur Baldursdóttir voru að sjálfsögðu meðal viðstaddra þegar kvikmyndin Factotum var frumsýnd en hún er að einhverju leyti byggð á ævi rithöfundarins Charles Bukowski.



**SPENNT FYRIR MYNDINNI** Þau Baldur Baldursson hjá Fíton og Gerður Wendel voru mætt á opnunarhátíð IFF.



**FRAMLEIÐANDINN OG LEIKKONAN** Jim Stark og Ingibjörg Stefánsdóttir ræddu málin áður en haldið var inni bíósalinn.



**FLOTT SAMAN** Leikkonan Marisa Tomei og Nick Carpenter voru flott á frumsýningu kvikmyndarinnar Factotum.



**Í HRÓKASAMRÆÐUM** Þeir Davíð Pitt og Halldór Lárusson voru í miklum hrókasamræðum fyrir myndina.



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Klængur Gunnarsson, Elín Guðmundsdóttir og Kristín Hjálmarsdóttir brugðu á leik fyrir ljósmyndara.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN




## Prófaðu nýja Explorer pallbílinn frá Ford: Sport Trac

Prófaðu nýjan og endurhannaðan Ford Explorer. Ford tekst það sem mörgum hefur ekki tekist að gera; sameina ólíka og eftirsótta eiginleika alvöru jeppa, lúxus þægindi og flottheit á viðráðanlegu verði! Prófaðu nýtt tákn um gæði - eftirsóttasta jeppa í heimi og berðu hann saman við Land Cruiser.

Núna er Explorer til sem sportlegur pallbíll. Skiptu um bíl. Pallbílarnir frá Ford eru mest seldu bílar í heimi. Vertu flottur. Sameinaðu sportið og fjölskylduna. Veldu Ford Explorer Sport Trac.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.ford.is

Strangt Vegaeftirlit Bandaríkjanna (IIHS) gefur Explorer hæstu einkunn fyrir öryggi. Kynntu þér öryggiskerfi Explorer Sport Trac. Komdu að keyra. Komdu í Brimborg í dag.

- **Stöðugleikastýrikerfi með RSC veltivörn**
- **Tölvustýrt fjórhjóladrif, hátt og lágt drif**
- **Ný sjálfstæð fjöðrun**
- **ISS skynvætt öryggiskerfi**

### Veldu Ford. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu tilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

## Skoðaðu úrval 4x4 bíla Ford í bílaverslun Ford á Íslandi





| Ford Explorer Sport Trac XLT Sport 4x4<br>4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur* | Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4<br>4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur* | Ford Explorer XLT Sport 4x4<br>5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur* | Ford Explorer Limited 4x4<br>5 dyra 4,6i V8 sjálfskiptur* |
|---|---|---|---|
| Kaupverð 3.490.000 kr. | Kaupverð 3.640.000 kr. | Kaupverð 4.540.000 kr. | Kaupverð 5.190.000 kr. |
| Bílasamningur 43.100 kr. | Bílasamningur 44.900 kr. | Bílasamningur 56.100 kr. | Bílasamningur 64.100 kr. |
| Rekstrarleiga 67.900 kr. | Rekstrarleiga 70.600 kr. | Rekstrarleiga 92.900 kr. | Rekstrarleiga 98.700 kr. |

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk. / 50% erl. myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Bíll á aðalmynd: Ford Explorer Sport Trac Limited.

NASA
LAUGARD. 2. SEPT. 2006
PAPAR
STÓR
DANSLEIKUR
PAPAR
MIÐAVERÐ 1000 KR.
HÚSIÐ OPNAR KL. 23
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

# Náttúran ein af persónunum

**Bjólfskviða, sem kvikmynduð var á Íslandi árið 2004, var frumsýnd í Háskólabíói í gærkvöld. Leikstjórinn Sturla Gunnarsson ræddi við Fréttablaðið frá Vancouver, þar sem hann er staddur við upptökur á nýrri sjónvarpsþáttaröð.**



**STURLA LEIKSTÝRIR** Sturla Gunnarsson leikstjóri, fyrir miðju, sést hér sýna Gerard Butler, t.v. og Rory McCann tilþrifin við tökurnar á Bjólfskviðu haustið 2004. Myndin var frumsýnd á Íslandi í gær. B&G PRESS GALLERY

„Bjólfskviða var tekin upp á 47 dögum á Íslandi haustið 2004, sem var afar stormasamt og það virðist hafa komið vel út fyrir okkur því flestir kvikmyndagagnrýnendur hér segja íslensku náttúruna vera einn aðalkarakterinn í myndinni," segir Sturla Gunnarsson leikstjóri.

Kvikmyndin var frumsýnd í gærkvöld í Háskólabíói, en hún hefur þegar verið sýnd í Kanada og Bandaríkjunum, sem og í nokkrum Evrópulöndum. Hún verður frumsýnd í Bretlandi í september.

„Mér þykir það afar leitt að komast ekki sjálfur á frumsýninguna á Íslandi, en ég er því miður bundinn yfir vinnu," segir Sturla, en hann hóf tökur á sjónvarpsþáttaröðinni Intelligence, sem fjallar um njósnir, í Vancouver í Kanada í fyrradag.

Hins vegar var aðalleikari myndarinnar, Gerard Butler, viðstaddur frumsýninguna við mikla hrifningu yngri kvenna.

„Myndin hefur verið vel sótt bæði í Kanada og í Bandaríkjunum og hún hefur fengið blandaða en jákvæða gagnrýni. Það hefur verið svona „cult" stemning í kringum hana, sumir koma íklæddir víkingabúningi til að fara í bíó. Svo hafa heilu rúturnar af stelpum komið á margar sýningar í röð, og þá eru þær að elta Gerry," segir Sturla og hlær. „Þær komu margar með rútum á sýningar um öll Bandaríkin og sumar pöntuðu sér rútu og fóru í svona stelpu-helgarferð til Kanada til að sjá myndina kannski tvisvar-þrisvar sinnum. Svo fóru þær með rútunni heim aftur."

Myndin hefur eflt ferðamannaiðnaðinn á Íslandi, því eftir að Sturla skrifaði stóra grein um hana í Globe and Mail, eitt virtasta dagblað Kanada, hefur hann frétt af ferðum margra Norður-Ameríkana til Íslands, þar sem fólkið leitar uppi staðina sem sýndir eru í myndinni.

Hann ítrekar hversu leitt honum þykir að hafa ekki komist. „Bjólfskviða var erfið og margir leikaranna og annarra starfsmanna hafa ekki séð hana enn og ég hefði gjarnan viljað vera á staðnum með þeim," segir Sturla, sem er fæddur á Íslandi en flutti sex ára gamall með foreldrum sínum til Kanada. Hann var í alls sex mánuði á Íslandi að vinna að gerð myndarinnar.

Þess má geta að Bjólfskviða var með söluhæstu myndum í Kanada í fjórar vikur, þar sem hún gekk í 16 vikur eftir frumsýninguna þar í apríl.

smk@frettabladid.is

Cintamani kynnir:
ICELAND FILM FESTIVAL 2006
Í Háskólabíói og Regnboga 30. ágúst - 21. september
Í KVÖLD: Jack Stevens kvikmyndasafnari og gúrú í Regnboganum.
PRÓGRAM #1: "MOVIES WITH ROOTS IN HELL: THE EFFECTS OF DRUGS ON AMERICAN CINEMA"






„Mig langar hrikalega mikið í Regnbogann í kvöld en ég verð heima hjá mér, gaddfreðinn eins og venjulega!"
- JÖKULL
www.icelandfilmfestival.is
Iceland Film Festival
iff
ICELANDAIR
IH ICELANDAIRHOTELS
FRÉTTABLAÐIÐ
Tanqueray
nex



**LÚKAS OG HOVA** Hjúkrunarkonan Hova tekur Lúkas upp á sína arma til að forða honum frá frekari vandræðum.

# Í mauralíki

Börnin fá að sjálfsögðu eitthvað við sitt hæfi um þessa helgi enda eru foreldrarnir uppteknir við að komast yfir sem flestar myndir á IFF-kvikmyndahátíðinni. Teiknimyndin Antbully eða Maurahrellir verður frumsýnd í Sambíóunum nú um helgina en hún segir frá hinum tíu ára gamla Lúkasi sem á erfitt uppdráttar. Hann er fluttur til nýrrar borgar ásamt fjölskyldu sinni og á í miklum erfiðleikum með að laga sig að breyttum aðstæðum og eignast vini. Reyndar virðast skólafélagar Lúkasar hafa meira gaman af því að níðast á stráknum en að gera hann að vini sínum. Lúkas ákveður að fyrst hann þurfi að þola slíkan yfirgang skuli einhverjir aðrir fá að kenna á kröftum hans og fyrir valinu verða maurar.



**TÖFRAMAÐURINN ZOC** Hefur bruggað töfraseið sem breytir Lúkasi á augabragði í dreng í maurastærð.

Lúkas veit hins vegar ekki að maurahersingin er ekki jafn vitlaus og hún er lítil því galdramaurinn Zoc hefur bruggað töfraseyð sem breytir Lúkasi á augabragði í dreng í maurastærð. Stráksi er ekki par ánægður til að byrja með en verður að sjálfsögðu að leggja sitt af mörkum ef ekki á illa fyrir honum að fara og nýtur aðstoðar hinnar „gullfallegu" Hova sem þarf að beita öllum ráðum til að forða honum frá vandræðum.

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

# CLINIQUE
## GÓÐ GJÖF




## KAUPAUKI 6 HLUTIR!

Ef þú kaupir **tvo hluti eða fleiri** frá CLINIQUE er þessi gjöf til þín.*

- Turnaround Concentrate 7 ml
- Superdefense rakakrem 7 ml
- Colour Surge augnskuggi Sierra Glaze
- High Impact maskari
- Clinique augnhárabrettari
- Happy Perfume Spray 4 ml

*Á meðan birgðir endast

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 33937 08/2006




| SMÁRABÍÓ | SÍMI 564 0000 |
|---|---|
| LITTLE MAN | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 4 og 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 4, 6 og 8 |
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| MIAMI VICE | kl. 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |
| THE SENTINEL | kl. 10.20 B.I. 14 ÁRA |
| ÁSTRÍKUR OG VÍKINGARNIR ÍSL. TAL | kl. 4 |

| REGNBOGINN | SÍMI 551 9000 |
|---|---|
| TAKK FYRIR AÐ REYKJA | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| **KVIKMYNDAHÁTÍÐ** | |
| VOLVER | kl. 5.40 |
| ROMANCE & CIGARETTES | kl. 5.50 |
| ANGEL A | kl. 6 |
| THE WIND THAT SHAKES THE BARLEY | kl. 8 |
| THREE BURIALS OF MELQUIADES ESTRADA | kl. 8 |
| JACK STEVENS 16MM: DRUG SHOW | kl. 8 |
| FACTOTUM | kl. 10.10 |
| TIGER AND THE SNOW | kl. 10.15 |
| PARIS JE T'AIME | kl. 10.30 |

| Borgarbíó | SÍMI 462 3500 |
|---|---|
| LITTLE MAN | kl. 8 og 10 |
| YOU, ME & DUPREE | kl. 8 og 10.10 |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 6 |
| GRETTIR 2 ENSKT TAL | kl. 6 |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan **Hilary Swank** virðist vera alveg komin yfir fyrrverandi mann sinn Chad Lowe en þau skildu í mars á þessu ári. Blaðið National Enquirer hefur nú komist að því að Swank er búin að eiga í leynilegu ástarsambandi við umboðsmann sinn John Campisi síðan hún skildi. Þau náðust saman á mynd fyrir þremur vikum síðan og segist National Enquirer hafa staðfestar heimildir fyrir þessu sambandi.



Söngkonan unga **Jessica Simpson** er komin með nýjan kærasta. Sá heppni ber nafnið John Mayer og er söngvari og lagahöfundur. Skötuhjúin hafa þekkt hvort annað lengi en það er fyrst nú sem einhverjir neistar virðast hafa kviknað milli þeirra. Talsmaður Simpson staðfestir þetta og segir sambandið samt vera á byrjunarstigi. Jessica skildi við söngvarann Nick Lachey fyrir ári síðan og hefur ekki verið við karlmann kennd fyrr en nú.



Skötuhjúin Cameron Diaz og **Justin Timberlake** hafa nú keypt sér lúxuseinbýlishús á Hawaii saman. Sterkur orðrómur hafa verið um að þau séu að hætta saman en þessar fréttir virðast sýna fram á það að engin vandræði séu milli þeirra. Það er því greinilegt að parið er að plana framtíðina saman en þau hafa verið saman í þrjú ár. Justin var áður með poppprinsessunni Britney Spears.











**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| UNITED 93 | KL. 3:30-5:45-8-10:20 | B.I. 14 |
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 5:45-8-10:20 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE VIP | KL. 8-10:20 | |
| LADY IN THE WATER | KL. 8-10:20 | B.I. 12 |
| 5 CHILDREN & IT | KL. 4 | LEYFÐ |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6:15-8-10 | B.I. 12 |
| OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| BÍLAR ísl. tal | KL. 4 | LEYFÐ |

SAMBÍÓIN SÍMI: 575-8900

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 4-6-8-10 | LEYFÐ |
| THE ANT BULLY enskt tal | KL. 4-6 | LEYFÐ |
| *LADY IN THE WATER | KL. 6-8:10-10:30 | B.I. 12 |
| MIAMI VICE | KL. 8 | B.I. 16 |
| *PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 10:40 | B.I. 12 |
| *OVER THE HEDGE ísl. tal | KL. 4 | LEYFÐ |

*SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ

www.sambioin.is

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| LITTLE MAN | KL. 8-10 | LEYFÐ |
| GRETTIR 2: NÝJU FÖTIN KATTARINS | KL. 6 | LEYFÐ |
| YOU, ME AND DUPREE | KL. 8 | LEYFÐ |
| SNAKES ON A PLANE | KL. 10:10 | B.I. 16 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| UNITED 93 | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 6 | B.I. 12 |
| LADY IN THE WATER | KL. 9 | B.I. 12 |

| | | |
|---|---|---|
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 2 | KL. 8-10:45 | B.I. 12 |
| MAURAHRELLIRINN ísl. tal | KL. 6 | LEYFÐ |
| KVIKMYNDAHÁTÍÐ | | |
| BJÓLFSKVIÐA | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| A COCK AND BULL STORY | KL. 6-10:15 | B.I. 16 |
| THE LIBERTINE | KL. 8-10:30 | B.I. 12 |
| WHERE THE TRUTH LIES | KL. 5:45-8 | B.I. 16 |
| LOOKING FOR COMEDY IN THE MUSLIM WORLD | KL. 5:50 | LEYFÐ |
| THE SISTERS | KL. 8 | B.I. 12 |
| JASMIN WOMEN | KL. 10:30 | B.I. 12 |

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919


# Áhrifarík endurkoma

**[ KVIKMYNDIR ]**

**UMFJÖLLUN**

Volver (Endurkoman) er með betri myndum spænska leikstjórans Pedro Almodóvar enda njóta öll helstu höfundareinkenni hans sín til fullnustu. Myndin er mikið fyrir augað og þar vegur útpæld og skemmtileg litanotkun þungt ásamt kúnstugum sviðssetningum. Þá spillir ekki fyrir að sagan sem Almodóvar segir er áhugaverð; harmræn og kómísk í senn. Almodóvar er sterkastur á svellinu þegar hann fjallar um konur og Volver er sannkölluð konumynd og þeir fáu karlar sem koma við sögu eru mannleysur eða skítalabbar sem þjóna þeim tilgangi einum að hrinda atburðarásinni af stað með því að kalla sorg og vandræði yfir konurnar.

Það borgar sig að hafa sem fæst orð um söguþráðinn sem hverfist um fjórar konur; systurnar Raimundu og Sole, látna móður þeirra og Paulu, unglingsdóttur Raimundu. Þegar eiginmaður Raimundu misnotar Paulu kynferðislega grípur hún til sinna ráða og setur um leið tilveru sína heldur betur úr skorðum. Draugur móður hennar gerir vart við sig um svipað leyti og Raimunda þarf því að gera upp fortíðina um leið og hún leysir úr flækjunni sem líf hennar er komið í en mamma gamla á þó eftir að reynast dætrum sínum og barnabarni haukur í horni.

Leikkonurnar fjórar í þessum burðarhlutverkum eru fantagóðar en Penélope Cruz ber af og hefur ekki verið betri síðan hún fluttist til Hollywood og gekk inn í hvert froðuhlutverkið á fætur öðru. Hér sýnir hún allt sem í sér býr og blómstrar í bitastæðu hlutverki Raimundu. **Þórarinn Þórarinsson**



**VOLVER Á ICELAND FILM FESTIVAL**

LEIKSTJÓRI: PEDRO ALMODÓVAR

AÐALHLUTVERK: PENÉLOPE CRUZ, CARMEN MAURA, LOLA DUEÑAS, BLANCA PORTILLO

**Niðurstaða:** Almodóvar snýr hér aftur í toppformi með mynd sem telst tvímælalaust til hans betri verka. Penélope Cruz sýnir stórleik í Volver sem er dæmigerð Almodóvar-mynd og því vitaskuld alveg dásamleg.



**EWAN PEARSON** Ewan þeytir skífum á Barnum á laugardagskvöld.

# Ewan þeytir skífum

Plötusnúðurinn Ewan Pearson þeytir skífum á „Dansa meira“ - kvöldi Party Zone og Barsins næstkomandi laugardagskvöld.

Pearson, sem er búsettur í Berlín, er þekktur endurhljóðblandaði og hefur meðal annars endurhljóðblandað lög fyrir Depeche Mode, Chemical Brothers, Moby og Franz Ferdinand. Nýlega gaf hann út sitt fyrsta lag undir eigin nafni á safnplötu þar sem Hafdís Huld syngur.

Stuðið á Barnum byrjar klukkan 22.00 og er ókeypis inn. ■










### > Birgir Leifur undir pari

Þeir Birgir Leifur Hafþórsson og Heiðar Davíð Bragason hófu leik í gær á Wäxholm-mótinu í Svíþjóð en mótið er liður í Áskorendamótaröð Evrópu. Birgir Leifur byrjaði illa á fyrri hlutanum en náði sér svo vel á strik á seinni níu holunum þar sem hann fékk fjóra fugla á fyrstu fimm holunum. Hann lauk keppni á einu höggi undir pari. Var hann í 45.-70. sæti en Heiðar Davíð var öllu neðar. Hann var í 139.-141. sæti af 143 keppendum á fimm höggum yfir pari. Fékk hann tvo fugla, fimm skolla og einn skramba.



**sport**

sport@frettabladid.is

**HREFNA HULD JÓHANNESDÓTTIR:** SPILAÐI MEÐ KR SEX OG HÁLFRI VIKU EFTIR BARNSBURÐ

# *Ekkert mál að byrja svona snemma*

Knattspyrnukonan knáa Hrefna Huld Jóhannesdóttir lék með KR á miðvikudagskvöldið þrátt fyrir að aðeins sé liðin sex og hálf vika frá því að hún eignaðist barn. Hrefna Huld eignaðist stúlku 16. júlí sl. ásamt eiginmanni sínum, Adolf Sveinssyni.

„Ég var bara fljót að jafna mig, fór að mæta á æfingar aftur og fann að ég var bara klár í þetta," sagði Hrefna Huld í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég byrjaði að æfa eftir verslunarmannahelgina, þá voru komnar þrjár vikur frá fæðingu."

„Það hefur bara verið gaman að fylgjast með úr stúkunni í sumar. Ekkert mál að fylgjast með þegar maður veit að maður getur ekki verið með, annað ef maður er meiddur eða eitthvað svoleiðis," sagði Hrefna Huld um það að þurfa að horfa á leikina úr stúkunni í stað þess að spila með liðinu. „Það hefði samt verið skemmtilegra ef það hefði gengið betur hjá liðinu. Stefnan er alltaf sett hærra hjá KR en þriðja sætið í deildinni," sagði Hrefna Huld um gengi KR-liðsins í sumar en KR er í þriðja sæti deildarinnar með 27 stig þegar einn leikur er eftir.

„Heilsan er bara mjög góð og ég hef ekki fundið fyrir neinu þrátt fyrir að byrja svona snemma. Engin meiðsli," sagði Hrefna Huld að lokum.



Eiginmaður hennar, Adolf Sveinsson, er einnig knattspyrnumaður en hann spilar með Reyni Sandgerði og er markahæsti leikmaður 2. deildarinnar, með 13 mörk. Ljóst er að ungu dömuna þeirra ætti ekki að skorta knattspyrnugenin, enda báðir foreldrarnir klókir í íþróttinni.



**KYLE LAFFERTY** Fagnar hér markinu sem hann skoraði gegn Finnum. NORDIC PHOTOS/AFP

Kyle Lafferty:

## Næsta stjarna Norður-Íra

**FÓTBOLTI** Norður-Írar binda miklar vonir við hinn nítján ára gamla sóknarmann Kyle Lafferty, sem verður í liðinu sem mætir Íslandi á morgun. Hann skoraði annað mark Norður-Íra í 2-1 sigurleiknum á Finnum um miðjan ágústmánuð og hann hefur þegar látið til sín taka í ensku 1. deildinni með Burnley. Markið gegn Finnum var hans fyrsta fyrir A-landslið Norður-Íra.

„Hann hefur staðið sig frábærlega undanfarið og ég er viss um að Lawrie Sanchez heldur tryggð við hann eftir að hann skoraði gegn Finnlandi," sagði Andy Payton í pistli í Lancashire Telegraph í gær. - esá

Stuart Elliott:

## Andrúmsloftið aldrei betra

**FÓTBOLTI Stuart Elliott, leikmaður Hull City og norður-írska landsliðsins, segir mikla eftirvæntingu ríkja hjá sínum mönnum fyrir leikinn gegn Íslandi á morgun en leikurinn er sá fyrsti hjá báðum liðum í undankeppni EM 2008. „Við sýndum miklar framfarir í síðustu undankeppni og ætlum að halda áfram á sömu braut," sagði Elliott. „Andrúmsloftið í hópnum núna er frábært. Það hefur aldrei verið svona gott í minni landsliðstíð og eru allir tilbúnir til að takast á við verkefnið."**

**Hann segir riðilinn vera erfiðan. „Spánn, Danmörk, Svíþjóð og Lettland eru með sterk lið og íslenska liðið er alls ekki lélegt en við förum í leikinn á morgun með jákvæðu hugarfari."** - esá

Kjartan Sturluson:

## Hjá Val til 2010

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn Kjartan Sturluson hefur framlengt samning sinn við Landsbankadeildarlið Vals til ársins 2010 en hann gekk til liðs við félagið fyrir tímabilið í fyrra. Kjartan lék lengst af með Fylki en tók sér frí frá knattspyrnu árið 2004 þegar hann bjó á Ítalíu. Hann hefur verið aðalmarkvörður Vals sín tvö tímabil hjá félaginu. - esá

# Besta landslið Norður-Íra í tólf ár

**Lawrie Sanchez, landsliðsþjálfari Norður-Írlands, er maður með háleit markmið. Hann hefur einlæga trú á því að sínir menn hafi það sem til þurfi til að koma liðinu á EM. Hann ætlar að byrja á sigri gegn Íslandi.**

**FÓTBOLTI** Síðan Norður-Írland tók þátt í heimsmeistarakeppninni í Mexíkó árið 1986 hefur landsliðið ekki staðið undir væntingum heimamanna. Ef frá er skilinn frækinn 1-0 sigur á Englendingum í fyrra hefur norður-írska landsliðið ekki náð þeim úrslitum sem sæmir þessari miklu knattspyrnuþjóð.

Eftir 2-1 sigur á Finnum á útivelli um miðjan ágústmánuð eru væntingar Norður-Íra hins vegar geysimiklar. Alan McDonald, gamla hetjan hjá QPR og fyrrum landsliðsfyrirliði Norður-Íra, segir að landsliðið sé það besta sem hafi komið fram í tólf ár. Hann er nú aðstoðarþjálfari U-21 liðsins.

„Við erum að klífa upp styrkleikalista FIFA sem er alltaf jákvætt og mér finnst að við höfum ekki átt betri hóp leikmanna í langan tíma," sagði McDonald við Belfast Telegraph. „Þetta er góð blanda ungra og efnilegra leikmanna á borð við Sammy Clingan og reynslubolta eins og David Healy og Aaron Hughes."

Healy er langmarkahæsti leikmaður Norður-Íra frá upphafi með 20 mörk og Aaron Hughes er einn fárra landsliðsmanna sem leika í ensku úrvalsdeildinni en hann er á mála hjá Aston Villa.

Hughes, sem er núverandi fyrirliði landsliðsins, er álíka bjartsýnn og forveri sinn. „Sigurinn á Finnum veitir okkur mikið sjálfstraust. Í síðustu undankeppni náðum við nokkrum mjög góðum úrslitum."

Fyrir nánast réttum fimm árum lék íslenska landsliðið gegn Norður-Írlandi í Belfast í undankeppni HM 2002 og mætti kokhraust til leiks eftir frækinn 3-1 sigur á Tékkum á Laugardalsvelli. Óhætt er að segja að okkar menn hafi ekki riðið feitum hesti frá þeirri viðureign og töpuðu 3-0 eftir átakanlega slaka frammistöðu.

Ef árangur liðanna frá þeirri viðureign er borinn saman kemur í ljós að staða liðanna er nokkuð svipuð. Bæði lið hafa lagt eina stórþjóð (Ísland - Ítalía 2-0 og Norður-Írland - England 1-0) og náð að stríða nokkrum stórveldum en frægt er markalaust jafntefli Íslands gegn Þýskalandi í undankeppni EM 2004 og þá náðu Norður-Írar sömu úrslitum á heimavelli gegn Spánverjum í sömu keppni, rétt eins og Íslendingum tókst um miðjan ágústmánuð síðastliðinn.



**TVEIR GÓÐIR** David Healy og Grant McCann fagna marki þess fyrrnefnda í leik Norður-Írlands og Finnlands í síðasta mánuði. NORDIC PHOTOS/AFP

En þar fyrir utan er árangurinn ekkert til að hrópa húrra fyrir. Norður-Írar telja sig þó betur í stakk búna nú fyrir komandi átök en oft áður á meðan Íslendingar fara varlega í sakirnar hvað væntingar snertir eftir hrikalega útreið í síðustu undankeppni.

Hughes sagði í viðtali sínu við BBC að hann gerði sér grein fyrir að stuðningsmenn landsliðsins ætluðust til þess að landsliðið ynni leiki eins og gegn Íslendingum á heimavelli. Hann vildi þó ekki taka undir það fullum hálsi.

„Til að ná góðum árangri í keppnum sem þessari verður við að standa okkur vel á heimavelli. Ég veit ekki hvort það á að vera sjálfsagður hlutur að vinna þennan leik en okkur finnst að við getum náð úrslitum sem við erum sáttir við. Við verðum að vera full-ir sjálfstrausts án þess að vanmeta andstæðinginn."

Yfirlýst markmið íslenska landsliðsins undanfarin ár og áratugi hefur verið að vinna sig upp um styrkleikaflokka en fall liðsins á styrkleikalista FIFA undanfarin ár hefur verið hröð og staða Íslands á þeim lista hefur aldrei verið verri. Sama hvað mönnum finnst um téðan lista segir þetta sína sögu og því er leikurinn nú í Belfast einn mikilvægasti leikur íslenska landsliðsins í mörg ár.

Ef íslenska landsliðið ætlar sér að klifra upp metorðastigann á alþjóðlegum vettvangi verður liðið að landa fullu húsi stiga gegn þjóðum sem eru í neðri styrkleikaflokkum en Ísland, þeirra á meðal liði Norður-Íra, ásamt því að stríða „betri" liðunum. Ef undankeppnin sem nú er að hefjast byrjar á slæmu tapi úti verður mun erfiðara að yfirstíga aðrar og stærri hindranir. Það væri betra að geta mætt Dönum á Laugardalsvelli í næstu viku án þess að þurfa að vinna upp þau stig sem töpuðust í Belfast.



ÍÞRÓTTALJÓS
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON
eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Samsæriskenningar á fleygiferð um félagaskipti Carlos Tevez og Javier Mascherano til West Ham:

# Hitað upp í West Ham fyrir Chelsea?

**FÓTBOLTI** Mál Carlos Tevez er hið furðulegasta. Argentínska stórstirnið fór í sumar í verkfall þar sem félagið hans, Corinthians í Brasilíu, vildi ekki selja hann til Evrópu en talið er að mörg stórlið á borð við Chelsea og Manchester United hafi verið á höttunum eftir honum. Það kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar Tevez tilkynnti á heimasíðu sinni í gær að hann og Javier Mascherano félagi hans hefðu skrifað undir samning við West Ham. Félagaskiptin voru svo staðfest síðar um daginn.

„Tvímenningarnir hafa verið keyptir á óuppgefna upphæð og skrifað undir samning sem bindur þá við félagið," sagði í tilkynningu en fyrst var búist við að þeir yrðu lánaðir til West Ham í eitt ár.

Á meðan fregnirnar voru ekki staðfestar fóru margvíslegar samsæriskenningar á flug. Þær snerust um að eigendur Corinthians, fyrirtæki að nafni Media Sports Investment (MSI), hefði ákveðið að gefa tvímenningunum tækifæri að sanna sig í ensku úrvalsdeildinni áður en þeir yrðu svo seldir til Chelsea. Roman Abramovich, eigandi Chelsea, hefur verið sagður eiga 15 prósenta hlut í MSI.

Í fyrra hóf MSI yfirtökuviðræður við núverandi eigendur West Ham en þeim var hætt eftir að aðilar náðu ekki saman um kaupverð.

Þegar Chelsea reyndi að nálgast Tevez í sumar var sagt að Corinthians hefði sett 68 milljóna punda verðmiða á leikmanninn og því hefði ekkert orðið af kaupunum. Abramovich mun því hafa kosið að frekar en að Manchester United eða annar erkifjandi Chelsea fengju leikmanninn í sínar raðir hefði hann barist fyrir því að fá tvímenningana í West Ham í eitt ár.

Tevez sjálfur hefur verið yfirlýstur stuðningsmaður United og klæðst treyju liðsins bæði á blaðamannafundum og æfingum í Brasilíu. Forráðamenn West Ham voru vitanlega í skýjunum vegna fréttanna. - esá

# NÝTT TÖLUBLAÐ

# REYKJAVIKMAG

BY REYKJAVIK.COM



## THE VESTURPORT STORY

The vibrant theatre group on wowing London, Kafka's Metamorphosis and the silver screen

interview page 16

ÞITT EINTAK ÓKEYPIS UM ALLA BORG

YOUR FREE COPY ISSUE NO. 7 AUGUST 31ST 2006

+ COMPLETE LISTINGS FOR THE CAPITAL

Martin Jol styrkir lið sitt fyrir komandi átök:

## Malbranque til Tottenham

**FÓTBOLTI** Tottenham keypti í gær franska miðjumanninn Steed Malbranque frá Fulham. Félagið borgaði Fulham tvær milljónir punda fyrir Malbranque og lánar Wayne Routledge til Fulham í eitt ár.

Malbranque hefur ekki verið í náðinni hjá Fulham eftir að hafa lent upp á kant við Chris Coleman, framkvæmdarstjóra Fulham, og hafði óskað eftir því að vera seldur frá félaginu. Routledge var í láni hjá Portsmouth á síðustu leiktíð en hann hefur ekki náð að festa sig í sessi hjá Tottenham eftir að liðið keypti hann frá Crystal Palace fyrir rúmu ári síðan.

Þá er það einnig ljóst að Frakkinn Pascal Chimbonda, sem lék með Wigan á síðustu leiktíð, hefur gengið til liðs við Tottenham. - dsd



10 grunnreglur™
Heilsu- og matreiðslunámskeið í Heilsuhúsinu Lágmúla

4. september kl. 19-22 Losum okkur við fitu- og sykurpúkann!

Ef þú er með auka belti um mjaðmirnar og mjúka fyllingu í mittinu þá eru þetta fitupúkar. Við hjálpum þér, með réttu mataræði sem er bæði hollt og bragðgott, að lostnað við þá. Vertu með í heilsubyltingunni og taktu fyrstu skrefin með okkur. Verð: 5.900 kr.

10 grunnreglur™ fyrir byrjendur - 2ja daga námskeið 5. og 6. september

Langar þig til að borða hollari og betri mat og fá um leið meiri orku, létta líkamann og lund, og verða heilbrigðari á allan hátt? Þú hefur kannski fylgst með Heil og sæl á Skjánum og hefur áhuga á að ná sama árangri og fólkið þar, en veist ekki hvernig á að hefjast handa. Þá er þetta námskeið einmitt fyrir þig. Á aðeins tveimur kvöldstundum færðu leiðarkort í réttri næringu og líkaminn verður þér ævinlega þakklátur. Verð: 12.000 kr. fyrir 2 kvöld.

heilsuhúsið

# Firnasterkt lið hjá Ítölum

**Íslenska landsliðið skipað leikmönnum 21 árs og yngri mætir í dag liði Ítala. Ítalir mæta með mjög sterkt lið og Gianfranco Zola er bjartsýnn fyrir leikinn.**

**FÓTBOLTI** Íslenska U-21 landsliðið í knattspyrnu leikur í dag sinn annan leik í undankeppni Evrópumótsins. Andstæðingarnir að þessu sinni eru Ítalir, sem mæta til leiks með firnasterkt lið. Með liðinu eru leikmenn sem spila með nokkrum af stærstu félagsliðum heims og má þar nefna Giuseppe Rossi, leikmann Manchester United, og Giorgio Chiellini hjá Juventus, en hann var orðaður við Chelsea fyrr í sumar.

„Þetta er bara tilhlökkun," sagði Lúkas Kostic, þjálfari íslenska liðsins. Hann sagðist búast við erfiðum leik en taldi íslenska liðið eiga ágæta möguleika gegn Ítölum. „Ég er búinn að skoða þá vel og ég hef séð ákveðinn veikleika hjá þeim sem við munum reyna að nýta okkur. Þeir hafa mjög góðan leikstjórnanda og við verðum að koma í veg fyrir að hann fái tíma og svo eru þeir mjög hættulegir í skyndisóknum," sagði Lúkas. Hann bætti því við að þetta lið spilaði hefðbundinn ítalskan bolta, leikmenn væru þolinmóðir og fljótir að refsa andstæðingunum ef þeir gerðu sig seka um mistök.

Ítalska liðið æfði á Laugardalsvelli í gær og þar hitti Fréttablaðið Gianfranco Zola, aðstoðarþjálfara ítalska liðsins, að máli. „Við sáum leik íslenska liðsins gegn Austurríki. Þetta verður erfiður leikur því við erum að mæta mjög skipulögðu liði en ég er bjartsýnn. Fótbolti er hefur mjög sérstaka þýðingu fyrir mig og ég er alltaf bjartsýnn fyrir leiki," sagði Zola. Þetta er fyrsti leikur Ítala í undankeppninni og fyrsti leikur liðsins undir stjórn Pierluigi Casiraghi og Gianfranco Zola í alvöru keppni, en eini leikurinn sem þeir hafa stýrt til þessa var æfingaleikur gegn Króatíu.


**PIERLUIGI CASIRAGHI OG GIANFRANCO ZOLA** Þjálfarar ítalska liðsins leggja hér á ráðin á æfingu liðsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Leikurinn er á Laugardalsvellinum, byrjar kl. 19.00 í kvöld og það er frítt á völlinn.

dagur@frettabladid.is



Súperform á fjórum vikum

Námskeiðið Súperform á fjórum vikum hjá Goran Kristófer, íþróttafræðingi, er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.

Ef þú vilt:
- Léttast
- Styrkjast
- Efla ónæmiskerfið
- Bæta meltinguna
- Hormóna jafnvægið
- Andlega vellíðan
- Auka minni og einbeitinguna
- Auka orkuna
- Komast í form
- Bæta heilbrigði

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu, hvernig þú átt að glíma við matar -og sykurþörfina, hvernig þú ferð a því að brenna meira og léttast.

Fimm tímar í viku – Brennsla, styrking og liðleiki
- Takmarkaður fjöldi
- Vikulegar mælingar
- Eigið prógramm í tækjasal
- Persónuleg næringarráðgjöf
- Ráðgjöf við matarinnkaup
- Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar
- Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Karlar kl. 7:30
- Konur kl. 6:30, 10:00, 16:30 og 18:30

Nýtt námskeið hefst 11. september nk.
Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is. Námskeið greiðist við skráningu – athugið síðast komust færri að en vildu.

NORDICASPA


**HÓLMAR ÖRN** Fagnar hér marki sem hann skoraði fyrir Keflavík gegn Fylki í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hólmar Örn Rúnarsson fer strax til Danmerkur:

## Svekkjandi að missa af síðustu leikjunum

**FÓTBOLTI** Keflvíkingurinn Hólmar Örn Rúnarsson er genginn til liðs við danska úrvalsdeildarliðið Silkeborg en eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa viðræður staðið yfir í vikunni og tókst félögunum að komast að samkomulagi síðari partinn í gær.

Fyrr í mánuðinum hafði það verið tilkynnt á heimasíðu Silkeborgar að Hólmar kæmi ekki fyrr en 1. janúar, þegar félagaskiptaglugginn opnaði á ný og Hólmar væri laus undan samningi sínum. En Silkeborg, sem hefur ekki gengið vel í upphafi danska tímabilsins, ákvað að Hólmar væri þess virði að fá hann strax til félagsins.

„Ég er ánægður með þetta," sagði Hólmar við Fréttablaðið í gær. „Það hefði auðvitað verið gaman að klára tímabilið með Keflavík, ná öðru eða þriðja sætinu í deildinni og vinna bikarinn. En nú fer maður bara í önnur verkefni."

Hann segist kveðja Keflavík með söknuði enda hafi það verið hans félag alla tíð. Faðir hans, Rúnar Arnarsson, er formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur og hefur því samið við Silkeborg fyrir hönd félagsins. Hólmar segir að þrátt fyrir alla óvissuna sem hefur ríkt lengi hafi hann ávallt verið rólegur og sambandið við karl föður hans hafi ekkert breyst. „Við pabbi erum góðir vinir og þetta var allt mjög fagmannlega unnið," sagði hann í léttum dúr.

Fyrir hjá Silkeborg eru Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson og Bjarni Ólafur Eiríksson. Hólmar hlakkar til að hitta þá og liðið allt en hann fer utan í byrjun næstu viku. Aðspurður segist hann ekki viss um hvort hann fari beint í byrjunarliðið.

„En þeim liggur greinilega mikið á að fá mig þannig að maður fær kannski sæti í leikmannahópnum," sagði Hólmar. - esá



**ANDY COLE** Þessi mikli markaskorari er kominn til Portsmouth. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Portsmouth styrkist:

# Kranjcar og Cole til liðsins

**FÓTBOLTI Harry Redknapp var duglegur á leikmannamarkaðnum í gær og festi kaup á tveimur leikmönnum. Andy Cole er kominn í raðir Portsmouth frá Manchester City og skrifaði undir tveggja ára samning. Portsmouth borgaði Manchester City 500 þúsund pund en sú upphæð gæti farið upp í eina milljón.**

**Þá gekk Portsmouth einnig frá kaupum á króatíska miðjumanninum Niko Kranjcar frá Hajduk Split fyrir 3,5 milljónir punda.** - dsd

Didier Drogba:

# Gallas þarf að hreinsa loftið

**FÓTBOLTI** Didier Drogba hefur skorað á William Gallas, samherja sinn hjá Chelsea, að koma hreint fram í sínu máli gagnvart félaginu. Gallas hefur látið hafa það eftir sér að hann vilji komast frá Chelsea en hefur aldrei gefið upp ástæðu þess.

„Eins og stjórinn sagði nýlega er Gallas eini maðurinn sem getur sagt hver ástæðan er," sagði Drogba. „Við verðum að standa saman ef við eigum að ná árangri. Við verðum að vera einbeittir í þeirri baráttu sem framundan er og allt svona rugl gerir hana bara erfiðari," bætti Drogba við. - dsd

Egypskur landsliðsmaður:

# Lést á æfingu

**FÓTBOLTI Mohamed Abdelwahab, egypskur landsliðsmaður og leikmaður Al-Ahly, lést á æfingu með liði sínu í gær. Hann hneig niður þegar um 35 mínútur voru liðnar af æfingunni. „Hann lenti ekki í samstuði við annan leikmann, hann bara féll í jörðina," sagði talsmaður félagsins. „Þetta gæti hafa verið hjartaáfall en það er óvíst sem stendur."**

**Abdelwahab var fluttur í flýti á sjúkrahús en var látinn þegar þangað var komið.** - esá

Arsenal fær Baptista:

# Jose Reyes til Real Madrid

**FÓTBOLTI** Arsenal og Real Madrid skiptust í gær á leikmönnum. Jose Antonio Reyes, sem lengi hefur vælt um að fá að fara aftur til Spánar, mun leika með Real Madrid út leiktíðina og á móti fer Julio Baptista til Arsenal.

Arsene Wenger reyndi að kaupa Baptista fyrir ári síðan en hann kaus að fara til Real Madrid. Hann hefur hins vegar ekki náð að heilla Fabio Capello, nýráðinn stjóra hjá Real Madrid. - dsd

Garðar Jóhannsson:

# Óvissa um undanþágu

**FÓTBOLTI Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi hafði Garðar Jóhannsson ekkert heyrt um undanþágubeiðni Fredrikstad til FIFA en í síðustu viku skrifaði hann undir samning við félagið. Hann fékk hins vegar ekki félagaskiptin samþykkt hjá norska knattspyrnusambandinu þar sem hann lék með tveimur félögum í júlí og má ekki leika með því þriðja fyrr en á næsta ári.** - esá

Nóg var um að vera á leikmannamarkaðnum í knattspyrnuheiminum í gær:

# Liverpool seldi Jan Kromkamp

**FÓTBOLTI** Liverpool seldi í gær hollenska varnarmanninn Jan Kromkamp til PSV í Hollandi. Hann skrifaði undir fimm ára samning við hollenska liðið en kaupverðið er ekki uppgefið. Liverpool keypti Kromkamp í janúar en hann náði aldrei að festa sig í sessi hjá félaginu. PSV lét ekki þar við sitja heldur gekk Patrick Kluivert einnig til liðs við félagið, en hann lék áður með Valencia á Spáni.

Newcastle United fékk í gær Ítalann Giuseppe Rossi að láni frá Manchester United. Lánssamningurinn gildir fram í janúar en Rossi má ekki leika með Newcastle gegn Manchester United þegar liðin mætast á Old Trafford 1. október.



**JAN KROMKAMP** Er farinn til PSV ásamt Patrick Kluivert. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Þegar hann kemur aftur verður hann búinn að öðlast meiri reynslu og það mun koma okkur til góða. Þetta var erfið ákvörðun fyrir okkur, sérstaklega vegna þess að við erum ekki með það marga framherja. En þetta var það sem Giuseppe vildi, enda þarf hann að fá að spila reglulega," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United.

Blackburn bætti einum leikmanni við hóp sinn í gær þegar liðið gekk frá kaupum á sóknarmanninum Shabani Nonda frá Roma.

Wigan keypti Kevin Kilbane frá Everton og þá gekk Charlton frá kaupum á Omar Pouso frá Úrúguay. Fleiri viðskipti áttu sér stað hjá Charlton því liðið seldi Jason Euell til Middlesbrough fyrir hálfa milljón punda. - dsd

Danmörk og Svíþjóð:

# Íslendingalið úr leik í bikarnum

**FÓTBOLTI** Bæði Íslendingaliðin Norrköping og Silkeborg voru í eldlínunni í bikarkeppnunum í Svíþjóð og Danmörku. Norrköping, sem leikur í sænsku 1. deildinni, tapaði 4-2 í framlengdum leik gegn úrvalsdeildarliðinu Kalmar FF en fyrrnefnda liðið náði 2-0 forskoti í leiknum. Garðar Gunnlaugsson og Stefán Þórðarson leika með Norrköping.

Bæði Bjarni Ólafur Eiríksson og Hörður Sveinsson léku allan leikinn er Silkeborg tapaði fyrir Midtjylland, 3-0, í dönsku bikarkeppninni. Silkeborg hefur ekki átt góðu gengi að fagna á núverandi tímabili. - esá



### ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„One... we're going for one!“

Svar: Master Sergeant Ernest G. Bilko úr Sgt. Bilko frá 1996.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON SKEMMTIR SÉR Í HJÓLHÝSAHVERFINU

# *Lífspeki hvíta ruslsins*

Á hinni víðáttumiklu sléttu sem dagskrá Skjás eins er má stöku sinnum finna litla hóla sem brjóta flatneskjuna upp og gleðja augað. Kanadísku þættirnir Trailer Park Boys virðast ekki ásjálegir við fyrstu sýn en þegar að er gáð kemur í ljós að þeir eru sennilega það besta sem stöðin hefur upp á að bjóða. Þættirnar gerast í hjólahýsahverfi og segja frá hvunndagslífi manns að nafni Julian, sem glímir við ýmsar þrautir. Í fyrsta lagi er vinur hans Ricky nýsloppinn úr steininum og gistir í bílflaki í garðinum hjá Julian. Þar ræktar hann kannabisplöntur í þeim tilgangi að gera sig aftur gildandi í þeim bransa sem kom honum upphaflega á bak við lás og slá. Auk þess er Ricky staurblankur og grípur til örþrifaráða á borð við klámmyndaleik til að drýgja tekjurnar. Til að bæta gráu ofan á svart eru Julian og Ricky báðir í ónáð hjá leigusalanum, sem reynir sífellt að flæma þá burt. Sá nýtur aðstoðar feitlagins manns í kringum fertugt, sem stendur í þeirri trú að líkamlega sé hann mjög vel af guði gerður og er því alltaf ber að ofan.



Þættirnir eru byggðir upp eins og raunveruleikaþættir þar sem myndavélin er eins og fluga á vegg. Áferðin er öll hin ódýrasta að sjá og kauðsleg en útkoman meinfyndin. Persónurnar hver annarri brjóstumkennanlegri og lífspeki „hvíta ruslsins“ drýpur af hverju orði.

Af einskærri ættjarðarást fylgist ég auðvitað með Rock Star: Supernova og nú er enn ein brotalömin að koma í ljós á þessari meintu ofurgrúppu, það er að segja lögin þeirra. Þótt Tommy, Gilby og Jason komi allir úr þekktum böndum voru þeir bara aukaleikarar og af fyrstu lögum Supernova að dæma ekki sérlega sleipir í tónsmíðum.



▶ 20.10 *Gaman*

SCOOBY-DOO



▶ 23.20 *Ævintýri*

HIDALGO



▶ 20.00 *Gaman*

SUSHI TV



▶ 21.50 *Spenna*

LAW & ORDER: CRIMINAL INTENT



▶ 21.10 *skýringar*

48 HOURS

## SJÓNVARPIÐ

**7.20** HM í körfubolta **10.20** HM í körfubolta

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C. Andersen (24:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (19:26)** (Teen Titans II)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.10 Skoppi og vinir hans** (Scooby-Doo) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2002 um unga spæjara sem rannsaka dularfulla atburði í sumarleyfisparadís. Meðal leikenda eru Freddie Prinze, Sarah Michelle Gellar og Rowan Atkinson.
**21.35 Komdu með mér** (I'll Take You There) Rómantísk gamanmynd frá 1999 um konu sem neyðir karlmann til að horfa fram á veginn og halda áfram að lifa lífinu eftir að konan hans lætur hann róa. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.05** Engin leið að hætta **1.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (90:145) **10.20** Alf **10.45** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** My Sweet Fat Valentina **13.50** My Sweet Fat Valentina **14.40** Örlagadagurinn **15.10** Extreme Makeover: Home Edition **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**20.05 The Simpsons (11:22)** (Simpsons-fjölskyldan) Sautjánda og nýjasta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu.
**20.30 Two and a Half Men (22:24)** (Tveir og hálfur maður)
**20.55 Derren Brown: Hugarbrellur (5:6)**
**21.20 Entourage** (Viðhengi).
**21.45 Elektra** Ævintýramynd þar sem Jennifer Garner snýr aftur í hlutverki ofurhetjunnar Elektru sem beitir ofurkröftum sínum – að sjá framtíðina – baráttunni við ill og myrk öfl. Bönnuð börnum.

▶ **23.20** Hidalgo (Bönnuð börnum) **1.30** Blade II (Stranglega bönnuð börnum) **3.25** Black Point (Stranglega bönnuð börnum) **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Bernie Mac (21:22) (e)**
▶ **20.00 Sushi TV (6:10) (e)**
**20.30 Sirkus RVK (e)**
**21.00 Pípóla (8:8) (e)**
**21.30 Twins (14:18) (e)** (Sneaks And Geeks)Það styttist í reunion hjá stelpunum og eru þær báðar spenntar að hitta fyrrumbekkjarfélaga sinn Danny sem þær voru báðar hrifnar af.
**22.00 Stacked (12:13) (e)**
**22.30 Invasion (22:22) (e)** (Last Wave Goodbye)Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinní rúst.

**23.15** X-Men (Bönnuð börnum)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.05** Game tíví (e) **15.35** Point Pleasant – lokaþáttur (e) **16.20** Beverly Hills 90210 **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Melrose Place**
**19.45 Everybody Hates Chris (e)**
**20.10 Trailer Park Boys**
**20.35 Tommy Lee Goes to College** Rokkstjarnan Tommy Lee úr hljómsveitinni Motley Crue má nú loksins vera að því að fara í skóla eftir að hafa lifað hátt í tvo áratugi.
**21.00 The Bachelor VII**
▶ **21.50 Law & Order: Criminal Intent** Barnfóstra játar á sig morð og morðtilraun, því hún segir að Guð hafi sagt henni að játa. Fórnarlömbin tengjast því þau áttu heima í sama húsi og sá orðrómur hafði gengið að þau hefðu verið í ástarsambandi.
**22.40 C.S.I: Miami (e)**

**23.35** C.S.I: New York (e) **0.30** Love Monkey – lokaþáttur (e) **1.15** Beverly Hills 90210 (e) **2.00** Melrose Place (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Peningarnir okkar**
**20.00 Fréttayfirlit**
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**20.30 Örlagadagurinn (12:14)** Sigríður Arnardóttir, Sirrý, ræðir við Íslendinga, bæði þekkta og óþekkta,um örlagadaginn í lífi þeirra; daginn sem gerbreytti öllu.
**21.00 Fréttir**
▶ **21.10 48 Hours**
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Peningarnir okkar**

**23.10** Kvöldfréttir **0.10** Fréttavaktin **3.10** Fréttavaktin **6.10** Peningarnir okkar

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Með allt á hreinu **8.00** James Dean **10.00** Not Without My Daughter (e) **12.00** Confessions of a Teenage Drama Queen **14.00** Með allt á hreinu **16.00** James Dean **18.00** Not Without My Daughter (e)

**20.00 Confessions of a Teenage Drama Queen** (Játningar gelgjudrottningar)
**22.00 Intermission** (Millikaflar) Sbb.

**0.00** The Fan (Sbb) **2.00** Returner (Sbb) **4.00** Intermission (Sbb)

## SKJÁR SPORT

**18.00** Upphitun
**18.30 Man City – Portsmouth (e)**
**20.30 Middlesbrough – Chelsea (e)**
**22.30 Upphitun (e)** Knattspyrnustjórar, leikmenn og aðstandendur úrvalsdeildarliðanna spá og spekúlera í leiki helgarinnar.
**23.00** Dagskrárlok

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** Sexiest Rock Stars **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Angelina Jolie **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Naked Wild On **22.30** Naked Wild On **23.00** Sexiest Movie Stars **0.00** THS Angelina Jolie **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **2.00** 101 Incredible Celebrity Slimdowns

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝTT!

Sprenghlægileg gamanþáttaröð sem var tilnefnd til Golden Globe og Emmy. Hún fékk Emmy verðlaunin fyrir besta leikara í aukahlutverki. Ungur leikari er á uppleið í Hollywood með stuðningi æskuvinanna. Freistingarnar eru margar... Byggð á ævi leikarans Mark Wahlberg.

VINIR Í HOLLYWOOD

Entourage í kvöld kl. 21:20



## VIÐ MÆLUM MEÐ

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00**
**Intermission**



Frábær mynd sem gerist í nágrenni Dublin á Írlandi. Illa tímasett sambandsslit aðalpersónanna hrinda af stað keðjuverkun sem hefur áhrif á alla í kringum þau. Meðal karaktera er óheppinn rómantíker, kynlífssveltur vinur hans, gúmmítöffarinn lögreglumaðurinn og glæpamaðurinn sem hann eltir, ung stúlka í frákastinu sem á í sambandi við eldri mann sem vill svo vel til að er giftur. Yfirgefin kona hans er þarna líka og ekkert þeirra gerir sér grein fyrir því hvernig ákvarðanir þeirra hafa áhrif á umhverfið. Bættu við ráni, brúnni sósu, yfirvaraskeggi af konu, flúgandi steinum og einhleypum eldri borgurum á makaveiðum og þá skilurðu um hvað Intermission fjallar.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | | | | 2 |
| | 5 | 2 | | | | 9 | | |
| | | | 9 | | | 1 | 6 | |
| | | 9 | | | 8 | | | 4 |
| 8 | | 5 | | | | 6 | | 1 |
| 7 | | | 4 | | | 8 | | |
| | 6 | 4 | | | 9 | | | |
| | | 1 | | | | 5 | 9 | |
| 3 | | | | | 2 | | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 |
| 4 | 5 | 9 | 6 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 1 |
| 1 | 4 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 7 |
| 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 4 | 3 | 9 | 5 |
| 5 | 3 | 1 | 9 | 8 | 7 | 4 | 6 | 2 |
| 9 | 2 | 4 | 3 | 6 | 5 | 1 | 7 | 8 |



▶ 22.45
*Aflraunir*

STERKASTI MAÐUR EVRÓPU 1983

**SÝN** *besta sætið*

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 US PGA í nærmynd** (Inside the PGA)
**19.05 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)
**20.10 Súpercross** (World Supercross GP 2005-06) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
**21.15 KF Nörd**
**22.00 World Series of Poker** Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt verður að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið næstu vikurnar.
▶ **22.45 Sterkasti maður Evrópu 1983** (European Strongest Man 1983) Þáttur um aflraunakeppnina Sterkasti maður Evrópu árið 1983.
**23.35** UEFA Super Cup 2006

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Í samband við umheiminn **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan: Inferno **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn

**19.00** Suðrænt **19.40** Samfélagið í nærmynd **20.40** Kvöldtónar **21.00** Bryggjuball **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Músík og mas **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Næturvaktin **2.03** Næturtónar

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður




**HRÓSIÐ FÆR ...**



*... nýútskrifaða menntaskólamærin Aníta Hirlekar fyrir að setja markið hátt og hafa fengið inngöngu í hinn fræga hönnunarskóla, Central Saint Martins.*

# Forverinn segir Magna helmingi betri

Björgvin Jóhann Hreiðarsson kokkanemi á Hótel Geysi var upphaflegi söngvarinn í hljómsveitinni Á móti sól. Þegar Björgvin hætti tók Magni Ásgeirsson við en hann hefur slegið í gegn með hljómsveitinni sem og í sjónvarpsþættinum Rockstar: Supernova. „Ég var með í Á móti sól frá byrjun. Mig minnir að sveitin hafi verið stofnuð í kringum 1996-7 en ég hætti í september árið 1999. Ég átti orðið tvö börn og taldi tíma mínum betur helgað í að sinna fjölskyldunni,“ segir Björgvin Jóhann.

„Vinir mínir hafa sagt að ég sé langtum betri söngvari en Magni. Ég held hins vegar að fólk sé að reyna að hlífa mér því hann er helmingi betri en ég var. Ég kemst ekki með tærnar þar sem hann hefur hælana.“



**BJÖRGVIN JÓHANN** „Það er dálítið hallærislegt að fara úr hljómsveit til að vera með fjölskyldunni og velja sér svo starf sem kokkur því þá er ég að vinna þegar aðrir eru í fríi.“

Söngvarinn fyrrverandi fylgist grannt með gömlu félögunum í Á móti sól. „Ég er mjög ánægður með það sem þeir hafa verið að gera og mér finnst sveitin stefna í góða átt,“ segir Björgvin og bætir við: „Ég hef aldrei verið hrifinn af því þegar íslenskar sveitir eru að covera gömul íslensk lög. Í þeirra tilviki gerðu þeir það hins vegar mjög vel og það er kannski ekki síst söngnum hans Magna að þakka.“

Björgvin hefur fylgst með arftaka sínum í Á móti sól í sjónvarpsþættinum Rockstar: Supernova. „Ég er að vísu í þannig vinnu að það er erfitt að vera yfir sjónvarpinu. En ég hef fylgst með allri umræðunni um hann og mér hefur þótt hann standa sig vel,“ segir Björgvin. „Ég skil ekki alveg hvað er að gerast þegar hann hefur lent í þremur neðstu sætunum. Þetta er eitthvað Kanasyndrom í gangi sem gerir það að verkum. Magni er náttúrlega Evrópubúi og þættirnir eru fyrst og fremst hugsaðir fyrir Kanann.“ -kh



**MAGNI** Vinir Björgvins segja hann betri söngvara en Magna en sjálfur er hann því ósammála.



**LÁRÉTT**
**2** fjarskiptatæki **6** klukka **8** mælieining **9** til sauma **11** í röð **12** helgimyndir **14** þíða **16** rás **17** þangað til **18** niður **20** ryk **21** ögn.

**LÓÐRÉTT**
**1** mánuður **3** í röð **4** dýr **5** angan **7** röndóttur **10** hrós **13** spil **15** sjúkdómur **16** espa **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** sími, **6** úr, **8** júl, **9** nál, **11** lm, **12** íkona, **14** afísa, **16** æð, **17** uns, **18** suð, **20** im, **21** arða. **LÓÐRÉTT: 1** júní, **3** íj, **4** múlasni, 5 ilm, **7** rákaður, **10** lof, **13** níu, **15** asmi, **16** æsa, **19** ðð.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

NÝ RAUNVERULEIKAÞÁTTARÖÐ: ÁRNI JOHNSEN MEÐAL ÞÁTTTAKENDA

# Frægir í form á mettíma

Í vetur hefst ný íslensk raunveruleikaþáttaröð á Skjá einum sem fengin er að láni frá Ástralíu en sú bar nafnið Celebrity Overhall og sló í gegn hjá andfætlingum. Þættirnir sýna fræga og fína fólkið koma sér í form á mettíma og var sjálfur Fabio leynigestur í þáttunum.

Í íslensku þáttaröðinni urðu engir aukvissar fyrir valinu því Idolstjarnan Ragnheiður Sara, leikarinn Ari Matthíasson og athafnamaðurinn Árni Johnsen eru meðal þeirra sex sem taka þátt og jafnvel mun Gaui litli bætast í hópinn, en þegar Fréttablaðið hafði tali af honum reyndist hann hafa meiðst lítillega og Gaui ekki alveg viss um hvort hann kæmist.

Hinir sex útvöldu eyða sex vikum í stífri þjálfun hjá Bootcamp sem heldur betur hefur slegið í gegn hjá Íslendingum, en þar er ekkert gefið eftir í að keyra þátttakendur áfram í átt að markmiði sínu. Þykir þjálfunin minna eilítið á það sem hermenn eru látnir ganga í gegnum en þjálfararnir hvetja fólkið áfram með öllum tiltækum ráðum. Ekki er um eiginlega megrun að ræða heldur er takmarkið að koma þátttakendum í sem best form. Auk hinna sex sem þegar hafa gefið samþykki fyrir að taka þátt í þættinum verður sélegur leynigestur sem þátttakendurnir vita ekki af og hvílir mikil leynd yfir því hver það er.



**ÁRNI JOHNSEN** Þingmaðurinn fyrrverandi ætlar að koma sér í enn betra form í raunveruleikaþætti sem Skjár einn sýnir í vetur.

Árni Johnsen var nýkominn á fastalandið þegar Fréttablaðið náði tali af honum en athafnamaðurinn sagðist ekki hafa tekið sér langan umhugsunarfrest þegar komið var að máli við hann. „Mér finnst þetta bara jákvætt því við þurfum öll að hugsa um líkamann og hvað við látum ofan í okkur,“ sagði Árni léttur. „Ég er svo sem í ágætis formi en það má alltaf bæta það,“ bætti hann við og sagðist ekki kvíða fyrir neinu enda væri hann þannig gerður. „Þetta verður bara skemmtilegt,“ sagði Árni. Tökur á þættinum hefjast um helgina og standa yfir í sex vikur en Basecamp framleiðir þættina fyrir Skjá einn.

freyrgigja@frettabladid.is



**ARI MATTHÍASSON** Sló í gegn í Flugleiða - auglýsingunni og ætlar sér að komast í betra form með hjálp Bootcamp.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Lífið leikur við **Bubba Morthens** en síðast þegar af honum fréttist var hann í fimmtugsafmæli tengdaföður síns, Hafsteins Jónssonar ásamt heitmey sinni, Hrafnhildi. Var veislan hin veglegasta en þó ekki eins tilkomumikil og fimmtugsafmæli kóngsins fyrr í sumar en þá var öll Laugardalshöllin lögð undir afmælið.



Athafnamennirnir **Þorsteinn Jónsson,** kenndur við Coke, og **Magnús Ármann** eru líklega loðnari um lófana en gengur og gerist. Segir sagan að þeir félagar hafi nýverið tekið á móti tveimur glænýjum Porche 911 bifreiðum sem flogið var með einkaþotu beint frá þýsku verksmiðjunum á Reykjavíkurflugvöll. Haft er eftir sjálfum Benna í Bílabúð Benna að þessi týpa sé sportbíll aldarinnar en fá má bílana á breiðu verðbili eftir búnaði og tegund, allt frá um tíu milljónum upp í Guð má vita hvað.



**Jón Egill Bergþórsson** heitir einn eftirsóttasti sjónvarpsframleiðandi landsins. Hann stjórnaði gerð Meistarans fyrir Stöð 2 og Loga Bergmann. Þótti fréttnæmt því áður hafði Jón Egill verið einn innsti koppur í búri hjá RÚV og framleiddi ýmsa þætti þar svo sem „Af fingrum fram“. Nú, þegar gamall draumur Jóns Ólafssonar um að stjórna spjallþætti í Ríkissjónvarpinu á laugardagskvöldi rætist, og feta þannig í fótspor sjálfs Hemma Gunn, söðlar Jón Egill enn um og gengur til liðs við spéfuglinn og tónlistarmanninn, nafna sinn Ólafsson.

- fgg



BANTHAI Laugavegi 130
Það vantar:
Starfsfólk í sal. - Kvöldvinna
Kokk - Dag- og kvöldvinna
Góð Laun í boði
Banthai
Uppl. 896 3536

# Barist um Börn og Fullorðna

Fimm stór evrópsk sölufyrirtæki berjast þessa dagana um dreifingarréttinn á kvikmyndunum Börn og Fullorðnir eftir Ragnar Bragason, þar sem leikarar úr Vesturporti eru í aðalhlutverkum.

Börn verður frumsýnd hér á landi þann níunda september en hún verður heimsfrumsýnd á San Sebastian-kvikmyndahátíðinni á Spáni í lok mánaðarins. Eftir það verður myndin sýnd á stærstu kvikmyndahátíð Asíu, Pusan, um miðjan október.

„Þeir sem sjá um þessa alþjóðlegu dreifingu virðast hafa mikla trú á að myndirnar eigi erindi á alþjóðamarkað. Það er dálítið merkilegt því hún var fyrst og fremst gerð fyrir Íslendinga á íslensku,“ segir Ragnar Bragason.

„Þessar myndir voru aldrei hugsaðar neitt meira en það. Það er gaman að sjá að þetta virðist vera að skila sér líka til útlendinga.“ Vonast Ragnar til að samningar náist áður en myndin verður sýnd í Asíu.



Börn var sýnd á markaðshátíðinni í Haugasundi á dögunum og fékk þar svo mikla athygli að síminn er búinn að vera rauðglóandi hjá Ragnari síðan.

Hann segir áhugann á myndunum samt ekki koma sér ýkja mikið á óvart. „Það er sú regla með alla hluti að ef þú gerir eitthvað gott kemur eitthvað gott á móti. Við erum með tvær frábærar myndir í höndunum og það kemur í sjálfu sér ekkert á óvart að þær eigi eftir að eiga gott líf,“ segir hann.

Að sögn Ragnars verður síðari myndin, Fullorðnir, líklega tilbúin í lok september en ekki hefur verið ákveðið hvenær hún verður frumsýnd.

**BÖRN** Nína Dögg fer með aðalhlutverkið í Börnum ásamt Gísla Erni Darrasyni og Ólafi Darra Ólafssyni.


Heimilið
Börn
Snyrtivörur
Dömur
Herrar
HR HELENA RUBINSTEIN
Dekraðu við augun þín
með vönduðum snyrtivörum
Sérfræðingar Helena Rubinstein sjá strax
hvaða snyrtivörur draga það fallegasta fram
Helena Rubinstein dagar í Debenhams 1.–7. september
Húðin umhverfis augun er viðkvæm fyrir áreiti og þar koma fyrstu öldrunarmerkin fram.
Eru pokar, baugar, línur eða þreytuleg húð að angra þig? Þessa dagana eru öll augnkremin
frá Helena Rubinstein fáanleg í tösku ásamt vörum í lúxusstærðum og þú greiðir bara fyrir augnkremið.
Prodigy augnkremið vinnur gegn fimm meginþáttum öldrunar.
Taskan inniheldur líka 50 ml af All Mascara augnfarðahreinsi og mini Wanted varalit.
Sérfræðingur frá Helena Rubinstein velur réttu vörurnar
fyrir þig, út frá þínum óskum og þörfum.
Líttu inn og fáðu fagmannlega aðstoð.
Glæsilegir kaupaukar
fylgja þegar keyptar eru
vörur fyrir 5.500 kr. eða meira
frá Helena Rubinstein.
HELENA RUBINSTEIN
PRODIGY EYES
HR HELENA RUBINSTEIN
MAGIC CONCEALER
DEBENHAMS
-FER ÞÉR VEL!
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 33938 08/2006

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000




## BAKÞANKAR


SIGURJÓNS KJARTANSSONAR


## „Wannabe"-kynslóðin

UPPÚR 1970 ríkti hér kynslóð listamanna sem ég hef kosið að kalla Kópíeringarkynslóðina. Þá þótti ungu fólki ekkert athugavert við að heyra Lónlí blú bojs syngja Beach Boys lögin á íslensku. Enginn kippti sér upp við að Halli og Laddi íslenskuðu Spike Jones. Það vissi enginn hver Spike Jones var, hvað þá Beach Boys. Þá var heimurinn svo stór að enginn kippti sér upp við að tónlistamenn „kópíeruðu" erlenda tónlist og íslenskuðu textana. Fyrir hlustendum var þetta íslensk tónlist, enda sungin á íslensku.

**Í KJÖLFARIÐ** reis Frumlega kynslóðin. Hún gerði uppreisn gegn Kópíeringarkynslóðinni. Fram komu tónlistarmenn eins og Bubbi og Björk, sem sömdu allt sjálf. Blessunarlega gætir enn áhrifa þessarar frumlegu kynslóðar, en hún á í stríði við nýjan óvin.

**NÚ** ræður nefnilega „Wannabe"-kynslóðin ríkjum í öllum heiminum. Hún er sýnu verri en litla Kópíeringakynslóðin hér á litla Íslandi fyrir 30 árum. „Wannabe"-kynslóðin vill þykjast vera eitthvað annað en hún er. Með sjónvarpsþáttum eins og Idol, MTV Becoming og Rock Star: Supernova sýnir „Wannabe"-kynslóðin mátt sinn.

**Í SUPERNOVA** syngur hinn íslenski Magni erlend rokklög, eins og honum er lagið, en samt alltaf með þeim formerkjum að hann sé einhver annar. Hann er ekki bara Magni í Á móti Sól. Hann er Magni sem þykist þjást. Hann er Magni sem þykist vera alveg brjálaður og hann er Magni sem málar sig í kringum augun. Ef hann syngur lag með Nirvana er rétt að hann slagi um sviðið eins og heróínsjúklingurinn sem söng það fyrst, því þannig telst Magni ljá laginu karakter.

**Í SUPERNOVA** syngur Magni þykjustulög fyrir þykjustuaðdáendur sem í þykjustunni elska að hlusta á hann syngja. Dómnefndin er skipuð þykjusturokkstjörnum, trommaranum í Mötley Crüe, sem er frægastur fyrir að hafa verið kærasti Pamelu Anderson, gítarleikara sem er frægur fyrir að vera fyrrverandi kærasti Carmen Electra og fyrrverandi bassaleikara Metallica. Þessir menn þykjast elska Magna.

**ÞEGAR** Magni verður svo kosinn út þá kemur hann til Íslands og spilar á böllum með Á móti sól, þar sem spilaðir verða valdir hápunktar úr efnisskránni í Rock Star: Supernova, öllum til mikillar ánægju.





